Drífa Kristín Þrastardóttir
Helga Maureen Gylfadóttir
Guðný Gerður Gunnarsdóttir

# Húsakönnun

## Grímsstaðaholtið og nágrenni



**Reykjavík 2008**

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 140

# Húsakönnun

## Arnargata – Dunhagi – Fálkagata – Grímshagi – Hjarðarhagi – Tómasarhagi – Smyrilsvegur – Suðurgata – Þrastargata

## Staðgreinireitir 1.553.0, 1.553.1, 1.553.2 og hluti af reit 1.554.2

Drífa Kristín Þrastardóttir, sagnfræðingur
Helga Maureen Gylfadóttir, sagnfræðingur
Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður



**Reykjavík 2008**

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 140

Unnið að beiðni Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur vegna deiliskipulagsvinnu.

Ljósmyndir: Drífa Kristín Þrastardóttir og Helga Maureen Gylfadóttir, Minjasafni Reykjavíkur.

Húsverndarkort: Þórarinn Jón Jóhannsson, Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkur.

Skýrslur Minjasafns Reykjavíkur – Árbæjarsafns.
Ábyrgðarmaður: Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður.

© Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, Drífa Kristín Þrastardóttir sagnfræðingur og Helga Maureen Gylfadóttir, sagnfræðingur.

Mynd á forsíðu: Bæjaröðin ofan við *Grímsstaði*, f.v. *Bjarnastaðir*, *Bjarg*, *Jónshús* og *Björnshús*. Neðan við *Björnshús* sést í *Grímsstaði* en fremst eru sýndir skúrar við Grímsstaðavör. Teikning eftir Petrínu Jakobsdóttur. Hér tekið eftir: Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 172.

Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn
Skýrsla nr. 140
Reykjavík 2008
Öll réttindi áskilin

# Efnisyfirlit


## 1. Húsakönnun

Formáli........................................................................................ 4

Byggingarsaga.................................................................................. 5

Varðveislumat.................................................................................. 35

Kort Húsverndarskrár Reykjavíkur.................................................... 38

## 2. Fornleifar

Fornleifar á skipulagssvæðinu……………………………………….. 39

## 3. Húsaskrá

Arnargata 4........................................................................................ 43
Arnargata 8........................................................................................ 44
Arnargata 10...................................................................................... 45
Arnargata 12...................................................................................... 46
Arnargata 14...................................................................................... 47

Dunhagi 19…………………………………………………………... 48
Dunhagi 21......................................................................................... 49
Dunhagi 23......................................................................................... 50

Fálkagata 1......................................................................................... 51
Fálkagata 2......................................................................................... 52
Fálkagata 3......................................................................................... 53
Fálkagata 4......................................................................................... 54
Fálkagata 5......................................................................................... 55
Fálkagata 6......................................................................................... 56
Fálkagata 7………………………………………………………….. 57
Fálkagata 8………………………………………………………….. 58
Fálkagata 9………………………………..…………………. 59
Fálkagata 10…………………………………………………………. 60
Fálkagata 10a……………………………..……………………. 61
Fálkagata 11…………………………………………………………. 62
Fálkagata 12…………………………………………………………. 63
Fálkagata 13–13a……………………………………………………. 64
Fálkagata 14–16…………………………………………………… 65
Fálkagata 15…………………………………………………………. 66
Fálkagata 17…………………………………………………………. 67
Fálkagata 18…………………………………………………………. 68
Fálkagata 18a………………………………………………………... 69
Fálkagata 19…………………………………………………………. 70

Fálkagata 20………………………………………………………. 71
Fálkagata 20a…………………………………..……………… 72
Fálkagata 20b……………………………………….……….. 73
Fálkagata 21………………………………………………………. 74
Fálkagata 22…………………………………………………….… 75
Fálkagata 23……………………………………………….……… 76
Fálkagata 23a……………………………………………………... 77
Fálkagata 24………………………………………………………. 78
Fálkagata 24a……………………………………………………... 79
Fálkagata 25………………………………………………………. 80
Fálkagata 26………………………………………………………. 81
Fálkagata 27–27a…………………………………………………. 82
Fálkagata 28………………………………………………………. 83
Fálkagata 28b…………………………………………….……….. 84
Fálkagata 29………………………………………………………. 85
Fálkagata 30………………………………………………………. 86
Fálkagata 30b…………………………………………….……….. 87
Fálkagata 32………………………………………………………. 88
Fálkagata 34………………………………………………………. 89

Grímshagi 2…………………………………………………….…. 90

Hjarðarhagi 11……………………………………………….……. 91
Hjarðarhagi 13…………………………………………….………. 92
Hjarðarhagi 15………………………………………………..…… 93
Hjarðarhagi 17……………………………………………..……… 94
Hjarðarhagi 19………………………………………………..…… 95
Hjarðarhagi 21……………………………………………..……… 96
Hjarðarhagi 23……………………………………………..……… 97

Smyrilsvegur 28……………………………………….……….. 98
Smyrilsvegur 29…………………………………………………... 99
Smyrilsvegur 31………………………………………….……….. 100

Suðurgata 100…………………………………………..………. 101

Tómasarhagi 7…………………………………………………..…. 102
Tómasarhagi 12…………………………………………………… 103
Tómasarhagi 14…………………………………………………… 104
Tómasarhagi 16…………………………………………………… 105
Tómasarhagi 16b……………………………………………….…. 106
Tómasarhagi 18…………………………………………………… 107
Tómasarhagi 20…………………………………………………… 108
Tómasarhagi 22…………………………………………………… 109
Tómasarhagi 24…………………………………………………… 110
Tómasarhagi 26…………………………………………………… 111
Tómasarhagi 28…………………………………………………… 112

Þrastargata 3………………………………………………………. 113
Þrastargata 3b……………………………………………………... 114

Þrastargata 4……………………………………………………………. 115
Þrastargata 5……………………………………………………………. 116
Þrastargata 7……………………………………………………………. 117
Þrastargata 7b………………………………………………….……….. 118
Þrastargata 8……………………………………………………………. 119
Þrastargata 9……………………………………………………………. 120
Þrastargata 10…………………………………………………………... 121
Þrastargata 11…………………………………………………………... 122

**4. Húsaskrá – Horfin hús**

Arnargata 15……………………………………………………………. 124
Arnargata, Klapparholt………………………………….……………… 125

Fálkagata 1…………………………………………………….……….. 126
Fálkagata 6…………………………………………………….……….. 127
Fálkagata 7…………………………………………………….……….. 128
Fálkagata 11……………………………………………………………. 129
Fálkagata 13b, trésmíðastofa…….……………………………………. 130
Fálkagata 13b ………………………………………………………….. 131
Fálkagata 14……………………………………………………………. 132
Fálkagata 15…………………………………………………….……… 133
Fálkagata 16……………………………………………………………. 134
Fálkagata 17……………………………………………………………. 135
Fálkagata 18……………………………………………………………. 136
Fálkagata 19……………………………………………………………. 137
Fálkagata 21……………………………………………………………. 138
Fálkagata 23a…………………………………………………………... 139
Fálkagata 27………………………………………………….………… 140
Fálkagata 27a…………………………………………….…………….. 141
Fálkagata 30b…………………………………………………………... 142
Fálkagata 32a…………………………………………………………... 143
Fálkagata 36…………………………………………….……………… 144

Grímsbýr 1–2………………………………………………………… 145
Grímsbýr 3–4………………………………………………………… 146
Grímsbýr 5–6………………………………………………………… 147

Smyrilsvegur 26………………………………………………………... 148

Þrastargata 1……………………………………………………………. 149
Þrastargata 3……………………………………………………………. 150
Þrastargata, biðskýli……………………………………………………. 151

Heimildaskrá…………………………………………………………… 152

Myndaskrá........................................................................................ 154

# Formáli

Hér fer á eftir könnun byggðar á staðgreinireitum **1.553.0**, **1.553.1**, **1.553.2** og hluta af reit **1.554.2** í Reykjavík, en svæðið afmarkast af Tómasarhaga, Dunhaga, Hjarðarhaga, Suðurgötu og lóðum við Fálkagötu 1–13, Grímshaga 2 og Tómasarhaga 7. Húsakönnunin er unnin að beiðni Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur í samræmi við skipulagslög vegna gerðar deiliskipulags á svæðinu. Lóðinni Grímshaga 2 hefur verið bætt við húsakönnunina þó hún sé ekki innan þess svæðis sem deiliskipulag tekur til. Reitur inn er utan þess svæðis sem varðveisluskrá Reykjavíkur nær til, en það er svæðið innan Hringbrautar/Snorrabrautar. Elsta húsið, Tómasarhagi 16b, sem hér er fjallað um er steinbær frá árinu 1896. Húsin á reitnum voru einkum byggð á tveimur tímabilum, annars vegar á árunum 1920–1929 og hins vegar á tímabilinu 1950–1969, en yngsta húsið var byggt árið 1998. Skoðað er hvaða hús hafa verið byggð á svæðinu í gegnum árin og þau metin sem enn standa. Sú rannsókn er nauðsynleg til að átta sig á samhengi byggðarinnar og þróun svæðisins.

Við mat á varðveislugildi húsa er stuðst við svokallaða SAVE-aðferð (Survey of Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana,* útgefnu af Húsafriðunarnefnd ríkisins 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti: *Listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð.* ***Varðveislugildi húsa*** byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016*, *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*. Þar sem húsverndarskráin er ekki að öllu leyti byggð á rannsóknum heldur á fyrirliggjandi gögnum og úttekt byggðarinnar á staðnum, getur verið nauðsynlegt að gera breytingar eftir nákvæmari húsakönnun.

Með húsakönnuninni fylgir fornleifaúttekt unnin af Önnu Lísu Guðmundsdóttur deildarstjóra fornleifadeildar Minjasafns Reykjavíkur. Þar sem svæðið er þéttbyggt og því lítið um sýnilegar minjar, fjallar úttektin aðallega um minjar og býli sem áður var að finna á svæðinu. Faglega ráðgjöf við gerð varðveislumatsins veittu Hjörleifur Stefánsson arkitekt og Pétur H. Ármannsson arkitekt.

Apríl 2007,

Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður
Minjasafni Reykjavíkur – Árbæjarsafni.

# Byggingarsaga

Hér fer á eftir byggingarsöguleg úttekt á staðgreinireitum **1.553.0**, **1.553.1**, **1.553.2** og hluta af reit **1.554.2** í Reykjavík, sem hlotið hefur verkheitið „Fálkagötureitir“.

## Staðsetning

Svæðið sem er til umfjöllunar afmarkast af Tómasarhaga, Dunhaga, Hjarðarhaga, Suðurgötu og lóðum við Fálkagötu 1–13, Grímshaga 2 og Tómasarhaga 7.




Kort af svæðinu úr *Borgarvefsjá*.[1]

## Húsagerð og aldur

Á svæðinu standa í dag 80 hús og eru fimmtán þeirra timburhús, 60 steinsteypt, fjögur hlaðin úr holsteini og einn steinbær. Samkvæmt brunavirðingum eru 43 húsanna einlyft að upphaflegri gerð, 20 teljast tvílyft, sextán þrílyft og eitt fjórlyft.

Húsin voru einkum byggð á tveimur tímabilum, annars vegar á árunum 1919–1929 (31 hús) og hins vegar á tímabilinu 1950–1969 (25 hús). Fyrsta byggingarskeið svæðisins má segja að sé tímabilið 1842–1918, en frá þeim tíma standa nú einungis fjögur hús. Hið elsta þeirra, Tómasarhagi 16b, var reist árið 1896. Einungis standa á svæðinu fjögur hús frá fjórða og fimmta áratugnum. Eftir 1969 tók að hægjast á framkvæmdum á svæðinu og á áttunda áratugnum voru ekki byggð þar nema fjögur hús. Byggingarframkvæmdir jukust svo um nær helming á þeim níunda þegar sjö hús voru reist og á tíunda áratugnum bættust við fimm í viðbót. Yngsta húsið sem hér er til umfjöllunar var reist árið 1998 við Tómasarhaga 18.

[1] http://borgarvefsja.is/bvs.html (27.03.2008).

| | Steinhlaðið hús | Timburhús | Steinsteypt hús | Steinbær/Torfbær |
|---|---|---|---|---|
| **Tegundir húsa 2008** | 4 | 15 | 60 | 1 |
| | | | | |
| **Upphaflega einlyft** | 4 | 15 | 23 | 1 |
| **Upphaflega tvílyft** | | | 20 | |
| **Upphaflega þrílyft** | | | 16 | |
| **Upphaflega fjórlyft** | | | 1 | |
| | | | | |
| **Horfin hús** | 4 | 19 | 4 | 1 |
| | | | | |

Elsta húsið sem hér er til umfjöllunar er steinbærinn *Litlibær* við Tómasarhaga 16b. Steinbær er húsagerð sem varð algeng í úthverfum Reykjavíkur á síðustu áratugum 19. aldar, eftir að Íslendingar lærðu þá iðn að höggva til grjót. Það var einkum alþýðufólk og ekki síst tómthúsmenn sem byggðu sér steinbæi til íbúðar en áður bjuggu reykvískir tómthúsmenn í torfbæjum. Segja má að steinbæirnir hafi orðið arftakar torfbæjanna í Reykjavík og oft risu þeir á bæjarstæðum eldri tómthúsbýla. Steinbæirnir voru byggðir þannig að hliðarveggirnir voru hlaðnir úr tilhöggnu grjóti en gaflarnir voru úr timbri, ýmist að öllu leyti eða til hálfs þannig að neðri hlutinn var steinhleðsla. Gluggar voru yfirleitt aðeins á göflum og þakið var jafnan bárujárnsklætt. Að innan voru bæirnir þiljaðir. Segja má að lag torfbæjarins hafi þarna verið lagað að nýjum aðstæðum og er hér um sérreykvískt fyrirbæri að ræða.[2] Samkvæmt könnun Árbæjarsafns árið 1991 stóðu þá einungis 24 steinbæir af um 150 sem byggðir voru á tímabilinu 1880–1905 og er þeim enn að fækka.[3] Þar sem um er að ræða sérstakan reykvískan byggingarstíl er ljóst að steinbæir eins og *Litlibær* hafa mikið varðveislugildi.

Húsin sem byggð voru á tímabilinu 1919–1929 eru 30 talsins og standa flest við norðanverða Fálkagötu og sunnan við vesturenda hennar og við Þrastargötu. Þau tilheyra flest þeirri húsagerð sem algengust varð í Reykjavík á fyrsta áratug 20. aldar og kalla má einföld timbur- og steinsteypuhús. Einkenni þessara húsa eru að þau eru lítil og lágreist, látlaus og einföld að frágangi og fyrirkomulagi. Yfirleitt eru þau einlyft eða voru það upphaflega, ýmist með lágu risi eða nýtanlegri rishæð og standa á lágum steinkjallara. Gengið var inn í þessi hús um inngönguskúr á gafli eða bakhlið. Að utan voru þau jafnan klædd með bárujárni á veggjum og þaki. Sum þessara húsa voru portbyggð. Algengt var einnig að byggt væri við þessi hús.[4] Sveitser-áhrifa gætir í gluggagerð nokkurra þessara húsa. Sveitser er norskt byggingarlag sem barst til landsins í kringum aldamótin 1900 og Íslendingar löguðu að íslenskum aðstæðum.[5]

Steinhlöðnu húsin fjögur sem standa á reitnum tilheyra einnig þessu byggingarskeiði, fyrir utan húsið Fálkagötu 30b sem byggt var sem bílskúr árið 1956. Hin þrjú standa við Fálkagötu 20a, 28b og 34. Húsin nr. 20a og 28b voru bæði reist árið 1926 en húsið nr. 34 árið 1922 og öll sem íbúðarhús. Þau eru öll hlaðin úr holsteini. Holstein var farið að verksmiðjuframleiða hér á landi í byrjun 20. aldar. Pípuverksmiðja Reykjavíkur sem stofnuð var 1907 (síðar Pípuverksmiðjan h.f.) framleiddi meðal annars holsteina og á árunum

[2] Margrét Hallgrímsdóttir og Hrefna Róbertsdóttir: *Steinbæir og lítil steinhús í Reykjavík*, bls. 2 – Andrés Erlingsson: „Í steinsins form er sagan greypt", bls. 11–12, 32–38, 41–42 og 46–49 – Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð I*, bls. 307 – *Skrá yfir friðuðu hús og hús í vörslu safna*, bls. 97.
[3] Margrét Hallgrímsdóttir og Hrefna Róbertsdóttir: *Steinbæir og lítil steinhús í Reykjavík*, bls. 3.
[4] Hrefna Róbertsdóttir: *Gamli austurbærinn*, bls. 52–53 – *Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna,* bls. 112.
[5] Hrefna Róbertsdóttir: *Gamli austurbærinn*, bls. 43 og 52–53 – Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleið I,* bls. 112. – *Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna,* bls. 109-112.

1919–1924 rak Einar Erlendsson arkitekt steypusteinagerð í bakhúsi við heimili sitt að Skólastræti og steypti þar svonefnda Lean-steina úr malarlausri sementsblöndu.[6]

Húsin sem byggð voru á tímabilinu 1950–1969 eru 25 talsins og eru öll steinsteypt. Þau standa við flest við Dunhaga, Hjarðarhaga, Tómasarhaga og sunnanverða Fálkagötu. Þessi hús, sem byggð eru á sjötta og sjöunda áratug 20 aldar, eru dæmi um hefðbundna húsagerð þess tíma. Sjötti áratugurinn var tímabil sem einkenndist af ákveðinni togstreitu í íslenskri byggingarlist, þar sem á tókust hreinstefnuviðhorf hins nýja módernisma annars vegar og hins vegar verk þeirra sem aðhylltust hefðbundnari og rómantískari hugmyndir um húsagerð eða einskonar framhald af þeirri staðbundnu eða þjóðlegu mynd sem fúnksjónalisminn tók á sig hérlendis.[7]





Húsið Fálkagata 7 er dæmi um einfalt steinsteypuhús frá tímabilinu 1919–1929. Húsið Tómasarhagi 22 er dæmi um hefðbundna húsagerð frá sjöunda áratugnum.[8]

## Breytingar

Húsin á þessu svæði hafa gengist undir mismiklar breytingar frá því þau voru byggð. Algengustu breytingarnar á timburhúsunum eru að þau hafa verið hækkuð, stækkuð með viðbyggingum, ýmist úr timbri eða steinsteypu, eða að gerðir hafa verið kvistir á þau. Einnig hafa verið settar á þau svalir og ný klæðning í nokkrum tilfellum. Timburhúsin Grímshagi 2 og Smyrilsvegur 28 eru þó að mestu óbreytt frá byggingu fyrir utan að þau hafa verið klædd á nýjan leik.

Steinhlöðnu húsunum hefur verið mismikið breytt. Húsin við Fálkagötu 20a og 34 hafa bæði verið hækkuð og er hið síðastnefnda nær óþekkjanlegt frá upphaflegri gerð. Húsin við Fálkagötu 28b og 30b eru að mestu óbreytt frá byggingu fyrir utan að hið fyrrnefnda var lengt og nam stækkunin um 25 fermetrum.

Steinsteyptu húsin á reitunum eru 60 talsins eins og áður segir. Elstu steinsteyptu húsunum er einna mest breytt. Þau hafa ýmist verið hækkuð, byggt við þau eða gerðir kvistir á þau. Einnig hafa verið settar á þau svalir, gluggum breytt og sett á þau ný klæðning. Húsið að Fálkagötu 20 sem reist var árið 1922 er að mestu óbreytt frá byggingu sem og húsið að

[6] Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð I*, bls. 329.
[7] Pétur H. Ármannsson: „Borgarhluti verður til“, bls. 10 – *Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna*, bls. 126–128 – Dennis Jóhannesson og Málfríður Kristjánsdóttir: „Ágrip íslenskrar byggingarsögu“, bls. 14.
[8] Ljósmyndir teknar af Drífu Kristínu Þrastardóttur í mars 2008.

Fálkagötu 13–13a sem reist var árið 1928. Húsin sem reist voru á sjötta, sjöunda og áttunda áratug 20. aldar eru flest hver óbreytt frá byggingu.

## Höfundar

Ekki er vitað með vissu um höfunda timburhúsanna á reitunum nema í tveimur tilvikum. Einar Erlendsson arkitekt hefur teiknað húsið Fálkagötu 25 og Pjetur Ingimundarson byggingarmeistari er skrifaður fyrir Smyrilsvegi 28.

Þekktir eru höfundar allra steinhlöðnum húsanna á reitnum. Pjetur Ingimundarson byggingarmeistari teiknaði húsið Fálkagötu 20a, Björn Rögnvaldsson forsmiður Fálkagötu 28b, Halldór Halldórsson Fálkagötu 30b og Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari gerði teikningar að húsinu Fálkagötu 34.

Ekki er vitað um höfunda sjö steinsteypuhúsanna á reitnum. Öðru máli gegnir um hin 53. Flest þeirra eða sex talsins teiknaði Kjartan Sveinsson tæknifræðingur. Byggingarmeistararnir Pjetur Ingimundarson og Guðmundur H. Þorláksson teiknuðu fimm hús hvor og arkitektarnir Sigvaldi Thordarson og Guðmundur Gunnlaugsson teiknuðu fjögur hús hvor. Þórir Baldvinsson og Sigurður Geirsson teiknuðu í sameiningu þrjú hús. Eftirtaldir hönnuðir teiknuð hver um sig tvö hús: Ásmundur Ólason, Gísli Halldórsson og Jósef Reynis, Helgi og Vilhjálmur Hjálmarssynir, Sigmundur Halldórsson, Hörður Björnsson, Gunnlaugur Pálsson og Guðmundur Kr. Guðmundsson.

Eftirtaldir hönnuðir komu hver um sig að hönnun eins hús á þeim reitum sem þessi húsakönnun nær til: Hilmar Þór Björnsson, Guðmundur Eiríksson, Tómas Vigfússon, Rúnar Gunnarsson, Ingimundur Sveinsson, Björn Rögnvaldsson, Ágúst Pálsson, Geirharður Þorsteinsson, Guðmundur Gunnarsson, Þorvaldur S. Þovaldsson, Jörundur Pálsson, Sigurður Björgúlfsson, Hróbjartur Hróbjartsson og F.G, en ekki er vitað hver það er.

## Fyrsta byggingarskeið: 1842 – 1918

Húsin og göturnar sem hér er fjallað um tilheyra því svæði í Reykjavík sem kallað hefur verið Grímsstaðaholt. Það er svæðið sunnan við Melana og Hagana og vestan við Vatnsmýrina og Skerjafjörð. Holtið hét áður Móholt og er talið að það nafn hafi verið tilkomið vegna þess að þarna var þurrkaður mór sem tekinn var vestast í Vatnsmýrinni og í Kaplaskjólsmýri.[9] Engin byggð var þá á þessum slóðum en framhjá holtinu lá aðalleiðin frá Reykjavík suður til Skildinganess, þaðan sem ferjað var til Bessastaða, Hafnarfjarðar og suður með sjó. Farið var að kalla þessa götu Melaveg en síðar var nafni hennar breytt í Suðurgötu. Árið 1842 reisti maður að nafni Grímur Egilsson sér bæ á holtinu og nefndi *Grímsstaði*. Eftir það var farið að kenna holtið við bæinn en Móholtsnafnið féll í gleymsku. Síðasti Grímsstaðabærinn mun hafa staðið lítið eitt vestan við núverandi gatnamót Dunhaga og Ægisíðu, þar sem húsið Ægisíða 62 stendur nú.[10] *Grímsstaðir* voru svokallað tómthúsmannabýli eða grasbýli, þar sem íbúarnir lifðu að hluta til af búskap en sóttu einnig sjóinn.

---

[9] Árni Óla: „Mótaka og mómýrar“, *Morgunblaðið*, 24. október 1965, bls. 8-9 – Freyja Jónsdóttir: „Bjarg við Suðurgötu (Suðurgata 100).“ *Dagur–Tíminn*, 21. september 1996, bls. II – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, A–G, bls. 170.

[10] Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi M. Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir: *Borgarhluti 2. Fyrsta greinargerð frá Árbæjarsafni*, bls. 26 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, A–G, bls. 170.



Kort af svæðinu frá 1887. Innan rauða ferhyrningsins má sjá tómthúsmannabyggðina sem myndaðist á svæðinu sem hér um ræðir. Efst til hægri eru *Grímsstaðir* og norðaustan þeirra röð bæja sem myndaðist á holtinu á árunum 1867–1883. Í gegnum svæðið liggur gata frá bænum *Görðum*, sem kölluð var Garðavegur. Austar, hvor sínu megin við veg sem lá að Þormóðsstöðum í landi Skildinganess, eru bæirnir *Hólabrekka* og *Litlabrekka* sem byggðir voru í kringum 1886.[11]

Þegar leið á síðari hluta 19. aldar fjölgaði tómthúsmannabýlum smám saman á Grímsstaðaholtinu og um aldamótin 1900 voru þau nálægt einum tug, með um 90 íbúa.[12] Segja má að þessu fyrsta byggingarskeiði Grímsstaðaholtsins hafi lokið um það leyti sem heimsstyrjöldin fyrri hófst. Á korti af svæðinu frá 1919–1920 má sjá að byggðin dreifðist þá nokkuð samfellt í línu frá norðvestri til suðausturs yfir holtið. Nyrst var *Grímsstaðakot*, þá *Bjarg* (*Guðjónshús*), *Jónshús*, *Björnshús*, *Klapparholt*, *Nýibær*, *Eyvík* og *Litlibær* (*Halldórsbær*) og nokkru suðaustar *Kvöldroðinn*, *Hólabrekka* og *Litlabrekka*. Bærinn *Melshús* stóð ofar í holtinu en *Grímsstaðir* stóðu vestar og nær sjónum og *Garðar* þónokkru sunnar, sem og bærinn *Brúarendi*. Ekki var um skipulagða byggð að ræða heldur myndaðist þarna þyrping grasbýla eða lítilla býla sem hverju um sig tilheyrði nokkur túnskiki. Þau voru í hæfilegri fjarlægð frá sjávarkambinum við Skerjafjörð til að róa mætti til fiskjar þegar veður leyfði. Róið var á árabátum, ýmist frá Grímsstaðavör, Garðavör eða vörum nágrannanna í Skildinganesi. Búskap sinn byggðu íbúarnir gjarnan á einni kú, nokkrum kindum og hænsnum auk þess sem þeir ræktuðu kál og kartöflur. Vegna nálægðar við bæjarkjarnann í Kvosinni var hægt að sækja þangað vinnu og ýmsa þjónustu.[13]

---

[11] Hluti af korti Sveins Sveinssonar af Reykjavík 1887. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.

[12] Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi M. Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir: *Borgarhluti 2. Fyrsta greinargerð frá Árbæjarsafni*, bls. 26 − Helgi Máni Sigurðsson: „150 ára byggð í Grímsstaðaholti“. *Söguspegill. Afmælisrit Árbæjarsafns*, bls. 281.

[13] Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi M. Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir: *Borgarhluti 2. Fyrsta greinargerð frá Árbæjarsafni*, bls. 26 − Helgi Máni Sigurðsson: „150 ára byggð í Grímsstaðaholti“. *Söguspegill. Afmælisrit Árbæjarsafns*, bls. 281.




Kort af svæðinu frá 1919–1920.[14]



Kortinu frá 1919–1920 varpað yfir kort af svæðinu í dag.[15]

[14] Hluti af korti Egils Hallgrímssonar af Reykjavík 1919–1920. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.
[15] Kort úr LUKR, Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar – Hluti af korti Egils Hallgrímssonar af Reykjavík 1919–1920. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.

Tómthúsmannabýlin á Grímsstaðaholti byggðust sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| *Garðar* við Ægisíðu | 1860 | Nýtt hús 1882 | |
| *Grímsstaðakot* (*Bjarnastaðir*) | 1867 | Nýtt hús 1909 | Rifið fyrir 1969–1972 |
| *Litlibær* | 1878 | Nýtt hús 1898 | |
| *Jónshús* | 1880 | | Rifið 1966 |
| *Bjarg* (*Guðjónshús*) | 1882 | | Rifið á 7. áratugnum |
| *Björnshús* | 1882 | | Rifið um 1970 |
| *Klapparholt* | 1883 | | Rifið líklega snemma á 20. öld |
| *Nýibær* (*Skaftafell*) | 1883 | Nýtt hús 1912 | |
| *Hólabrekka* | <1886 | Nýtt hús 1906 | |
| *Litlabrekka* | 1886 | Nýtt hús 1918 | Rifið um 1980 |
| *Brúarendi* | 1893 | Nýtt hús 1921 | Rifið 1990 |
| *Kvöldroðinn* | 1896 | | Flutt 1966 |
| *Eyvík* | 1903 | | |
| *Hólabrekka* | 1906 | | |
| *Melshús* | 1913 | | Rifið líklega seint á 6. áratugnum |

*Garðar* eða *Garðarnir*, sem nú standa rétt neðan við gatnamót Lynghaga og Ægisíðu, hafa líklega verið fyrsta býlið sem reist var á þessum slóðum eftir að *Grímsstaðir* voru byggðir. Bæinn mun Kristján Gíslason hafa reist árið 1860.[16] Árið 1879 flutti þangað Þórður Guðmundsson frá *Grímsstöðum*. Hann var aflamaður mikill og efnaðist vel og árið 1882 byggði hann nýtt íbúðarhús á staðnum, reisulegt steinhlaðið hús, sem enn stendur á lóðinni.[17] Í *Görðum* reisti Sigurður Jónsson útgerðarmaður síðar fiskverkunarhús og hafði fiskreiti, en Garðar falla utan þeirra skipulagsreita sem hér eru til umfjöllunar svo að ekki verður greint hér nánar frá merkilegri sögu þeirra.

Næsta tómthúsmannabýli sem reist var á Grímsstaðaholti var líklega *Grímsstaðakot*, sem Þórður Guðmundsson frá Skildinganesi byggði á lóð sem honum var útmæld norður af *Grímsstöðum* árið 1867. Árið 1880 var Steindór Jónsson orðinn eigandi *Grímsstaðakots* og á næstu árum og framyfir aldamótin voru nokkuð ör eigendaskipti á bænum. Árið 1903 virðist bærinn hafa verið kominn í niðurníðslu því þá keypti D. Thomsen *Grímsstaðakot* „með hjalli, bæjarrústum, kálgarði og annarri meðf. lóð".[18] Leyfi fékkst fyrir nýju húsi á lóð *Grímsstaðakots* árið 1908 og þá byggði Bjarni Grímsson þar einlyft timburhús með kjallara og risi. Var það kallað *Bjarnastaðir*. Húsið sneri göflum í vestur-austur og stóð hér um bil þar sem nú eru lóðamörk Tómasarhaga 34 og 36. Árið 1928 var Guðjón Jónsson, grásleppubóndi og þáverandi eigandi *Bjarnastaða*, búinn að byggja nýtt steinsteypt hús með kjallara og skáþaki áfast við timburhúsið, líklega við norðurhlið þess, og árið 1932 byggði hann steinsteypt hús með kjallara, porti og risi upp við hina hlið hússins.[19]

Næsti bær sem vitað er til að reistur hafi verið á holtinu á eftir *Grímsstaðakoti* er torfbær sem Jónas Benediktsson byggði árið 1878 á lóð sem honum var útmæld „í holtinu landnorður af *Grímsstöðum*". Þessi bær fékk nafnið *Litlibær*. Árið 1893 var Einari

[16] Guðlaugur R. Guðmundsson: „Lýsing Skildinganesjarðar". *Landnám Ingólfs* 1, bls. 47.

[17] Borgarskjalasafn: Aðf. 723–724. Brunatrygging húsa 1874–1895 – brunavirðing dags. 08.11.1882 (brnr. 221) – Freyja Jónsdóttir: „Garðarnir við Ægisíðu". *Tíminn*, 27. október 1995, bls. 7.

[18] Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Grímsstaðaholt – Grímsstaðakot (B 847).

[19] Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Grímsstaðaholt – Grímsstaðakot (B 847) – Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðingar dags. 21.09.1928 og 21.05.1932 (brnr. 1214).



*Bjarnastaðir* á ljósmynd frá um 1940–1950.[20]

Gamalíelssyni útmæld viðbót við lóðina fyrir norðan bæinn og leyft að byggja þar hús með langhliðum úr tilhöggnu grágrýti. Hann hugðist þá rífa gamla torfbæinn. Árið 1896 seldi hann Halldóri Jónssyni *Litlabæ* með tilheyrandi lóð og kálgarði, ásamt erfðafestulandi (Garðaholtsbletti I) og lauk Halldór við byggingu steinbæjarins það ár.[21] Halldór bjó lengi í *Litlabæ* ásamt fjölskyldu sinni og var bærinn einnig kenndur við hann og kallaður *Halldórsbær*. Rétt neðan við bæinn byggði Halldór reykhús úr torfi og grjóti og þar reykti hann kjöt og verðmætan fisk fyrir Reykvíkinga, sem fyrir vikið kölluðu hann Halldór reykjara. Krakkarnir á Grímsstaðaholtinu kölluðu hann hins vegar alltaf Dóra í Bænum.[22] Árið 1909 reisti Halldór timburhús á lóðinni sem notað var sem fjós og heyhlaða. Árið 1920 byggði hann upp bæ sinn að hluta og reisti nýtt timburhús áfast við hann.[23] Halldór og kona hans Guðbjörg Magnúsdóttir voru í mörg ár með kúabú í *Litlabæ* og var mjólkin seld til Reykjavíkur og flutt á hestvagni. Búskapur mun hafa verið lagður niður í *Litlabæ* fyrir 1950. Halldór Jónsson lést árið 1952, en Guðmundur, fóstursonur þeirra Guðbjargar, bjó í húsinu í mörg ár eftir það.[24] Árið 1956 varð lóðin eign bæjarsjóðs og 1960 mun hafa verið fyrirhugað að bæjarsjóður keypti bæinn til niðurrifs vegna leikvallargerðar. Ekki varð hins vegar af því. Á síðustu áratugum hefur húsið verið stækkað mikið með viðbyggingum en hluti steinbæjarins stendur enn í upprunalegri mynd á lóðinni, sem nú er talin sem Tómasarhagi 16b, og er elsta hús á svæðinu.

[20] Ljósm. Matthildur Jónsdóttir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS S95-27-11.

[21] Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Grímsstaðaholt – Litlibær (B 837) – Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðing dags. 14.08.1896 (brnr. 420).

[22] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, A–G, bls. 171.

[23] Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðingar dags. 10.07.1909 og 27.11.1920 (brnr. 420).

[24] Freyja Jónsdóttir: „Tómasarhagi 16B (Litlibær)“. *Tíminn*, 23. febrúar 1996, bls. 6.



*Litlibær* og umhverfi hans í maí 1957. [25]

Tveimur árum eftir að torfbærinn *Litlibær* var reistur, eða árið 1880, fengu Guðjón Einarsson og Jón Erlendsson tómthúsmaður útmældar lóðir hlið við hlið á Grímsstaðaholti undir tvo jafnstóra bæi og kálgarða. Sett voru þau skilyrði að þeir tækju ekki upp mó í Reykjavíkurlandi nema handa sjálfum sér og ristu ekki torf í landi bæjarins.[26] Jón lauk að mestu við byggingu bæjar síns strax sama ár og var þetta steinhús með suðurgafli úr bindingi. Kjallari var undir húsinu og þar var eldhús.[27] Hús Guðjóns var fyrst tekið til brunavirðingar árið 1882. Það var hús með steinveggjum og timburgöflum. Undir því var einnig kjallari. Húsin voru nefnd eftir eigendum sínum, *Jónshús* og *Guðjónshús*.[28] Þau stóðu í línu rétt suðaustur af *Grímsstaðakoti*, *Guðjónshús* vestar, hér um bil þar sem nú eru lóðamörk Tómasarhaga 32 og 34, og *Jónshús* austar, þar sem nú er húsið Tómasarhagi 32 á horni Dunhaga og Tómasarhaga. Bæði sneru húsin göflum í suðvestur-norðaustur. Jón Erlendsson lést árið 1887 og var húsið ásamt lóð og kálgarði þá selt Bjarna Gunnlaugssyni. Guðjón Einarsson lést ári síðar og keypti Fátækrasjóður Reykjavíkur bæ hans á uppboði. *Jónshús* eignaðist Jón Tómasson árið 1898. Jón þessi og bróðir hans sem hjá honum bjó stunduðu grásleppuveiðar og keyrðu fiskinn á vögnum inn í Reykjavík.[29] Gunnar nokkur Gunnarsson eignaðist *Guðjónshús* árið 1904 og eftir það varð það betur þekkt undir nafninu *Bjarg*.[30] Á fyrri hluta 20. aldar bjuggu þar lengst af Hannes Hannesson verkamaður og kona hans Ingveldur.

---

[25] Ljósm. Páll Sigurðsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS S95-6-13.

[26] Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Grímsstaðaholt – Guðjónshús (B 429) og Jónshús (B 839).

[27] Borgarskjalasafn: Aðf. 723–724. Brunatrygging húsa 1874–1895 – brunavirðing dags. 15.11.1880 (brnr. 185).

[28] Borgarskjalasafn: Aðf. 723–724. Brunatrygging húsa 1874–1895 – brunavirðing dags. 08.11.1882 (brnr. 219).

[29] Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín*. Viðtal við Eðvarð Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið. I. spóla, útv. 18.07.1971 – Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Grímsstaðaholt – Guðjónshús (B 429) og Jónshús (B 839).

[30] Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Grímsstaðaholt, Guðjónshús (B 429) og Jónshús (B 839).

 

*Guðjónshús* (*Bjarg*) t.v. og *Jónshús* t.h., á ljósmyndum frá um 1940–1950.[31]

Árið 1882, sama ár og *Guðjónshús* (*Bjarg*) var byggt, var tekið til virðingar hús sem Þórður Halldórsson hafði byggt á holtinu. Þetta var hús byggt úr bindingi múruðum með múrsteini og holtagrjóti. Síðar varð það þekkt undir heitinu *Björnshús*. Það stóð í línu suðaustur af *Guðjónshúsi* og *Jónshúsi* og sneri göflum í suðvestur-norðaustur eins og þau. Nú liggur bæjarstæði *Björnshúss* undir götunni Dunhaga. Hús þetta virðist hafa staðið óbreytt allt fram á fimmta áratug 20. aldar en þá voru gerðar við það viðbyggingar til austurs og var austurendi þess skráður sem Arnargata 15.[32]



*Bjarg*, *Jónshús* og *Björnshús* á ljósmynd frá um 1940–1950 .[33]

Frá *Grímsstaðakoti*, *Guðjónshúsi* (*Bjargi*), *Jónshúsi* og *Björnshúsi* hafa menn að öllum líkindum róið út til fiskjar frá nálægustu vörinni, Grímsstaðavör, enda myndaðist fljótt götuslóði frá vörinni, framhjá *Grímsstöðum* og í sveig til austurs framhjá *Grímsstaðakoti* og *Guðjónshúsi* (*Bjargi*), upp á milli *Jónshúss* og *Björnshúss* og áfram yfir holtið í átt að Melavegi.

---

[31] Ljósm. Matthildur Jónsdóttir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS S95-27-14 og ÁBS S95-27-15.
[32] Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Grímsstaðaholt – Björnshús (B 836).
[33] Ljósm. Matthildur Jónsdóttir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS S95-27-12.



Bæjaröðin ofan við Grímsstaði, f.v. *Bjarnastaðir*, *Bjarg*, *Jónshús* og *Björnshús*. Neðan við *Björnshús* sést í *Grímsstaði* en fremst eru sýndir skúrar við Grímsstaðavör. Teikning eftir Petrínu Jakobsdóttur.[34]

Árið 1883 bættust við tveir bæir í þessa röð húsa sem myndast hafði á holtinu. Sveinn Eiríksson fékk í júní það ár leyfi til að byggja bæ suðaustan við hús Þórðar Halldórssonar (*Björnshús*). Bær þessi var með hlöðnum torfveggjum og torfþaki og var nefndur *Klapparholt*. Hann mun hafa staðið nokkurn veginn þar sem nú er steypt plan og bílskúr vestan við lóðina Arnargötu 4. *Klapparholt* var lítill bær. Í honum var einungis eitt herbergi og eldhús og inngönguskúr úr timbri við austurhlið. Samkvæmt heimildum hefur bærinn enn staðið árið 1909 en hins vegar virðist einungis hafa verið búið þar í skamma hríð, ef til vill vegna smæðar.[35]

Lítið eitt suðaustar var Guðmundi Jónssyni leyft að byggja bæ sama ár og *Klapparholt* reis. Þessi bær var kallaður *Nýibær* og hefur líklega einnig verið torfbær. Árið 1886 fékk eigandinn útmælda lóð til kálgarðsræktunar fyrir sunnan og austan bæinn. Árið 1900 byggði Eyjólfur Pétursson nýjan bæ á lóðinni. Sá bær var með steinveggjum og járnklæddum timburstöfnum en hann brann í marsmánuði árið 1911.[36] Þá hafði nýlega eignast bæinn Sigfús nokkur Sveinbjarnarson og fékk hann leyfi til að byggja nýtt íbúðarhús á grunni þess sem brann. Hann byggði þá steinsteypt hús, einlyft með kjallara og flötu þaki, og stendur það hús enn á lóðinni, sem nú er skráð sem Arnargata 4. Í fyrstu var húsið nefnt *Nýibær* eftir eldri bænum en fékk síðar nafnið *Skaftafell*.[37] Upphaflega var það með tenntri þakbrún í kastalastíl og var þess vegna einnig uppnefnt *Klumpurinn* eða *Kastalinn*.[38] Vestan við húsið var byggður langur skúr úr steinsteypu árið 1924 og var hann í fyrstu notaður sem þurrkskúr en virðist svo

[34] Hér tekið eftir: Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, A–G, bls. 172.

[35] Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Grímsstaðaholt – Klapparholt (B 841) – Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi M. Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir: *Borgarhluti 2. Fyrsta greinargerð frá Árbæjarsafni*, bls. 27.

[36] Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Grímsstaðaholt – Nýibær/Skaftafell/Arnargata 4 (B 838) – Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðing dags. 17.02.1900 (brnr. 572).

[37] Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Grímsstaðaholt – Nýibær/Skaftafell/Arnargata 4 (B 838) – Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðing dags. 30.07.1912 (brnr. 572).

[38] Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín*. Viðtal við Eðvarð Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið. II. spóla, útv. 25.07.1971.

hafa verið breytt í fuglaskúr. Um tíma bjó í húsinu Hjálmar Lárusson myndskurðarmeistari og kvæðamaður, sonarsonur Bólu-Hjálmars. Frá um 1941 bjó í *Skaftafelli* Sigríður Finnbogadóttir, ekkja Jóns Þorkelssonar þjóðskjalavarðar, ásamt dóttur sinni Matthildi Jónsdóttur sem eignaðist húsið eftir móður sína og átti til 1983. Á stríðsárunum munu þær mæðgur hafa rekið kaffihús í skúrnum vestan við húsið, en Sigríður lifði meðal annars af því að selja heimilisbakstur og ýmiskonar kál og aðrar matjurtir sem hún ræktaði.[39] Húsinu hefur verið breytt nokkuð á síðari árum og ber nú ekki lengur svip kastala, en stendur þó að stofni til óbreytt á lóð sinni við Arnargötu.



*Nýibær* (*Skaftafell*) á ljósmynd frá um 1940–1950. Ljósm. er Matthildur Jónsdóttir sem bjó í húsinu á þessum árum.[40]

Austantil á holtinu var reistur torfbærinn *Hólabrekka*, líklega um svipað leyti eða litlu seinna en bæjaröðin ofan við *Grímsstaði* myndaðist. Í það minnsta er ljóst að *Hólabrekka* hefur verið byggð fyrir 1886 því að það ár er getið um það í skjölum byggingarnefndar að mæld hafi verið út lóð fyrir bæinn *Litlubrekku* austan við lóð Hólabrekku. Árið 1890 var eiganda *Hólabrekku*, Þórði Markússyni, veitt erfðafestuland fyrir sunnan bæinn.[41] Ekki segir síðan af *Hólabrekku* fyrr en árið 1904 þegar Oddbjörg Sigurðardóttir, þáverandi eigandi bæjarins, fékk leyfi til að byggja við hann skúr. Sama ár seldi Oddbjörg Ögmundi Hanssyni Stephensen hluta af lóðinni og árið 1906 lét hann reisa þar nýtt íbúðarhús, einlyft með risi og kjallara, byggt af bindingi og klætt utan með járni.[42] Bróðir Ögmundar, Stefán Stephensen smiður, mun hafa byggt húsið. Hús þetta stendur enn lítið breytt og er nú skráð sem Grímshagi 2. Torfbærinn mun hafa staðið lítið eitt vestar og sunnar en árið 1916 var lóð

[39] Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín*. Viðtal við Eðvarð Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið. II. spóla, útv. 25.07.1971.
[40] Ljósm. Matthildur Jónsdóttir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS S95-27-6.
[41] Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Grímsstaðaholt – Hólabrekka (B 844).
[42] Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Grímsstaðaholt – Hólabrekka (B 844) – Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðing dags. 19.09.1906 (brnr. 1058).

Oddbjargar talin óbyggð. Hús Ögmundar var nefnt eftir eldri bænum og gengur enn í dag undir nafninu *Hólabrekka*. Ögmundur hafði töluverðan búskap í *Hólabrekku* og náðu tún hans niður að túni *Garða* eða hér um bil þangað sem gatan Lynghagi liggur nú. Í *Hólabrekku* hafði hann bæði hesta og kýr og árið 1924 var hann búinn að reisa fjós og heyhlöðu á lóðinni, auk bifreiðaskúrs, en Ögmundur mun hafa verið með þeim fyrstu sem eignaðist vörubíl í Reykjavík og notaði hann bílinn til aksturs fyrir bæjarbúa.[43] Árið 1929 byggði Ögmundur lítið hús rétt fyrir ofan *Hólabrekku*, á horni Fálkagötu og Suðurgötu, þar sem hann rak um skeið verslun og sonur hans Stefán síðar prentsmiðju (Fálkagata 1).[44] Kona Ögmundar, Ingibjörg Þorsteinsdóttir, var mikil garðyrkjukona og kom upp stórum ræktuðum garði í kringum *Hólabrekku*, sem börn þeirra hjóna héldu við, einkum Sigríður Ögmundsdóttir, sem bjó í húsinu eftir foreldra sína.[45] Árið 1966 var fluttur á lóð *Hólabrekku* steinn sem áður stóð lítið eitt fyrir ofan garðvegginn og börnin í hverfinu léku sér við og sjómenn höfðu notað sem hvíldarstein þegar þeir báru salt úr Reykjavík að Þormóðsstöðum í landi Skildinganess. Steinninn varð að víkja vegna vinnu við Suðurgötu og var þá fluttur yfir garðvegginn fyrir tilstilli Ögmundar.[46]



Bræðurnir í *Hólabrekku* fyrir framan húsið.[47]

Framhjá *Hólabrekku* lá vegur frá Melavegi og niður að Þormóðsstöðum og hinum megin við hann stóð torfbærinn *Litlabrekka*, sem Jón Jónsson byggði á lóðinni sem honum var útmæld austan við Hólabrekkulóðina árið 1886.[48] Árið 1918 var nýr torfbær

[43] Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín*. Viðtal við Eðvarð Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið. II. spóla, útv. 25.07.1971.
[44] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, A–G, bls. 131.
[45] Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín*. Viðtal við Eðvarð Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið. II. spóla, útv. 25.07.1971.
[46] Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín*. Viðtal við Eðvarð Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið. II. spóla, útv. 25.07.1971 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, A–G, bls. 169–170.
[47] Ljósmynd í einkaeigu.
[48] Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Grímsstaðaholt – Litlabrekka (B 845)

endurbyggður á rústum eldri bæjarins og var það eitt af síðustu torfhúsunum sem bæjarstjórn leyfði að byggð væru í bæjarlandinu, en byggingarefni var þá af skornum skammti.[49] Í bænum bjó lengi Eðvarð Sigurðsson, alþingismaður og formaður Dagsbrúnar, ásamt móður sinni Ingibjörgu Jónsdóttur. Ingibjörg og maður hennar Sigurður Eyjólfsson höfðu keypt *Litlubrekku* árið 1906, en bjuggu áður á *Brúarenda*, bæ sem stóð nokkru sunnar við Þormóðsstaðaveg, þar sem gatan Starhagi liggur nú.[50] *Brúarendi* var byggður árið 1893 af Guðmundi Guðmundssyni og var upphaflega steinbær. Bærinn stóð nálægt mörkum Skildinganessjarðar en virðist frá upphafi hafa tilheyrt Reykjavík og byggðinni í Grímsstaðaholti. [51]



Loftmynd af svæðinu, séð úr suðri. Vinstra megin er vegurinn niður að *Görðum* og fyrir miðju vegurinn niður að *Þormóðsstöðum*. Efst við hann má sjá torfbæinn *Litlubrekku*.[52]

Árið 1896 var Eyjólfi Þorsteinssyni „homoepath" útmæld lóð lítið eitt fyrir norðan *Hólabrekku*, sem þá mun hafa verið í eigu hans. Þar byggði hann hús úr bindingi, einlyft með kjallara og risi.[53] Það stóð hér um bil þar sem fjölbýlishúsið Fálkagata 5 stendur nú eða þar

---

[49] Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín*. Viðtal við Eðvarð Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið. II. spóla, útv. 25.07.1971 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, H–P, bls. 147 – Helgi Máni Sigurðsson: „150 ára byggð í Grímsstaðaholti". *Söguspegill. Afmælisrit Árbæjarsafns*, bls. 288.

[50] Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín*. Viðtal við Eðvarð Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið. II. spóla, útv. 25.07.1971.

[51] Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Grímsstaðaholt – Brúarendi (B 834) – Borgarskjalasafn: Aðf. 723–724. Brunatrygging húsa 1874–1895 – brunavirðing dags. 04.10.1893 (brnr. 369).

[52] Hér tekið eftir: Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, H–P, bls. 152.

[53] Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðing dags. 11.12.1896 (brnr. 445).

sem nú eru bílastæði framan við húsið. Hús þetta gekk undir nafninu *Kvöldroðinn* og þegar Fálkagata var mæld út á þriðja áratug 20. aldar var það skráð sem Fálkagata 7. Í húsinu bjó um skeið Þorsteinn Gamalíelsson sjómaður, sem gerði út árabát frá Grímsstaðavör, en hann drukknaði við fjórða mann í Skerjafirði árið 1918. Sonur hans Jón, sem einnig var sjómaður og var á Kveldúlfstogurum, var jafnan nefndur Jón í *Kvöldroðanum*.[54]

Ekki virðast hafa verið byggð fleiri hús á þessu svæði fyrir aldamótin 1900, en árið 1903 reis eitt hús til viðbótar í bæjaröðinni sem myndast hafði frá *Grímsstaðakoti* (*Bjarnastöðum*) suðaustur að *Litlabæ* (*Halldórsbæ*). Sveinn Eiríksson, sá er byggði *Klapparholt*, hafði eignast landspildu á milli *Litlabæjar* og *Nýjabæjar*, sem Jón Jónsson nokkur keypti árið 1903. Þar reisti hann einlyft timburhús með kjallara og lágu risi sem nefnt var *Eyvík*.[55] Húsið stendur enn á lóð sem nú er skráð sem Arnargata 8. Árið 1909 keypti Jón Jónsson sjómaður *Eyvík* og ári seinna var hann búinn að reisa á lóðinni einlyft timburhús sem notað var sem heygeymsla og fjós.[56] Um tíma mun hafa verið tvíbýli í *Eyvík* en árið 1919 keypti Jón Kristmundsson sjómaður eignina og var hún í eigu fjölskyldu hans til ársins 1975.



*Nýibær* (*Skaftafell*) og *Eyvík* á ljósmynd frá um 1940–1950. Á milli húsanna sér í Arnargötu 10.[57]

Árið 1934 byggði hann nýja hlöðu og fjós á lóðinni, en eldra húsið hafði hann rifið tíu árum áður.[58] Búskapur mun hafa verið stundaður í *Eyvík* til ársins 1943 en Magnea Tómasdóttir, kona Jóns Kristmundssonar, hafði fiskreit og drýgði tekjur heimilisins með því að taka heim fisk til þurrkunar, en það mun hafa verið allalgengt á þessum slóðum. Lóð *Eyvíkur* náði þá hér um bil þangað sem húsin Tómasarhagi 20 og 22 standa nú eða niður að túni *Grímsstaða*, eins

[54] Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín*. Viðtal við Eðvarð Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið. II. spóla, útv. 25.07.1971.

[55] Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Grímsstaðaholt – Eyvík (B 841) – Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðing dags. 28.09.1903 (brnr. 777).

[56] Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðing dags. 03.10.1910 (brnr. 777).

[57] Ljósm. Matthildur Jónsdóttir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS S95-27-17.

[58] Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðingar dags. 11.10.1924 og 21.02.1934 (brnr. 777).

og raunar lóðir hinna bæjanna þar vestan við. Á árunum 1943–1944 var búskap hætt í *Eyvík*. Á stríðsárunum hætti Jón Kristmundsson einnig á sjónum og þá munu hann og sonur hans Kristmundur hafa komið upp trésmíðaverkstæði í einu af útihúsunum á lóðinni. Eftir lát Jóns 1952 bjó kona hans Magnea Tómasdóttir áfram í *Eyvík* í nokkur ár. Dóttir þeirra Inga H. Jónsdóttir bjó í húsinu til 1968, en eftir það var húsið leigt þar til eignin var seld 1975.[59] Árið 1990 var gerð stór viðbygging austanmegin við húsið og árið 2005 var anddyri við vesturgaflinn stækkað en gamla húsið hefur haldið sínu upprunalega lagi þrátt fyrir það.

*Eyvík* var líklega síðasta eiginlega grasbýlið eða tómthúsmannabýlið sem byggt var á Grímsstaðaholtinu á þessu fyrsta skeiði byggðar á svæðinu, en á fyrstu árum 20. aldar voru byggð ný hús á lóðum nokkurra grasbýlanna, eins og áður er lýst. Á lóð *Hólabrekku* var byggt nýtt timburhús árið 1906, á lóð *Grímsstaðakots* var byggt nýtt timburhús árið 1909, sem fékk nafnið *Bjarnastaðir*, og á grunni *Nýjabæjar* var reist nýtt steinsteypt hús árið 1912, sem síðar var nefnt *Skaftafell*. Ónefnt er enn eitt hús sem byggt var á svæðinu á þessum tíma, en það er steinsteypt hús, *Melshús* svokallað, sem Geir Pálsson trésmiður byggði ofarlega á holtinu árið 1913. Það var síðar talið sem Smyrilsvegur 24a, en stóð hér um bil mitt í vegarstæði Hjarðarhaga þegar sú gata var lögð, eða á móts við þar sem húsið Hjarðarhagi 13 stendur nú.[60] Eftir þetta má segja að skeiði grasbýla eða tómthúsmannabýla á Grímsstaðaholti ljúki og ekki virðist hafa verið byggt á svæðinu sem hér um ræðir á milli áranna 1913 og 1919.



*Jónshús* árið 1961, nokkrum árum áður en það var rifið.[61]

Fimm húsanna sem tilheyrðu hinni fyrstu byggð grasbýla á Grímsstaðaholtinu standa enn. Það eru *Garðar* við Ægisíðu, *Nýibær* (*Skaftafell*) við Arnargötu 4, *Eyvík* við Arnargötu 8, *Litlibær* (*Halldórsbær*) við Tómasarhaga 16b og *Hólabrekka* við Grímshaga 2. Öll, nema það fyrstnefnda, tilheyra reitunum sem hér er til umfjöllunar.

[59] Freyja Jónsdóttir: „Arnargata 8 (Eyvík, Klapparholt)", *Tíminn*, 1. mars 1996, bls. 6 – Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín*. Viðtal við Eðvarð Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið. II. spóla, útv. 25.07.1971 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, A–G, bls. 26 – Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Grímsstaðaholt – Eyvík (B 841).

[60] Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðingar dags. 15.04.1913 (brnr. 1293).

[61] Ljósm. ÞJV. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÞJV Gömul hús niðurrif.

Hin húsin stóðu ýmist í vegi fyrir gatnaframkvæmdum eða fóru í niðurníðslu og voru rifin vegna hrörleika. *Grímsstaðakot* og *Klapparholt* voru torfbæir sem ekki virðist hafa verið búið í lengur en fram á fyrsta áratug 20. aldar og urðu að lokum rústir einar. *Bjarnastaðir*, sem byggðir voru á lóð *Grímsstaðakots* árið 1909 og voru stækkaðir með viðbyggingum 1926 og 1932, hafa verið rifnir einhvern tíma fyrir 1969–1972, þegar núverandi hús á lóðunum Tómasarhaga 34 og 36 voru byggð. *Jónshús* var rifið árið 1966 til að rýma fyrir núverandi húsi á lóðinni Tómasarhaga 32 og *Bjarg* (*Guðjónshús*) var einnig rifið á sjöunda áratugnum þegar verið var að byggja húsin við Tómasarhaga. *Björnshús* stóð í vegi fyrir gatnaframkvæmdum við Dunhaga og var rifið um 1970. *Melshús* virðist samkvæmt korti ennþá standa árið 1952 en hefur líklega verið rifið seint á sjötta áratugnum þegar farið var að byggja húsin við Hjarðarhaga. Húsið *Kvöldroðinn* var fjarlægt af lóð sinni við Fálkagötu 7 (nú 3–5) árið 1966, þegar leyfi hafði fengist fyrir nýju húsi þar og mun hafa verið tekið á kranabíl og flutt að Neistastöðum í Flóa og gert þar að sumarbústað. Gísli Halldórsson leikari mun hafa staðið að því. Torfbærinn *Litlabrekka* hinum megin Suðurgötu stóð allt til um 1980 en var þá rifinn þar sem að skipulag gerði ráð fyrir hjónagörðum á svæðinu. Einnig mun þá hafa verið ákveðið að breikka Suðurgötu og breyta legu hennar þannig að Keilir blasti við fyrir henni miðri, og eins og Eðvarð Sigurðsson þáverandi íbúi *Litlubrekku* sagði: „annað hvort varð að víkja, Keilir eða kotið“.[62] Húsið *Brúarendi* sem stóð við Starhaga var rifið í desember 1990.



*Litlibær* og umhverfi hans. Í baksýn eru fjölbýlishús við Fálkagötu 19–21 sem byggð voru 1964.[63]

Þau hús frá tómthúsmannatímabilinu sem tilheyra núverandi Arnargötu standa nú umkringd yngri byggð, en lagning Tómasarhaga í skeifu umhverfis gömlu bæina á sjötta áratugnum hefur líklega orðið til þess að umhverfi þeirra og götumynd Arnargötu hefur haldist óbreytt að mestu.[64] Þessi hús, ásamt húsinu *Hólabrekku* við Grímshaga, standa nú sem

[62] Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín*. Viðtal við Eðvarð Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið. II. spóla, útv. 25.07.1971 – Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi M. Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir: *Borgarhluti 2. Fyrsta greinargerð frá Árbæjarsafni*, bls. 27 – Helgi Máni Sigurðsson: „150 ára byggð í Grímsstaðaholti“. *Söguspegill. Afmælisrit Árbæjarsafns*, bls. 283.

[63] Ljósm. Jóhann Vilberg. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, abs. 1-1548.

[64] Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi M. Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir: *Borgarhluti 2. Fyrsta greinargerð frá Árbæjarsafni*, bls. 32.

minnisvarði um upphaf byggðar í Grímsstaðaholti og sem vitnisburður um húsakost og lífsskilyrði tómthúsmanna og grasbænda í Reykjavík í lok 19. aldar og upphafi þeirrar 20. og er mikilvægt að varðveita þau áfram sem slík.




Kort af svæðinu frá 1952. Þá var risin skipulögð byggð á Grímsstaðaholti, en innan um hana stóðu enn gömlu bæirnir frá tómthúsmannatímabilinu.[65]

## Annað byggingarskeið: 1919 – 1945

Annað byggingarskeið þess svæðis sem hér er til umfjöllunnar hófst upp úr 1919 eða í lok fyrir heimsstyrjaldarinnar. Það var á þriðja áratug 20. aldar sem skipulag komst á hverfið með útmælingu gatna en þessar götur fengu heiti fugla: Arnargata, Fálkagata, Lóugata, Smyrilsvegur og Þrastargata. Nú er Lóugata með öllu horfin, einungis eitt hús stendur við Smyrilsveg, Arnargata er botnlangi út frá Dunhaga og Þrastargata er vel falin á milli Hjarðarhaga og Fálkagötu. Það má því segja að Fálkagatan sé eina sjálfstæða gatan frá fyrri tíð.

Húsnæðisekla var mikil í Reykjavík í fyrri heimsstyrjöldinni, meðal annars vegna mikilla búferlaflutninga á mölina. Á þriðja áratugnum voru húsnæðisvandræði samfara fólksfjölgun eitt höfuðvandamál Reykvíkinga. Mikil kippur kom í byggingu húsa í bænum á þessum árum og má sjá þess merki á Grímsstaðaholtinu. Á korti af svæðinu frá 1926–1927 má sjá að húsum fjölgaði úr 12 í 60 á svæðinu og í raun fimmfaldaðist byggðin þar. Um leið breyttist byggðin úr þyrpingu grasbýla í hverfi daglaunamanna. Sumir íbúanna höfðu þó ennþá viðurværi af landbúnaði ásamt öðru.

[65] Hluti af korti Mælingadeildar Reykjavíkur frá 1952. Hér tekið eftir: Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi M. Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir: *Borgarhluti 2. Fyrsta greinargerð frá Árbæjarsafni*, bls. 38.




Kort af Grímsstaðaholti frá 1926–1927. [66]

Árið 1919 voru byggð samtals fimm hús á Grímsstaðaholtinu. Þau voru öll reist við Fálkagötu en einungis eitt þeirra stendur enn, Fálkagata 7. Stefán Árnason ökumaður byggði húsið en það var kallað *Hagi* eða í *Haga* og var eigandinn nefndur Stefán í *Haga*. Stefán þessi var með síðustu ökumönnum með hesta í Reykjavík en hann skipti aldrei yfir í bíla. Stefán hafði nokkurn búskap, bæði kýr og hesta og fyrstu árin voru kýr í kjallaraherbergi hússins.[67] Hin húsin fjögur sem nú eru horfin voru ýmist hlaðin úr holsteini eða byggð úr timbri. Húsið við Fálkagötu 11 stóð inni á lóðinni og samkvæmt upphaflegri teikningu átti það að verða einlyft hús með kjallara og risi en aðalhæðin virðist aldrei hafa verið byggð. Húsið gekk jafnan undir nafninu *Skotgryfjurnar* og mun nafnið hafa verið þannig til komið að húsið fennti í kaf snjóaveturinn 1919–1920 og þurfti þá að grafa það út.[68] Börnin sem alin voru upp í húsinu voru jafnan kennd við húsið, t.d. Ásta í Skot og Doddi í Skot.[69] Húsið var rifið árið 1983. Fálkagata 15 stóð á horni Fálkagötu og Tómasarhaga. Það var einlyft timburhús sem þurfti að víkja fyrir nýbyggingu árið 1986. Fálkagata 17 var steinhlaðið hús sem einnig var látið víkja fyrir nýbyggingu á lóðinni í kringum 1964. Á lóðinni Fálkagötu 23a stóð áður einlyft timburhús sem stóð fram til ársins 1971 er það vék fyrir nýju húsi á lóðinni. Húsið var kallað *Græna húsið* enda var það grænmálað.[70]

---

[66] Hluti af korti Mælingadeildar Reykjavíkur frá 1926-1927. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.

[67] Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín*. Viðtal við Eðvard Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið. III. spóla, útv. 08.08.1971. - Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðingar dags. 03.09.1919 (brnr. 1443).

[68] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, A–G, bls. 132.

[69] Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín*. Viðtal við Eðvard Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið. III. spóla, útv. 08.08.1971.

[70] Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín*. Viðtal við Eðvard Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið. III. spóla, útv. 08.08.1971.



Húsið Fálkagata 11, *Skotgryfjurnar*, var reist árið 1919 en rifið árið 1983.[71]

Árið 1920 eru tvö hús reist við Arnargötu sem standa enn. Arnargata 10 og 12 eru bæði mikið breytt frá upphaflegri gerð en þó báðum vel við haldið. Húsin voru bæði byggð af Benedikt Sæmundssyni sem flutti síðar til Vesturheims með fjölskyldu sína. Húsið númer 12 var alltaf kallað *Stefnishúsið* en það var keypt af útgerðarfélaginu Stefni en einn eigandi þess félags var Sigurður Jónsson í *Görðum*. Í húsinu bjó þá fólk sem vann í *Görðunum* og var meðal annars mötuneyti í húsinu.[72] Við Fálkagötu voru reist þrjú hús árið 1920 en einungis eitt stendur enn, Fálkagata 25. Það var upphafleg einlyft með porti og risi en í gegnum tíðina hefur það verið hækkað og stækkað.[73] Húsið byggði þýskur maður að nafni Alwin Móritz og var það nefnt eftir honum *Móritzarhús*.[74] Við Fálkagtöu 21 stóð áður einlyft steinsteypuhús sem stóð nær óbreytt fram til þess að það var rifið á sjötta áratugnum.[75] Einlyft timburhús var reist við Fálkagötu 27 árið 1920. Í þessu húsi bjuggu lengi Jón Ármann Jakobsson og Valgerður Pétursdóttir með sjö börnum sínum, þar á meðal Áka Jakobssyni, síðar alþingismanni og ráðherra. Haft er eftir Eðvarði Sigurðssyni alþingismanni og verkalýðsforingja að menn hafi nefnt þetta hús „*vöggu byltingarinnar á Holtinu*“, enda hafi margir heimilismanna hneigst að róttækum stjórnmálaskoðunum.[76] Hús þetta skemmdist mikið í bruna árið 1976 og aftur árið 1985. Það var rifið árið 1986.

Árið 1921 var reist nýtt timburhús á lóð Fálkagötu 26 sem enn stendur.[77] Byggt hefur verið við það hús til vesturs og við inngönguskúr þess. Tvö önnur hús sem nú eru horfin voru reist við Fálkagötu þetta ár. Fálkagata 13b eða *Engihlíð* var einlyft timburhús sem stóð á erfðafestulóð.[78] Það var rifið einhvern tímann á árunum 1957–1978. Hitt húsið, Fálkagata 19,

---

[71] Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, abs.1-1630.

[72] Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín*. Viðtal við Eðvard Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið. II. spóla, útv. 25.07.1971.

[73] Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðing dags. 16.10.1920 (brnr. 1557).

[74] Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín*. Viðtal við Eðvard Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið. III. spóla, útv. 08.08.1971.

[75] Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðing dags. 27.11.1920 (brnr. 1601).

[76] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, A–G, bls. 132.

[77] Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðing dags. 11.06.1921 (brnr. 1602).

[78] Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðing dags. 06.08.1921 (brnr. 1658).

var einlyft timburhús sem sagt var vera „í bæjarstíl“ og snéri gafl þess að götu.[79] Húsið var kallað *Svarti bærinn* enda var það um tíma tjargað en það var rifið til að rýma fyrir nýbyggingu árið 1964.

Talsvert var byggt af húsum við Fálkagötuna árið 1922 eða sjö hús sem standa öll enn í dag. Þetta eru húsin númer 12, 20, 24a, 28, 30, 32 og 34. Öll þessi hús voru einlyft að upphaflegri gerð, fimm þeirra úr steinsteypu, eitt úr timbri og eitt hlaðið úr holsteini. Þau eru flest mikið breytt, ýmist voru þau hækkuð eða byggt við þau á ýmsan hátt enda voru mörg þeirra ekki meiri en 50 fermetrar að grunnfleti í upphafi.



Fálkagata eftir 1951. Húsin nr. 22, 24 og 24a fyrir miðri mynd. Til hliða má sá Fálkagötu 17 og 19 sem nú eru farin.[80]

Húsin við Fálkagötu 2, 8 og 22 eru reist árið 1923. Líkt og húsin sem reist voru árið á undan þá voru þetta lítil steinsteypt hús sem hefur smám saman verið mikið breytt. Tvö hús voru reist til viðbótar þetta ár en þau eru nú horfin. Fálkagata 6 var einlyft steinsteypuhús með lágu risi, sem vék fyrir nýbyggingu á lóðinni fyrir 1970.[81] Í því húsi bjó lengi Jón í *Hruna* Jónsson eða Stóri-Jón. Hann bjó í *Eyvík* um aldamótin og líka að Smyrilsvegi 24 eða *Hruna*. Húsið dró nafn af einhverjum mistökum sem urðu þegar verið var að byggja það.[82] Fálkagata 14 var einlyft timburhús með risi sem einnig vék fyrir nýbyggingu á lóðinni fyrir 1969.[83] Árið 1924 var reist lítið steinhlaðið hús á horni Smyrilsvegar og Fálkagötu, Fálkagata 16, sem var

[79] Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðing dags. 06.08.1921 (brnr. 1659).

[80] Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, abs.1-1622.

[81] Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðing dags. 08.10.1923 (brnr. 1951).

[82] Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín*. Viðtal við Eðvard Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið. III. spóla, útv. 08.08.1971.

[83] Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðing dags. 07.07.1923 (brnr. 1903).

rifið til að rýma fyrir nýju húsi á lóðinni árið 1969. Húsið reisti Hallgrímur J. Bachmann rafvirki, síðar ljósameistari í leikhúsunum, og var það ætíð kallað *Bachmannshús*.[84]

Húsin sem í dag standa við Þrastargötu voru byggð á árunum 1925–1929. Upphaf byggðar á þessu svæði má rekja til bygginga svokallaðra bráðabirgðaskýla með allt að 12 eins og tveggja herbergja íbúðum sem fátækranefnd bæjarsins lagði til að yrðu byggð. Frá því að tillaga fátækranefndar kom fram til þess tíma að húsin risu liðu ekki nema fjórir mánuðir, þannig að varla hefur verið mikið vandað til bygginganna. Húsin voru einlyft með lágu risi, klædd borðum að utan og með járnþaki á borðasúð. Grunnurinn var úr steinlímdum holsteini. Húsin voru nefnd *Grímsbýr 1–2*, *3–4* og *5–6* í brunabótavirðingum.[85] Húsin *nr. 1–2* voru talin til Smyrilsvegar 29 en hin til Þrastargötu og voru þau ætíð í eigu borgarinnar. Eins og áður segir í tillögum fátækranefndar var um bráðabirgðaskýli að ræða – neyðarlausn á húsnæðisvandamálum bæjar í örum vexti. Húsunum var aldrei ætlað að standa til frambúðar en þau stóðu þó lengi. *Grímsbýr 1–2* var rifin á árunum 1957–1978 en hin árið 1986.[86]



*Grímsbýr* við Smyrilsveg. Hér var Skildinganesskóli til húsa frá 1940 til 1946.[87]

Árið 1940 var húsinu *Grímsbýr 3–4* breytt í skólahús og þar starfræktur um tíma Skildinganesskólinn. Þessi skóli var stofnaður árið 1930 og var fyrst til húsa að Reykjavíkurvegi 7, *Reynifelli*. Skildinganes var hluti af Seltjarnarneshreppi en þéttbýlismyndun hófst þar árið 1927 þegar Eggert Claessen hóf að selja þar lóðir úr landi jarðarinnar *Skildinganess* til bygginga. Lóðirnar urðu afar eftirsóttar og árunum 1927–1939 voru reist 116 hús á svæðinu. Foreldrum þótti of langt að senda börn sín í Mýrarhúsaskóla og komst því Seltjarnarneshreppur ekki hjá því að stofna skóla í þorpinu.[88]

Árið 1932 voru jarðirnar *Þormóðsstaðir* og *Skildinganes* ásamt öllum lóðum og löndum lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Þar með varð Skildinganesskólinn útibú frá Miðbæjarskóla. Á þessum tíma var skólinn dreifður um þorpið og var með aðstöðu á Baugsvegi 4 og 13a. Fjarlægðin á milli Miðbæjarskóla og Skildinganesskóla þótti mörgum í skólanefnd Miðbæjarskóla vera ansi löng. Nefndin fór því fram á það árið 1936 við

[84] Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín*. Viðtal við Eðvard Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið. III. spóla, útv. 08.08.1971 - Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðingar dags. 19.01.1924 (brnr. 1978).

[85] Húsinu voru einnig kölluð í daglegu tali Grimsby.

[86] Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Þrastargötu (B 1961)

[87] Hér tekið eftir: *Melaskóli 60 ára,* bls. 23.

[88] *Melaskóli 60 ára,* bls. 17.

fræðsluráð og bæjarstjórn Reykjavíkur að skólahverfi Miðbæjarskóla yrði skipt þannig að Skildinganesbyggð og byggðin á Grímsstaðaholti yrðu að sérstöku skólahverfi.[89] Þessari ósk var í fyrstu hafnað af yfirvöldum en síðar sama ár kvað dóms- og kirkjumálaráðuneytið, sem fór með yfirstjórn fræðslumála, upp þann úrskurð að þessi svæði skyldu vera sérstakt skólahverfi frá 1. október 1936. Skólastjóri var ráðinn Arngrímur Kristjánsson og var skólinn til húsa að Baugsvegi 7 og 30.[90]

Nemendum í skólanum fjölgaði mjög á fjórða áratugnum. Skólaárið 1938–1939 voru þeir 279 en höfðu ekki verið nema 31 fyrsta veturinn 1930–1931. Húsnæðismál skólans voru eilíft áhyggjuefni stjórnenda en auk þess að vera til húsa við Baugsveg þá var einnig kennt á *Þormóðsstöðum* og *Aðalbóli* á þessum árum. Árið 1940 var svo tekið á leigu hús í eigu Reykjavíkurbæjar að Smyrilsvegi 29 eða *Grímsbýr 3–4*. Í fyrstu voru það einungis yngri deildir skólans sem nutu kennslu þar en frá haustinu 1942 var allur skólinn þar til húsa.[91] Haustið 1943 var *Grímsbý 5–6* einnig breytt í skólastofur og sameinað *Grímsbý 3–4*.

Allt frá árinu 1936 lá fyrir að byggja skyldi skólanum nýtt hús og hjá byggingarfulltrúa má finna teikningar af skólahúsi sem fundinn var staður milli Grímshaga og Lynghaga. Teikningarnar eru eftir Einar Sveinsson arkitekt og dagsettar í júlí 1937. Skólanum var þó ekki fundinn staður þar heldur við Hagamel. Nafni skólans var breytt úr Skildinganesskóla yfir í Melaskóla og hóf sá starfsemi sína í október 1946. Við það aflagðist allt skólahald á Grímsstaðaholtinu.




Til stóð að reisa nýtt skólahús fyrir Skildinganesskóla á milli Grímshaga og Lynghaga eins og þessi teikning sýnir.[92]

Þegar húsin við Þrastargötu voru reist var gert ráð fyrir að þau væru einungis til bráðabirgða og upphaflega fylgdu engin lóðarréttindi þessum húsum. Fram til ársins 1978 stóðu þessi hús öll á einni lóð, en það ár var henni skipt upp. Af þeim húsum sem nú standa eru sjö frá þriðja áratugnum, hin eru frá níunda og tíunda áratugnum og byggð í stíl við þau sem fyrir voru og var tekið fullt tillit til stærðarhlutfalla núverandi byggðar er þau voru reist. Tvö hús af þeim sem byggð voru á þriðja áratugnum eru nú horfin en það voru Þrastargata 1 og 3. Fyrrnefnda húsið var rifið á árunum 1952–1978 en hið síðarnefnda eyðilagðist mikið í bruna árið 1983 og var rifið sama ár. Eldri húsin við Þrastargötu eru hvert öðru lík, þau eru svipuð að stærð og þakgerð. Þau hafa verið lagfærð í gegnum tíðina eftir smekk eigendanna

[89] *Melaskóli 60 ára,* bls. 20.
[90] *Melaskóli 60 ára,* bls. 21.
[91] *Melaskóli 60 ára,* bls. 24.
[92] Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Barnaskóli við Skerjafjörð.

og öðlast þannig nýtt líf hvert af öðru, en ekki tekið stórvægilegum breytingum. Allt hjálpast þetta að við að gera Þrastargötu að einstæðri götu í borgarmyndinni. Borgaryfirvöld munu hafa tekið þá stefnu að gatan skyldi haldast að mestu óbreytt frá upphaflegri mynd og er það vel. Þrastargatan er góður vitnisburður um híbýli alþýðufólks á millistríðsárunum.

Eitt hús reis við Fálkagötuna árið 1925 eða Fálkagata 36. Það var einlyft steinsteypuhús sem var rifið til að rýma fyrir nýju húsi á lóðinni á sjötta áratugnum.[93] Árið 1926 voru reist sjö hús við Fálkagötuna og er einungis búið að rífa eitt þeirra eða Fálkagötu 18. Það var gert á stríðsárunum. Hin húsin sem um ræðir eru númer 4, 10a, 18a, 20a, 23 og 28b. Þetta eru allt lítil steinhús sem flest hafa tekið miklum breytingum frá því að þau voru byggð. Eina húsið sem hér er kannað við Suðurgötu var reist árið 1926. Það er einlyft timburhús sem hefur verið vel við haldið.[94] Í kjallara hússins var um skeið rekið skósmíðaverkstæði og lítil búð, *Stellubúð*, en þar var verslað með tvinna, tölur og annað smádót; einskonar konubúð.



Horft yfir Grímsstaðaholtið til norðurs, á mynd frá um 1928–1930. Húsið með ljósmálaða kjallaranum hægra megin er *Hólabrekka*, en hornhúsið fyrir miðju er Fálkagata 13.[95]

Eftir 1926 tók að hægjast um í húsbyggingum á Holtinu. Árið 1927 var reist einlyft steinsteypuhús við Fálkagötu 10 sem stendur enn en það hefur verið hækkað og lengt.[96] Ári síðar var húsið við Fálkagötu 13 reist en það er byggt í vinkil á horni Fálkagötu og Tómasarhaga. Upphaflega var verslun á jarðhæð hússins. Árið 1929 var svo reist hús á lóðinni Fálkagötu 1. Það var timburhús sem Ögmundur Hansson Stephensen reisti en þessi sami maður byggði einnig húsið *Hólabrekku* við Grímshaga 2. Ögmundur rak verslun þar um

[93] Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðing dags. 21.12.1925 (brnr. 2143).

[94] Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðing dags. 21.11.1926 (brnr. 2270).

[95] Ljósm. Óskar Gíslason. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÓSG GLE 303.

[96] Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðing dags. 21.01.1927 (brnr. 2287).

skeið. Síðar var þarna prentsmiðjan *Dögun* sem Stefán sonur Ögmundar rak og prentaði meðal annars *Straumrof* eftir Halldór Laxness, *Vort daglega brauð* eftir Vilhjálm frá Skálholti, *Sovétvininn* og fleiri rit eins og *Holtsbúa* sem gefið var út þarna í holtinu. Síðast mun hafa búið í þessu húsi Sigurður Guðmundsson ritstjóri Þjóðviljans, ásamt barnmargri fjölskyldu sinni. Í maí 1966 fékkst leyfi til að byggja nýtt íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni og var gamla húsið þá tekið upp og flutt austur að *Birtingaholti* í Hreppum og gert að sumarbústað.[98]



Fálkagata 1. [97]

Árið 1930 var reist nýtt hús á lóð Smyrilsvegar 28. Réttara er þó að segja að húsið hafi verið flutt á lóðina, þar sem það stóð áður á Túngötu 15. Húsið að Túngötu 15 var reist árið 1884. Eyjólfur Brynjólfsson keypti húsið sem þá var fyrir skipulagi. Hann flutti það á lóð Smyrilsvegar 28 og byggði undir það steinsteyptan kjallara. Í þessum kjallara var eina þvottahúsið á þessu svæði lengi vel og fengu nágrannakonurnar að þvo þvotta sína þar. Húsið var tekið niður næstum því fjöl fyrir fjöl og flutt á handvagni frá Túngötunni og vestur á Grímsstaðaholt. Þar var það byggt upp nákvæmlega eins og það var á Túngötunni. Eyjólfur byggði gripahús á lóðinni bak við húsið og áður en yfir lauk hýsti það þrjár mjólkandi kýr. Um tíma voru nokkrar kindur hafðar í kjallara hússins og einnig hænsi.[99] Húsið að Smyrilsvegi 26 var einnig reist árið 1930. Það var einlyft timburhús sem síðar vék fyrir nýbyggingu á lóðinni.[100] Húsið var þá flutt suður á Álftanes. Árið 1933 var byggt nýtt hús í landi *Litlabæjar*, Tómasarhaga 16b. Það er húsið Tómasarhagi 12 sem stendur enn í dag en hefur verið stækkað með viðbyggingu en án þess þó að eldra húsið hafi breytt um svip.



Loftfarið *Graf Zeppelin* flýgur yfir Grímsstaðarholti í júlí 1930. Í forgrunni er húsið Smyrilsvegur 28. Fálkagata 18 er einlyfta steinsteypubyggingin og fyrir neðan „*Zeppalin greifa*“ má sjá Fálkagötu 15.[101]

---

[97] Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Fálkagata 1.
[98] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. A–G, bls. 131
[99] *Morgunblaðið*, 20. maí 2003.
[100] Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðing dags. 21.12.1930 (brnr. 2773).
[101] Mynd í einkaeigu.

Fram til ársins 1940 var ekkert hús reist á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Það ár var reist einlyft steinsteypuhús við Fálkagötu 20b sem enn stendur.[102] Árið 1943 voru reist þrjú hús við Fálkagötu sem öll hafa þó þurft að víkja fyrir nýju skipulagi. Íbúðaskúrinn við Fálkagötu 27a stóð suðvestan við timburhúsið á sömu lóð. Ekki er ljóst hvenær þessi skúr var rifinn en núverandi hús á lóðinni var byggt 1987–1988. Húsin við Fálkagötu 30b og 32a voru bæði reist í óleyfi en tekið er fram í virðingu að húsið að Fálkagötu 32a var reist á grunni bragga sem þarna stóð áður. Þetta voru hvort tveggja timburhús sem síðan voru rifin á sjötta áratugnum. Ári síðar var virt einlyft steinhlaðið hús á lóð Fálkagötu 13b sem í var rekið verkstæði. Ekki er fullvíst hvar þetta hús hefur staðið og ekki er heldur ljóst hvenær það var fjarlægt. Síðasta húsið sem reist var á því tímabili sem hér er til umfjöllunar var hús Pöntunarfélagsins við Fálkagötu 18. Pöntunarfélagið var sett á stofn af íbúum svæðisins í kjölfar kreppunnar þegar margir misstu vinnuna og skuldir tóku að hrannast upp. Pöntunarfélagið bjargaði mörgum manninum á þessum árum þar sem vöruverð var talsvert lægra en almennt var hjá kaupmönnum.[103]

Við lok annars byggingarskeiðs svæðisins má segja að góð mynd hafi verið komin á götumynd Fálkagötu og Þrastargötu. Gömlu grasbýlin við Arnargötu setja þó enn mikin svip á hverfið og minna á upphaf þess og frumbyggja svæðisins. Byggðin á Grímsstaðaholtinu einkenndist af sjálfsbjargarviðleitni þeirra sem ekkert áttu. Landfræðilega var byggðin afmörkuð frá öðrum hverfum í Reykjavík, í raun nokkurs konar jaðarbyggð. Þetta var sérstakt samfélag þar sem ríkti mikil samhjálp.[104] Það var einkum verkafólk og sjómenn sem settust að á Holtinu og voru þeir staðráðnir í að koma þaki yfir fjölskyldur sínar. Hið svokallaða bráðabirgðahúsnæði við Þrastagötu ber þess merki að hinir nýju íbúar stjórnuðust sumir hverjir meira af vilja en getu.[105]



Séð yfir Grímsstaðaholtið á fimmta áratugnum. Stóra skemman fyrir miðri mynd er Lóugata 2.[106]

[102] Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 – brunavirðing dags. 01.12.1940 (brnr. 3848).

[103] Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín*. Viðtal við Eðvard Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið. IV. spóla, útv. 15.08.1971.

[104] Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín*. Viðtal við Eðvard Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið. IV. spóla, útv. 15.08.1971.

[105] Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi M. Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir: *Borgarhluti 2. Fyrsta greinargerð frá Árbæjarsafni*, bls. 31.

[106] Hér tekið eftir: Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. A–G, bls.170.

**Þriðja byggingarskeið: eftir 1945**

Kreppan setti mark sitt á svæðið milli 1930–1950 en þá var lítið sem ekkert byggt á Holtinu. Einnig háði það uppbyggingu svæðisins hve skipulagning þess var stutt á veg komin. Árið 1934 var farið að vinna að alvöru að skipulagi utan Hringbrautar og var það í höndum Einars Sveinssonar, húsameistara Reykjavíkur. Einar var ráðinn af Jóni Þorlákssyni borgarstjóra til að vinna að framtíðarskipulagi bæjarins og skipulagði hann ásamt Valgeiri Björnssyni bæjarverkfræðingi fyrstu íbúðarhverfin sem byggðust upp utan Hringbrautar, Norðurmýri og Melahverfi.[107] Árið 1948 kom í fyrsta sinn fram tillaga að skipulagi Reykjavíkur þar sem hugað var að öllu svæðinu að Elliðaám og um leið að svæðaskiptingu og deiliskipulagi. Í deiliskipulagi er gerð frekari grein fyrir notkun lands, tilhögun íbúarhúsa, atvinnu- og þjónustuhúsnæðis, gatna, stofnana, leiksvæða, útivistarsvæða og annars sem þykir þurfa. Eitt það markverðasta í þessu skipulagi var að tekið var mið af hugmyndum um aðgreiningu hverfa eftir landnýtingu. Einnig var umferðagötum í fyrsta sinn skipt niður í þrjá flokka eftir umferðarþunga. Uppdrátturinn var aldrei formlega afgreiddur og mörgum atriðum skipulagsins var síðar breytt frá upphaflegum áformum.[108]



Skipulagstillaga fyrir Reykjavík 1948–1985. Hér er í fyrsta sinn hugað að öllu svæðinu að Elliðaám.[109]

Reykvíkingum fjölgaði um 35 þúsund á fimmta og sjötta áratug 20. aldar og var þörfin mikil fyrir íbúðarhúsnæði.[110] Húsin við Hjarðarhaga, Dunhaga og Tómasarhaga, sem hér eru til umfjöllunar, voru flest byggð á sjötta og sjöunda ártugnum. Á þeim tíma stuðluðu bæjaryfirvöld að byggingu tvíbýlishúsa með lóðaúthlutun sinni því að þannig var talið að bæjarlandið nýttist best miðað við óskir og þarfir íbúa.[111] Húsin sem standa við þessar götur eru flest tveggja og þriggja hæða steinsteypuhús, með einum til tveimur stigauppgöngum.

[107] Páll Líndal: *Bæirnir byggjast*, bls. 203 – Pétur H. Ármannsson: *Einar Sveinsson,* bls. 11.
[108] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur*. Fyrri hluti, bls. 232-233.
[109] Hér er tekið eftir: Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur*. Fyrri hluti, bls. 233.
[110] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur*. Fyrri hluti, bls. 225.
[111] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur*. Fyrri hluti, bls. 321.

Það sem kemur einna mest á óvart við skipulag svæðisins er lagning Tómasarhaga í skeifu. Samkvæmt teikningum af svæðinu frá 1930 virðist ætlunin hafa verið að halda hinni gömlu götu, Garðavegi, á sínum stað og framlengja Arnargötu yfir á Suðurgötu. Fram að þeim tíma hafði ekki tíðkast að leggja götur í skeifu en hér hefur það heppnast afar vel. Þessi tilhögun varð til þess að götumynd Arnargötu hélst að mestu óbreytt sem og umhverfi *Litlabæjar* og *Eyvíkur*. Með lagningu Tómasarhaga hafa merki um upprunalega byggð í hverfinu varðveist enn betur og er það fagnaðarefni.[112]

Frá árinu 1945 fram til dagsins í dag hafa verið reist 16 hús við Fálkagötu sem enn standa. Þau eru flest hver önnur kynslóð húsa á viðkomandi lóðum. Eldri húsin sem þurftu að víkja fyrir þessari næstu kynslóð voru flest hver lítil, einföld timbur- eða steinsteypuhús sem ekki þóttu lengur hentug. Stærri og hærri hús komu því í staðinn. Við Þrastargötu voru reist þrjú ný hús á níunda og tíunda áratugnum sem byggð voru í stíl við þau sem fyrir voru en tekið var fullt tillit til stærðarhlutfalla núverandi byggðar er þau voru reist. Á horni Þrastar-götu og Suðurgötu var reist árið 1959 biðskýli og söluskáli á vegum Reykjavíkurborgar. Þarna var lengi rekin *Simmasjoppa* en húsið var rifið eftir 1986. Eins og áður segir voru flest húsin við Dunhaga, Hjarðarhaga og Tómasarhaga reist á sjötta og sjöunda áratugnum. Þessi hús eru öll til vitnis um hefðbundna húsagerð þess tíma.




Skeifumyndun Tómasarhaga á korti frá 1952.[113]

[112] Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi M. Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir: *Borgarhluti 2. Fyrsta greinargerð frá Árbæjarsafni*, bls. 32.

[113] Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Tómasarhaga.

**Nafngiftir gatnanna**

Fram á fyrstu áratugi 20. aldar tíðkaðist að ný götunöfn í Reykjavík væru dregin af staðháttum eða nöfnum býla. Þegar Reykjavík tók að þenjast út mynduðust margar nýjar götur samtímis og dugði gamla aðferðin þá ekki lengur. Það varð þá úr að í heilum hverfum skyldu vera götunöfn sem minntu hvert á annað. Nafngiftir gatna á Grímsstaðaholti sem vísa til fugla eiga meðal annars rót sína að rekja til þessarar ákvörðunar.[114] Þær götur hverfisins sem byggðust á áratugunum eftir síðari heimsstyrjöld fengu endinguna –hagi og mun það eiga að vísa í býlið Haga við Hofsvallagötu.[115]

**Arnargata**

Gatan er kennd við fuglinn örn. Óvíða er að finna jafnmiklar andstæður á milli nýja tímans og hins gamla eins við þessa götu. Mörgum þykir hún ekki vera meira enn stígur á milli húsanna.[116] Nafn götunnar var samþykkt árið 1919.

**Dunhagi**

Gatan er nefnd eftir býlinu *Dunhaga* í Hörgárdal í Eyjafjarðarsýslu.[117] Nafn götunnar var samþykkt árið 1947. Áður en til lagningar Dunhaga kom var fyrirhugað að gata að nafni **Súlugata** lægi að hluta til á þeim slóðum. Þessi gata var aldrei lögð og ekkert hús hefur verið skráð við hana. Hún virðist þó hafa verið notuð eitthvað til viðmiðunar við staðsetningu húsa og erfðafestulanda. [118] **Súlugata** mun hafa verið hugsuð þannig að hún fylgdi gömlu götunni upp frá Grímsstaðavör og eitthvað til norðausturs. Við götuna austanverða voru taldir *Grímsstaðir* en einnig voru taldir við hana *Bjarnastaðir*, *Staður*, *Signýjarstaði*r og *Grund*.[119]

**Fálkagata**

Gatan er kennd við fuglinn fálka.[120] Nafn götunnar var samþykkt árið 1919.

**Grímshagi**

Gatan dregur nafn sitt af Grímsstaðaholtinu sjálfu.[121] Ekki er að finna hvenær nafn götunnar var samþykkt.

**Hjarðarhagi**

Gatan er nefnd eftir býlinu *Hjarðarhagi* í Norður-Múlasýslu. Nafn götunnar var samþykkt árið 1947. Sá hluti götunnar sem hér er til umfjöllunar var áður nefndur **Lóugata** eftir vorboðanum ljúfa. Það nafn var samþykkt árið 1920. Við Lóugötu stóð áður aflöng steinsteypt skemma sem Stefán Þorláksson reisti um 1930 sem bílageymslu og var skráð Lóugata 2. Stefán er ein af aðalpersónum *Innansveitakroniku* Halldórs Laxness. Viðbygging við austurhlið hússins var síðar notuð til íbúðar, meðal annars af Helga Tryggvasyni bókbindara og víðkunnum bókasafnara.[122]

---

[114] Árni Óla: „Nafngiftir gatna í Reykjavík", bls. 279.
[115] Páll Líndal: Reykjavík. *Sögustaður við Sund*. H-P, bls. 22.
[116] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. A–G, bls. 25.
[117] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. A–G, bls. 115.
[118] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. R–Ö, bls. 106.
[119] Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín*. Viðtal við Eðvard Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið. IV. spóla, útv. 15.08.1971.
[120] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. A–G, bls. 131.
[121] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. A–G, bls. 169.
[122] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. H–P, bls. 44.

**Smyrilsvegur**

Gatan er kennd við fuglinn smyril.[123] Nafn götunnar var samþykkt árið 1920.

**Suðurgata**

Suðurgata er á meðal elstu gatna í Reykjavík. Hún er kennd við eina af höfuðáttunum, suður. Leiða má að því líkur að allt frá upphafi byggðar í Reykjavík hafi legið á þessum slóðum stígur suður í Vatnsmýrina. Nafnið getur líka verið dregið af því að þarna hafi legið leiðin suður í Skildinganes. Eftir að farið var að jarðsetja í kirkjugarðinum var tekið að kalla stíginn Kirkjugarðsstíg, Kirkjugarðsstræti eða Kærlighedsstíg í gamni vegna gönguferða ungs fólks um stíginn. Einnig var hann stundum kallaður Líkhúsastígur. Fram yfir 1950 var sá hluti götunnar sem tekur við sunnan kirkjugarðsins kallaður Melavegur en það heiti er nú fallið í gleymskunnar dá.[124] Suðurgötu er fyrst getið í manntali árið 1888.

**Tómasarhagi**

Gatan er kennd við samnefndan gróðurblett undir Tugnafellsjökli, sem dregur nafn af komu Tómasar Sæmundssonar Fjölnismanns þangað. Hluti af götunni var áður nefndur **Garðavegur** eftir býlinu *Görðum* við Ægisíðu.[125] Ekki er að finna hvenær nafn götunnar var samþykkt.

**Þrastargata**

Gatan er kennd við fuglinn þröst.[126] Nafn götunnar var samþykkt árið 1920.

---

[123] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. R–Ö, bls.72.
[124] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. R–Ö, bls. 94-95.
[125] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. R–Ö, bls. 126.
[126] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. R–Ö, bls. 195.

## Varðveislumat

Byggðina á Grímsstaðaholti má í meginatriðum greina eftir fjórum byggingarskeiðum. Húsin eru ólík hvað varðar aldur og gerð en saman mynda þau fjölbreytta byggð sem er einstök í Reykjavík.

Byggingarskeiðin má skilgreina þannig:

***Frá 1896 til 1918*** reis byggð tómthúsbýla á holtinu upp af Grímsstöðum og Görðunum, sem myndaðist vegna sjósóknar við Skerjafjörð. Enn má sjá leifar af þessari byggð, elstu húsin sem enn standa eru Litlibær við Tómasarhaga 16b og Hólabrekka við Grímshaga 2 og við Arnargötu eru hús sem eru byggð skömmu eftir aldamótin 1900, en sum reist þar sem áður stóðu eldri hús.

***Frá 1919 til 1929*** sem er tíminn eftir fyrra stríð og fram undir kreppu, varð til skipulögð byggð utan meginbyggðar í Reykjavík. Skipulagið fólst í því að götur voru mældar út og það gatnakerfi sem þá varð til er enn til að hluta. Götum í hverfinu voru gefin samræmd nöfn og þær kenndar við fugla. Húsin sem risu voru lítil timburhús og steinhús, hlaðin eða steypt, af alþýðlegri húsagerð. Enn standa hús við Þrastargötu og Fálkagötu sem eru hluti af þeirri byggð sem reis á þessu tímabili.

***Frá 1950 til 1969*** var byggt eftir skipulagi sjötta áratugarins. Að hluta til var byggt á eldra gatnakerfi, en götur voru lengdar eða legu þeirra breytt, svo sem Garðavegur sem varð hluti af Tómasarhaga og Lóugata sem varð austasti hluti Hjarðarhaga. Við hinar nýju götur risu steinsteypt hús byggð í anda byggingarstíla eftirstríðsáranna. Yfirleitt voru nokkrar íbúðir í hverju húsi, frá tví- eða þríbýlishúsum yfir í fjölbýlishús eða blokkir. Byggðin við Dunhaga, Hjarðarhaga og Tómasarhaga er frá þessu skeiði en einnig voru byggð ný hús við Fálkagötu þar sem áður stóðu eldri og minni hús. Dæmi um það eru blokkirnar við Fálkagötu 17-21.

***Eftir 1980*** hafa verið reist stök hús inni í eldri byggð, það á við Þrastargötu, Fálkagötu og Tómasarhaga og hefur í meginatriðum verið reynt að fella ný hús að eldri byggð. Húsin við Fálkagötu 11, 15 og 29, Tómasarhaga 7 og 18 og Þrastargötu 3, 10 og 11, eru dæmi um endurnýjun byggðarinnar.

Þegar meta skal gildi byggðarinnar á Grímsstaðaholti virðist í fljótu bragði vera um að ræða ósamstæða byggð þar sem ægir saman húsum frá ýmsum tímum og af mörgum gerðum. Þegar nánar er skoðað kemur í ljós að í henni má greina byggingar frá nokkrum skeiðum sem mynda þyrpingar sem til samans gera heild. **Það sem gefur byggðinni á Grímsstaðaholtinu sérstakt gildi er heildin frekar en einstök hús og það er yfirbragð byggðarinnar sem leitast skal við að varðveita**.

Við mat á varðveislugildi byggðar er stuðst við svokallaða SAVE-aðferð (Survey of Architectural Value in the Environment). Gerð er grein fyrir aðferðinni í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana,* útgefnu af Húsafriðunarnefnd ríkisins 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti: *byggingarstíl, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð.* Varðveislugildi húsa byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur sem gefin var út sem þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016*, *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*.

Til umfjöllunar eru staðgreinireitirnir **1.553.0**, **1.553.1**, **1.553.2** og hluti af reit **1.554.2** í Reykjavík. Svæðið afmarkast af Tómasarhaga, Dunhaga, Hjarðarhaga, Suðurgötu og lóðum við Fálkagötu 1–13, Grímshaga 2 og Tómasarhaga 7.

**Varðveislumat húsa á ofangreindum staðgreinireitum:**

**RAUÐUR FLOKKUR**: Hús sem huga ber að friðun á.

**Tómasarhagi 16b, Litlibær**. Steinbær með timburviðbyggingum, byggður 1896. Steinbærinn er sérreykvísk húsagerð. Hefur mikið gildi sem vitnisburður um húskost tómthúsmanna á 19. öld og upphaf byggðar í Grímsstaðaholti.

**LJÓSGULUR FLOKKUR**: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda. Verndun byggðamynsturs tekur til eldri byggðar innan reita. Breytingar skulu taka mið af mælikvarða byggðar og hlutföllum húsa.

**1. Arnargata – Tómasarhagi 16b – Grímshagi 2.**

Elsti hluti byggðarinnar á Grímsstaðaholtinu, frá tíma tómthúsbýla. Þar stendur elsta húsið á svæðinu og eini steinbærinn, Litlibær, Tómasarhagi 16B. Húsið nýtur verndar í rauðum flokki, húsa sem lagt er til að verði friðuð. Húsið að Grímshaga 2 er þriðja elsta húsið á svæðinu. Húsin Arnargata 4, 8, 10 og 12 bera með sér minni um elstu byggðina, þó þeim hafi verið mikið breytt á síðustu áratugum.

**2. Þrastargata 3, 3b, 4, 5, 7, 7b, 8, 9, 10 og 11 – Smyrilsvegur 29 og 31.**

Upphafleg byggð við Þrastargötu er heildstæð byggð lítilla húsa sem ber með sér að vera reist eftir skipulagi. Þessi þyrping hefur mikla sérstöðu innan hverfisins og var reist sem bráðabirgðahúsnæði á þriðja áratug tuttugustu aldar til að leysa bráðan húsnæðisvanda á miklu vaxtarskeiði borgarinnar. Megineinkenni húsa er smágert form og fínleg hlutföll. Þar hefur upphaflegt byggðamynstur varðveist og endurnýjun á síðustu áratugum hefur tekið mið af eldri byggð hvað varðar stærð og form húsa og lóðastærðir hafa að mestu haldist óbreyttar.

**3. Fálkagata: Norðan götu 2, 4, 6, 8, 10, 10a, 12, 14-16, 18, 18a, 20, 20a, 20b, 22, 24, 24a, 26, 28, 28b, 30, 30b, 32, 34. Sunnan götu: 1, 3, 5, 7, 9, 11, 13-13a, 15, 17, 19, 21, 23, 23a, 25, 27-27a, 29 – Tómasarhagi 7 og 12 – Smyrilsvegur 28 – Arnargata 14 – Suðurgata 100.**

Um er að ræða fjölbreytta byggð sem hefur haldið megineinkennum sínum þrátt fyrir að mörgum húsum hafi verið breytt, önnur hafi horfið og nýbyggingar risið í þeirra stað. Af götunum á Grímsstaðaholti sem lagðar voru um 1920 má segja að Fálkagata sé aðalgatan í hverfinu þar sem hún liggur frá austri til vesturs frá Dunhaga að Suðurgötu. Hún tengir kjarnana tvo sem eftir eru af elstu byggðinni á holtinu og stendur við Arnargötu og Þrastargötu. Sunnan, vestan og norðan Fálkagötu er yngri byggð við Dunhaga, Hjarðarhaga og Tómasarhaga, en þar var byggt eftir skipulagi frá fimmta áratug tuttugustu aldar.

Byggðin við Fálkagötu ber einkenni skipulagshugmynda frá því um 1920, randbyggð hús sem standa við götuna. Þó hús hafi stækkað á ýmsa vegu, bæði á hæð og breidd, hefur formgerð byggðarinnar haldist og má þar nefna að lóðir hafa ekki verið sameinaðar nema í einstaka

tilvikum. Norðan götu eru fleiri eldri hús sem hafa verið stækkuð en sunnan götu eru fjölbýlishús frá sjötta áratug tuttugustu aldar.

Æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg ummerki um það hvernig hún hefur orðið til og að frekari uppbygging taki tillilt til þessarar sögu og bæti við hana. Víða er að finna vel gerðar breytingar og stækkanir eldri húsa sem hafa má til fyrirmyndar og ennfremur ný hús sem falla vel að eldri byggð. Má þar benda á húsin að Fálkagötu 11 og 24 og Tómasarhaga 7.

**APPELSÍNUGULUR FLOKKUR**: Hús byggð fyrir 1918. Um hús í appelsínugulum flokki gildir að þau eru háð lögum um húsafriðun nr. 104/2001, 6. grein, um allar breytingar á núverandi ástandi.

**Arnargata 4.** Einfalt steinsteypuhús með viðbyggingum, byggt 1912. Hefur mikið gildi sem vitnisburður um upphaf byggðar í Grímsstaðaholti.
**Arnargata 8.** Einfalt bárujárnshús með viðbyggingum, byggt 1903. Hefur mikið gildi sem vitnisburður um upphaf byggðar í Grímsstaðaholti.
**Grímshagi 2.** Einfalt bárujárnshús, byggt 1906. Hefur mikið gildi sem vitnisburður um upphaf byggðar í Grímsstaðaholti.

# HÚSVERNDARKORT REYKJAVÍKUR



# Fornleifar á skipulagssvæðinu



Skráðar fornleifar á skipulagssvæðinu.[127]

Notað var kort frá 1919–1920 til að skrá og staðsetja fornleifar (sjá kort bls. 10).

Á svæðinu er 11 skráðar fornleifar, sjá töflu að neðan:

| Nr. fornl. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | ISN93 X | ISN93 Y | Gatan/nr. | Aldur | Ástand |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5-202 | | Garður | Garður* | 355938,68 | 407241,27 | Tómasarhagi 23 | eldra en 1948 | Ómetið |
| 5-201 | | Rúst | Tóft | 355950,78 | 407230,44 | Tómasarhagi 20 | eldra en 1948 | Ómetið |
| 5-219 | Kvöldroðinn | Hús | Heimild8 | 356139,52 | 407196,59 | Fálkagata | eldra en 1920 | Ómetið |
| 5-220 | | Kofi | Heimild | 356134,28 | 407202,35 | Fálkagata | eldra en 1920 | Ómetið |
| 5-221 | | Hús | Heimild | 356154,72 | 407151,26 | Suðurgata | eldra en 1920 | Ómetið |
| 5-226 | | Hús | Heimild | 356127,31 | 407229,7 | Fálkagata 10 | eldra en 1920 | Ómetið |
| 5-227 | Melshús | Hús | Heimild | 356088,99 | 407312,14 | Hjarðarhagi 11-13 | eldra en 1920 | Ómetið |
| 5-228 | | Hús | Heimild | 356097,26 | 407314,94 | Hjarðarhagi 22 | eldra en 1920 | Ómetið |
| 5-230 | Litlibær/Halldórsbær | Hús | Heimild | 355991,5 | 407228,37 | Tómasarhagi 16b | eldra en 1920 | Ómetið |
| 5-231 | Litlibær/Halldórsbær | Hús | Heimild | 355981,54 | 407222,56 | Tómasarhagi 16b | eldra en 1920 | Ómetið |
| 5-232 | Klapparholt | Hús | Heimild | 355929,08 | 407284,32 | Arnagata 14 | eldra en 1920 | Ómetið |
| 5-233 | Björnshús | Hús | Heimild | 355914,97 | 407302,25 | Dunhagi | eldra en 1920 | Ómetið |

[127] Kort af svæðinu úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR).

Þær minjar sem eru sjáanlegar á yfirborði eru **garður 5-202** og **rúst 5-201** (sjá myndir neðar á síðunni og kort á bls. 10).

**Reykjavík 181285 5-201**
Hlutverk: Rúst
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 355950,78
Y: 407230,44
Hleðsluhæð: 1,2 m
Lengd: 5 m
Breidd: 5 m
Ástand: Ómetið

**Staðhættir:** Rústin er norðan við Tómasarhaga 20. Þarna er grænt svæði og í gegnum það göngustígur sem liggur upp að Arnargötu.

**Lýsing:** Rústin er skeifulaga og liggur norður/suður, er um 5 x 5 m að stærð, breidd veggjar er um 150 cm og hæð um 120 cm. Tilhöggvið stórt grjót í vegg og torf ofan á og á milli. Steinalög mest fimm.



Rúst 5-201.[128]

**Reykjavík 181285 5-202**
Hlutverk: Garður
Tegund: Garður
Staðsetning: X: 355938,68
Y: 407241,27
Hleðsluhæð: 0,5 m
Lengd: 10 m
Breidd: 1-1,5 m
Ástand: Ómetið

**Staðhættir:** Garðurinn er norðan við Tómasarhaga 23. Þarna er grænt svæði og í gegnum það göngustígur sem liggur upp að Arnargötu. Garðurinn er á lóðamörkum Arnargötu 4 í austur.

**Lýsing:** Garðurinn liggur norður/suður og er um 10 m langur og 100-150 cm á breidd. Garðurinn er úr grjóti og með mold á milli og sumir steinar mosavaxnir. Á einum stað er að sjá steypu. Steinalög mest þrjú.




Á korti frá 1948 má sjá rúst 5-201 og garða.[129]

[128] Ljósmynd tekin af Drífu Kristínu Þrastardóttur í mars 2008.

[129] Hluti af korti Mælingadeildar Reykjavíkur frá 1948. Hér tekið eftir eintaki á Minjasafni Reykjavíkur – Árbæjarsafni.

**Niðurstöður**

Fornleifar á skipulagssvæðinu eru að mestu horfinn hús. Þar fyrir utan er að finna hleðslugarða frá síðustu öld og eina skeifulaga rúst. Séu framkvæmdir fyrirhugaðar nálægt minjastöðum skal tilkynna það Fornleifavernd ríkisins eða Minjasafni Reykjavíkur.

# Húsaskrá

**Byggingarár** **1912** 

# Arnargata 4

**Fyrsti eigandi** Sigfús Sveinbjarnarson **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1924 | Viðbygging, skúr | | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Kjallari | 1941 | Viðbygging, skúr | | |
| **Þakgerð** | Flatt þak | Inng.skúr | | Fyrirkomul.breyt. | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | 1993 | Ný klæðning | Sveinn Ívarsson | arkitekt |
| **Undirstöður** | | | | Gluggabreyting | | |
| | | | | Endurbætur | | |
| | | | | Breytt í íbúð, viðb. | | |
| | | | ? | Þakbreyting | | |
| | | | 2002 | Viðbygging | Þorgrímur Eiríksson | verkfr. |
| | | | 2003 | Gluggabreyting | Þorgrímur Eiríksson | verkfr. |
| | | | | Fyrirkomul.breyt. | | |

## Saga

Þar sem þetta hús stendur mun áður hafa verið torfbær, sem kallaður var Nýibær. Árið 1900 var byggður nýr steinbær á lóðinni, en hann brann 1911. Árið 1912 fékk Sigfús Sveinbjarnarsson leyfi til að reisa nýtt íbúðarhús á grunni þess sem brann og er það húsið sem enn stendur á lóðinni. Það var fyrst virt í júlí 1912 og er þá sagt einlyft með kjallara og flötu þaki, byggt úr steinsteypu, með járnþaki og inngönguskúr við austurhlið. Það var í fyrstu nefnt Nýibær eftir eldri bænum en fékk síðar nafnið Skaftafell. Upphaflega var húsið með tenntri þakbrún í kastalastíl og var þess vegna einnig uppnefnt Klumpurinn eða Kastalinn. Árið 1924 var búið að byggja þurrkskúr vestanmegin við húsið, úr steinsteypu á þrjá vegu og með timburrimlum á einni hlið. Árið 1941 var búið að innrétta þrjú íbúðarherbergi í kjallaranum, þar sem áður var séríbúð. Einnig er þá virtur fuglaskúr á lóðinni og geymsluskúr byggður úr bindingi. Fuglaskúrinn er breiðari en þurrkskúrinn frá 1924, en byggður úr sama efni og á sama stað. Ekki er ljóst hvort um sama skúr er að ræða. Geymsluskúrinn var byggður sunnan við og áfastur við fuglaskúrinn. Á stríðsárunum mun þáverandi eigandi hússins, Sigríður Finnbogadóttir, hafa rekið kaffihús í skúrnum vestan við húsið, ásamt dóttur sinni Matthildi Jónsdóttur. Árið 1993 var húsið, ásamt skúrnum, einangrað að utanverðu og klætt með bárujárni og tvöfalt gler sett í glugga. Þá mun skúrinn hafa verið tekinn í notkun sem hluti af húsinu og innréttuð þar borðstofa og eldhús. Sú breyting var samþykkt árið 2002. Einnig hefur verið sett skáþak á húsið, en ekki er ljóst hvenær. Árið 2002 fengu eigendur hússins einnig leyfi til að byggja steinsteyptan kjallara og timburhæð við suður- og austurhlið hússins og endurbyggja skúr á lóðinni. Árið 2003 var sökkulrými undir anddyri í hinni nýju viðbyggingu breytt í geymslu og gluggar á norðausturhlið hækkaðir.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús með viðbyggingum.

**Menningarsögulegt gildi:** Hefur mikið gildi sem vitnisburður um upphaf byggðar í Grímsstaðaholti.

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Byggt hefur verið við húsið og útliti þess breytt með nýju þaki og klæðningu.

**Varðveislugildi:** **Húsið nýtur verndar í appelsínugulum flokki, þ.e. allar breytingar eru háðar lögum um húsafriðun nr. 104/2001, vegna aldurs. Lagt er til að Arnargata og umhverfi njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem elsti hluti byggðar á Grímsstaðaholti.**

**Byggingarár** **1903** **Arnargata 8**

**Fyrsti eigandi** Jón Jónsson **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1910 | Útihús | | |
| **Klæðning** | Bárujárn | Ris | 1920 | Endurbætur | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari | 1934 | Útihús | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Inng.skúr | | Fyrirkomul.breyt. | | |
| **Undirstöður** | Hlaðnar úr grjóti | | 1946 | Viðbygging | | |
| | | | | Endurbætur | | |
| | | | | Útihúsum breytt | | |
| | | | 1979 | Endurbætur | | |
| | | | 1990 | Viðbygging | Knútur Jeppesen | arkitekt |
| | | | 1991 | Svalir | Knútur Jeppesen | arkitekt |
| | | | 2005 | Inngönguskúr | Anna Sigríður Jóhannsdóttir | arkitekt |

## Saga

Árið 1903 byggði Jón Jónsson nýtt hús á lóð sem tilheyrði bænum Klapparholti. Húsið var byggt nokkru austar en Klapparholt og kallað Eyvík. Þetta er einlyft hús með kjallara og lágu risi, byggt af bindingi og klætt utan með járni á veggjum og þaki. Við vesturgafl var upphaflega minni inngönguskúr. Árið 1910 var virt á lóðinni nýtt einlyft hús úr bindingi fyrir heygeymslu og fjós, með áföstum hjalli við vesturgafl. Árið 1919 keypti Jón Kristmundsson sjómaður Eyvík og var eignin í eigu fjölskyldu hans til ársins 1975. Árið 1920 var búið að leggja vatnsleiðslur í húsið. Árið 1924 var búið að rífa niður hlöðuna og fjósið frá 1910, en hjallurinn stóð eftir. Árið 1934 var búið að gera eldhús í helmingi kjallarans. Einnig er þá virt nýtt fjós og heyhlaða úr bindingi á lóðinni. Samkvæmt kortum hafa þessi hús staðið norðaustan við íbúðarhúsið. Á árunum 1943-1944 var búskap hætt í Eyvík og mun hlaðan þá hafa verið innréttuð í stofu og gang. Á stríðsárunum hætti Jón Kristmundsson einnig á sjónum og munu hann og sonur hans Kristmundur þá hafa komið upp trésmíðaverkstæði í einu af útihúsunum. Árið 1946 var búið að setja í miðstöð í húsið, steypibað og rafmagnseldavél og byggja einlyfta holsteinsviðbyggingu við austurgafl, sem kölluð var Meyjarskemman því þar höfðu dæturnar herbergi. Einnig var búið að breyta þurrkhjallinum í þvottahús og sameina hann fjósinu, sem nú var virt sem viðbygging. Hlöðunni var búið að breyta í geymslu. Árið 1979 höfðu einhverjar endurbætur verið gerðar á húsinu, en ekki er ljóst í hverju þær fólust. Útihúsin eru þá ekki virt og hafa líklega verið rifin. Árið 1990 var gerð ný viðbygging, einlyft með kjallara, austan megin við húsið. Árið 1991 voru gerðar svalir á suðurhlið viðbyggingarinnar. Árið 2005 var anddyrið á vesturgafli hússins endurbyggt og stækkað og niðurgrafin geymslubygging úr steinsteypu byggð við suðurmörk lóðarinnar.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt bárujárnshús með viðbyggingum.

**Menningarsögulegt gildi:** Hefur mikið gildi sem vitnisburður um upphaf byggðar í Grímsstaðaholti.

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Byggt hefur verið við húsið en elsti hluti þess er óbreyttur að mestu frá upprunalegri gerð.

**Varðveislugildi:** **Húsið nýtur verndar í appelsínugulum flokki, þ.e. allar breytingar eru háðar lögum um húsafriðun nr. 104/2001, vegna aldurs. Lagt er til að Arnargata og umhverfi njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem elsti hluti byggðar á Grímsstaðaholti.**

**Byggingarár** **1920** **Arnargata 10**

**Fyrsti eigandi** Benedikt Sæmundsson **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1996 | Hækkun | Andrés Narfi Andrésson | arkitekt |
| **Klæðning** | Bárujárn | Kjallari | | Viðbygging | | arkitekt |
| **Þakgerð** | | Ris | 2001 | Svalir | Andrés Narfi Andrésson | arkitekt |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Inng.skúr | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Húsið var fyrst virt árið 1920. Þetta er einlyft hús með kjallara, risi og inngönguskúr við norðurhlið, byggt úr bindingi og klætt með járni á veggjum og þaki. Upphaflega stóð þetta hús á lægri kjallara og var mun lágreistara en nú. Árið 1996 var samþykkt leyfi til að byggja við húsið og hækka það úr steinsteypu og timbri. Þá var kjallari þess hækkaður, sem og þakið, og byggt á það port og kvistir. Einnig virðist inngönguskúrinn við norðurhlið hafa verið stækkaður og hækkaður og gluggar færðir til eldra horfs. Árið 2001 fékkst leyfi til að gera svalir framan á kvistinn á suðurhlið hússins. Einnig hafa verið settar svalir eða verönd við austurgafl hússins.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt bárujárnshús með sveitseráhrifum.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Talsvert breytt frá upprunalegri gerð, hefur verið hækkað og breytt með porti og kvistum.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að Arnargata og umhverfi njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur.**

**Byggingarár** **1920** **Arnargata 12**

**Fyrsti eigandi** Benedikt Sæmundsson

**Hönnun** Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1923 | Íbúð í risi | | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Port | 1946 | Viðbygging | | |
| **Þakgerð** | | Ris | 1992 | Rifinn skúr á lóð | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | 1992 | Ný klæðning | Hilmar Þór Björnsson | arkitekt |
| **Undirstöður** | | | | Útlitsbreyting | | |
| | | | | Sólskáli | | |
| | | | 2002 | Útlitsbreyting á sólskála | Hilmar Þór Björnsson | arkitekt |
| | | | | Fyrirkomul.breyt. 1. hæð | | |

## Saga

Gerðar hafa verið miklar útlitsbreytingar á þessu húsi. Það var fyrst virt í febrúar 1920 og er þá lýst sem einlyftu, steinsteyptu húsi með porti, risi og járnþaki. Í því var upphaflega ein íbúð en árið 1923 var búið að innrétta tvö íbúðarherbergi og eldhús á þaklofti. Hús þetta mun hafa verið kallað *Stefnishúsið* eftir að það var keypt af útgerðarfélaginu Stefni. Árið 1946 var búið að byggja steinsteypta viðbyggingu við vesturhlið hússins. Þar var þvottahús með potti og geymslu. Ennfremur hafði húsið verið endurbætt á þann hátt að sett hafði verið í það nýtt steinsteypugólf og miðstöð. Árið 1992 var samþykkt að rífa mætti skúr sem stóð í norðausturhorni lóðarinnar. Ekki er vitað hvenær hann var byggður. Sama ár var óskað eftir leyfi til að byggja við húsið og gera á því breytingu skv. uppdrætti Hilmars Þórs Björnssonar. Þá var húsið allt endurnýjað og einangrað og klætt utan með stenex-plötum. Við það breyttist útlit þess mikið. Einnig var þá byggður við það sólskáli úr timbri og gleri. Árið 2002 fékkst leyfi til að breyta timburvegg í sólskálanum í steinsteyptan vegg og glerþaki í bárujárnsklætt þak. Um leið voru samþykktar smávægilegar breytingar á innra skipulagi 1. hæðar.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Mikið breytt frá upphaflegri gerð, hefur verið stækkað og breytt í útliti með nýrri klæðningu.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að Arnargata og umhverfi njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur.**

Byggingarár **1988** 

# Arnargata 14

**Fyrsti eigandi** Sölvi Óskarsson

**Hönnun** Helgi Hjálmarsson og Vilhjálmur Hjálmarsson

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

**Tegund** Steinsteypt

**Klæðning**

**Þakgerð**

**Þakklæðning**

**Undirstöður**

**Útlit**

Tvílyft
Kjallari
Ris

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi og bílskúr úr steinsteypu á lóðinni var veitt í maí 1984. Húsið var teiknað og byggt sem ein heild með húsinu Fálkagötu 29, á horni Fálkagötu og Dunhaga. Helgi Hjálmarsson og Vilhjálmur Hjálmarsson, arkitektar, teiknuðu húsin. Bílskúr sem fylgir húsinu stendur á annarri lóð sunnan Arnargötu. Þar stóð áður torfbærinn Klapparholt. Byggingu hússins mun hafa verið lokið árið 1988.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá níunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að Arnargata og umhverfi njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur.**

**Byggingarár** **1958** 

# Dunhagi 19

**Fyrsti eigandi** Gunnlaugur Þórðarson o.fl.

**Hönnun** Sigvaldi Thordarson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús



**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) |
| **Þakklæðning** | Steypt |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Þrílyft
Ris
Kjallari
Svalir

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Leyfi fékkst fyrir húsinu árið 1955. Fyrstu teikningar af húsinu eru frá 1955 og 1956. Húsið var virt í apríl 1958 og var þá fullbyggt. Það er þrílyft, með skáþaki, risi, kjallara og svölum, byggt úr steinsteypu, slétthúðað að utan og með steyptu þaki. Samkvæmt fyrstu virðingu af húsinu eru tveir bílskúrar byggðir undir húsið og er annar innréttaður sem íbúðarbergi. Ein íbúð er á hverri hæð og í kjallara.

Kvikmyndin *´79 af stöðinni* var tekin að hluta í einni íbúð hússins.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjötta áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga um sérstök verndunarákvæði.**

**Byggingarár** **1958** **Dunhagi 21**

**Fyrsti eigandi** Gunnlaugur Þórðarson o.fl.

**Hönnun** Sigvaldi Thordarson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | múrhúðað |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) |
| **Þakklæðning** | Steypt |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Þrílyft
Kjallari
Svalir
Ris

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Leyfi fékkst fyrir húsinu árið 1955. Fyrstu teikningar af húsinu eru frá 1955 og 1956. Húsið var virt í nóvember 1958 og var þá fullbyggt. Það er þrílyft, með skáþaki, risi, kjallara og svölum, byggt úr steinsteypu, slétthúðað að utan og með steyptu þaki. Samkvæmt fyrstu virðingu af húsinu eru tveir bílskúrar byggðir undir húsið og er annar innréttaður sem íbúðarbergi. Ein íbúð er á hverri hæð og í kjallara.

Árið 1985 var samþykkt að breyta svölum á 1. hæð samkvæmt teikningum Hjörleifs Stefánssonar en það var síðar fellt úr gildi.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjötta áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga um sérstök verndunarákvæði.**

**Byggingarár** **1961** # Dunhagi 23

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Þórir Baldvinsson og Sigurður Geirsson

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús og verslun



**Upphafleg gerð**

| | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Fjórlyft | 1993 | Íbúð sþ. | Ágúst Þórðarson |
| **Klæðning** | Múrsléttað | | | | |
| **Þakgerð** | | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Leyfi fékkst fyrir húsinu árið 1960. Fyrstu teikningar af húsinu eru frá sama ári. Húsið var virt í september 1961 og var þá fullbyggt. Það er fjórlyft íbúðar- og verslunarhús úr steinsteypu, slétthúðað og málað að utan með járnklæddu þaki. Samkvæmt fyrstu virðingu af húsinu eru á 1. hæð þess blómaverslun, rakarastofa og fatamóttaka fyrir fatahreinsun. Á 2., 3. og 4. hæð hússins eru tvær íbúðir, fimm og fjögurra herbergja.

Árið 1990 var synjað um að breyta hárgreiðlsustofu í íbúð. Árið 1993 er samþykkt áður gerð íbúð á 1. hæð til hægri í húsinu.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjöunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga um sérstök verndunarákvæði.**

**Byggingarár** **1968** 

# Fálkagata 1

**Fyrsti eigandi** Kjartan Ólafsson

**Hönnun** Kjartan Sveinsson tæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Þrílyft | 2004 | Íbúð í risi sþ. | | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Ris | 2004 | Reyndarteikn. sþ. | Friðrik Friðriksson | arkitekt |
| **Þakgerð** | | | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Á lóðinni stóð áður einlyft timburhús sem byggt var árið 1929. Í maí 1966 fékkst leyfi til að byggja nýtt íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni og var það fyrst virt í febrúar 1968. Ekki er ljóst hvenær fyrir þann tíma eldra húsið var rifið. Hús þetta er þrílyft, með þakhæð sem var óinnréttuð þegar húsið var fyrst virt. Það er byggt úr steinsteypu og slétthúðað og málað að utan, en klætt bárujárni á þaki. Á hverri hæð hússins hefur frá upphafi verið ein íbúð. Árið 2004 var samþykkt íbúð í risi hússins og reyndarteikningar af húsinu. Þar er gerð grein fyrir breytingum á útliti hússins, innra fyrirkomulagi á 1. hæð og áður gerðri íbúð á rishæð.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjöunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1923** # Fálkagata 2

**Fyrsti eigandi** Matthías Lýðsson **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús






**Upphafleg gerð**

| | | **Útlit** |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft |
| **Klæðning** | | Ris |
| **Þakgerð** | Mænisþak | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | | |

**Helstu breytingar** / **Hönnuðir breytinga**

| | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|
| 1926 | Inngönguskúr | | |
| 1929 | Hækkun | Þorlákur Ófeigsson | bygg.m |
| 1932 | Viðbygging | Þorlákur Ófeigsson | bygg.m |
| 1946 | Gluggabreyting<br>Endurbætur | | |
| 1955 | Fyrirkomul.breyt. | Guðmundur H. Þorláksson | bygg.m |
| 1957 | Viðbygging | Guðmundur H. Þorláksson | bygg.m |
| >1965 | Viðbygging | ? | |
| 1983 | Ný klæðning<br>Útlitsbreyting | Einar V. Tryggvason | arkitekt |

## Saga

Leyfi fékkst fyrir húsinu í júní 1923 og í september sama ár var það fyrst virt. Það er þá sagt einlyft með risi, byggt úr steinsteypu og með járnþaki. Á aðalhæð þess var íbúð, en risið var í fyrstu ófullgert. Árið 1926 var húsið fullgert að smíði og frágangi. Þá var búið að innrétta risið, byggja nýjan steinsteyptan inngönguskúr við norðurhlið og sementsslétta húsið að utan. Árið 1929 var húsið hækkað um eina hæð og ris, svo að það var þá orðið tvílyft. Á nýju hæðinni var innréttuð önnur íbúð. Árið 1932 var byggð einlyft, steinsteypt viðbygging við austurgafl, múrsléttuð að utan og hornsneidd á suðausturhorni. Í henni var sölubúð og geymsluherbergi. Árið 1946 var búið að gera miklar endurbætur á húsinu, setja í það miðstöð og nýja verslunarinnréttingu í viðbygginguna, auk þess sem þar höfðu verið settar sýningarrúður í glugga. Árið 1955 virðist verslunarrýmið hafa verið stækkað inn þar sem áður var geymsluherbergi og inn í hluta af neðri hæð íbúðarhússins. Einnig voru gluggar á viðbyggingunni gerðir að stærri verslunargluggum, sem og annar glugginn á framhlið íbúðarhússins, og settar dyr á framhliðina. Árið 1957 var byggð einlyft viðbygging á lóðinni aftan við húsið, með rými fyrir sölubúð og mjólkursölubúð sem gengið var inn í frá Suðurgötu. Á árunum 1960-65 var ráðgert að byggja eina hæð til viðbótar ofan á húsið og stóra viðbyggingu til norðurs en ekki varð af þeim framkvæmdum. Þó hefur verið byggt að hluta til ofan á viðbygginguna aftan við húsið. Einnig hefur gluggum á efri hæð hússins verið breytt en ekki er ljóst hvenær. Árið 1983 virðist hafa verið sett ný veggklæðning á húsið og skyggni á viðbygginguna aftan við það.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:** Hornhús.

**Upprunaleg gerð:** Nokkuð breytt frá upprunalegri gerð, hækkað og stækkað með viðbygginum.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1966** 

# Fálkagata 3

**Fyrsti eigandi** Guðmundur Ármannsson o.fl.

**Hönnun** Gísli Halldórsson, Jósef Reynis, Ólafur Júlíusson

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Þrílyft
Ris

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Á lóðinni sem nú telst nr. 3-5 við Fálkagötu stóð áður einlyft timburhús sem byggt var árið 1896 og var kallað Kvöldroðinn. Það var skráð sem Fálkagata 7. Í desember 1965 var ákveðið að breyta tölusetningu lóðarinnar úr Fálkagötu 7 í Fálkagötu 3-5. Í apríl 1966 fékkst leyfi til að byggja nýtt íbúðarhús á lóðinni og það ár var húsið Kvöldroðinn fjarlægt. Það mun hafa verið endurbyggt sem sumarbústaður. Gísli Halldórsson arkitekt, Jósef Reynis arkitekt og Ólafur Júlíusson byggingarfræðingur hjá Teiknistofunni sf. teiknuðu nýju bygginguna. Hún er skráð sem tvö hús, Fálkagata 3 og Fálkagata 5. Húsið Fálkagata 3 var virt í desember 1966 og var þá fullbyggt. Þetta er þrílyft hús með risi, byggt úr steinsteypu, slétthúðað og málað að utan, með járnklæddu þaki. Á hverri hæð þess eru tvær íbúðir.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjöunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** 1926 # Fálkagata 4

**Fyrsti eigandi** Þorsteinn Halldórsson **Hönnun** Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1938 | Inngönguskúr | Þórir Baldvinsson | arkitekt |
| **Klæðning** | | Ris | 1949 | Viðbygging | Finnur Ó. Thorlacius | arkitekt |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | Endurbætur | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | 1965 | Viðbygging | Halldór Halldórsson | teiknari |
| **Undirstöður** | | | 1983 | Svalir | Þorvaldur Kristmundsson | arkitekt |

## Saga

Í október 1924 fékkst leyfi til að byggja íbúðarhús á lóðinni. Húsið var fyrst virt í janúar 1926 og var þá fullbyggt. Þetta er einlyft hús með risi, byggt úr steinsteypu og með járnþaki. Í húsinu var ein íbúð. Í nóvember 1938 var búið að byggja inngöngu- og geymsluskúr úr steinsteypu við bakhlið hússins. Þá var einnig búið að múrslétta húsið allt að utan. Á árunum 1945-46 fékkst leyfi til að stækka og hækka húsið um eina hæð, en það var ekki framkvæmt. Á árunum 1948-49 var byggð einlyft viðbygging með risi út frá norðurhlið hússins inn á baklóðina. Hún var byggð úr steinsteypu, einangruð með vikurplötum, múrhúðuð og með járnþaki. Í henni var baðherbergi, þvottahús og geymsla. Enn fremur var búið að gera ýmsar endurbætur á húsinu. Árið 1955 fékkst aftur leyfi til að stækka og breyta húsinu og var þá gerð viðbygging við vesturgafl þess, en hún var ekki virt fyrr en árið 1965. Viðbygging þessi er með risþaki og stórum kvisti að framanverðu (sem nær að hluta inn á rishæð eldri hlutans) en tvílyft að aftanverðu, byggð úr steinsteypu, slétthúðuð og máluð að utan og með járnþaki. Í viðbyggingunni var innréttuð ný íbúð og virðist ekki vera innangengt milli hennar og eldri hluta hússins. Árið 1983 fékkst leyfi til að setja svalir á kvistinn framan á húsinu.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Nokkuð breytt frá upprunalegri gerð, stækkað með viðbyggingum og kvisti.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1968** 

# Fálkagata 5

**Fyrsti eigandi**

**Hönnun** Gísli Halldórsson, Jósef Reynis, Ólafur Júlíusson

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Þrílyft
Ris

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Hér um bil þar sem húsið Fálkagata 5 stendur nú (eða þar sem nú eru bílastæði framan við húsið) stóð áður einlyft timburhús sem byggt var árið 1896 og var kallað Kvöldroðinn. Það var skráð sem Fálkagata 7. Í desember 1965 var ákveðið að breyta tölusetningu lóðarinnar úr Fálkagötu 7 í Fálkagötu 3-5. Í apríl 1966 fékkst leyfi til að byggja nýtt íbúðarhús á lóðinni og það ár var húsið Kvöldroðinn fjarlægt. Það mun hafa verið flutt að Neistastöðum í Flóa og gert að sumarbústað. Nýju bygginguna teiknuðu Gísli Halldórsson arkitekt, Jósef Reynis arkitekt og Ólafur Júlíusson byggingarfræðingur hjá Teiknistofunni sf. Hún er skráð sem tvö hús, Fálkagata 3 og Fálkagata 5. Húsið Fálkagata 5 var virt í september 1968 og var þá fullbyggt. Þetta er þrílyft hús með risi, byggt úr steinsteypu, slétthúðað og málað að utan, með járnklæddu þaki. Á hverri hæð þess eru tvær íbúðir.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjöunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1970** 

# Fálkagata 6

**Fyrsti eigandi** Kjartan Ólafsson o.fl.

**Hönnun** Kjartan Sveinsson tæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús



**Upphafleg gerð**

| | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | |
| **Þakgerð** | Skáþak (skúrþak) | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | | |

**Útlit**

Þrílyft
Svalir

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Á lóðinni stóð áður einlyft steinhús sem byggt var árið 1923. Á árunum 1957-60 var ráðgert að byggja nýtt íbúðarhús á lóðinni en ekki varð af þeim áformum fyrr en árið 1968, þegar enn á ný fékkst leyfi fyrir nýju íbúðarhúsi á þessum stað. Það var virt í maí 1970 og var þá fullbyggt. Ekki er ljóst hvenær fyrir þann tíma eldra húsið var fjarlægt. Hús þetta er þrílyft, byggt úr steinsteypu, slétthúðað og málað utan og með járnþaki. Á hverri hæð þess er ein íbúð.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá áttunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1919**

# Fálkagata 7

**Fyrsti eigandi** Stefán Árnason
ökumaður

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun**
Íbúðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1926 | Útihús | Pjetur Ingimundarson | bygg.m |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Kjallari | | Skúr á lóð | | |
| **Þakgerð** | | Inng.skúr | 1928 | Viðbygging | Pjetur Ingimundarson | bygg.m |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | Hækkun | | |
| **Undirstöður** | | | | Íbúð í kjallara | | |
| | | | | Endurbætur | | |
| | | | 1951 | Atv.húsn. innr. | Sigmundur Halldórsson | arkitekt |
| | | | | Gluggabreyting | | |
| | | | 1952 | Atv.húsn. innr. | Sigmundur Halldórsson | arkitekt |
| | | | | Gluggabreyting | | |
| | | | | Fyrirkomul.breyt. | | |

## Saga

Hús þetta var fyrst virt í september 1919 og var þá fullbyggt. Það var áður skráð sem Fálkagata 9. Þetta er einlyft hús með kjallara, byggt úr steinsteypu, sementssléttað utan og með járnþaki. Upphaflega var það án rishæðar. Í því voru tvö íbúðarherbergi og eldhús í kjallara. Við vesturgafl var inngönguskúr úr bindingi, klæddur utan með pappa á þaki og veggjum. Vestar á sömu lóð var hlaða úr bindingi og við vesturgafl hennar var skúr, byggður úr sama efni. Þar var hænsnahús og hesthús. Árið 1926 var búið að rífa þessi útihús og byggja nýtt steinsteypt fjós á lóðinni með básum fyrir sex kýr og heyhlöðu úr bindingi, áfasta við fjósið. Einnig geymsluskúr úr bindingi, áfastan við fjósið, sem notaður var sem hesthús. Árið 1928 var búið að rífa inngönguskúrinn við vesturgaflinn og byggja við húsið að framanverðu og vestanverðu þannig að það mældist um 2,5 m lengra og tæplega helmingi breiðara en áður. Einnig var búið að byggja ris á húsið. Í kjallara var búið að innrétta séríbúð og íbúð á aðalhæð var nú orðin fjögurra herbergja. Árið 1947 var byggt nýtt tvílyft íbúðarhús vestan við þetta, húsið Fálkagata 9 (áður 9a). Á árunum 1951-52 var áformað að innrétta verslun þar sem áður var geymsla í austurhluta kjallara en ekki er að sjá að tilheyrandi breytingar hafi verið gerðar á húsinu. Árið 1965 var ákveðið að breyta tölusetningu lóðarinnar úr Fálkagötu 9 í Fálkagötu 7-9 og fékk þetta hús þá númerið Fálkagata 7. Árið 1977 var lóðinni skipt í tvær lóðir nr. 7 og nr. 9. Í desember 2007 var samþykkt leyfi til að byggja kvisti á rishæð hússins, tvo á hvora hlið, eftir teikningum Einars Ingimarsonar arkitekts.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Hefur verið breytt en í samræmi við upprunalega gerð.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1923** **Fálkagata 8**

**Fyrsti eigandi** Egill Jónsson **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1926 | Viðbygging | | |
| **Klæðning** | | | 1964 | Viðbygging | Kjartan Sveinsson | tæknifr. |
| **Þakgerð** | Skáþak (skúrþak) | | | Hækkun | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Hús þetta var fyrst virt í byrjun nóvember 1923 og var þá að ýmsu leyti ófullgert. Leyfi fyrir byggingu hússins var ekki fengið fyrr en síðar í sama mánuði. Hús þetta er byggt úr steinsteypu og var upphaflega mun minna en nú, einungis ein hæð með járnklæddu skáþaki. Í því voru þrjú íbúðarherbergi og eldhús. Húsið var virt að nýju í lok árs 1926 og var þá fullgert að smíði, auk þess sem það hafði verið lengt um tæpa 3 metra. Við það bættist við eitt íbúðarherbergi, geymsla og gangur í húsið. Húsið virðist hafa staðið óbreytt næstu áratugina, en árið 1957 var samþykkt leyfi til að stækka það og hækka um eina hæð. Árið 1960 fékkst aftur leyfi til að breyta húsinu og hækka það. Þegar það var næst virt, í febrúar 1964, var búið að breyta því mikið, lengja það til austurs, breikka það til norðurs og byggja ofan á það tvær nýjar hæðir með svölum og skáþaki. Á hvorri hæð var ein ný íbúð en á jarðhæð bættist við stigahús, þvottahús og undirgangur. Einnig hefur gluggum á jarðhæð verið breytt.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjöunda áratug 20. aldar, en var upphaflega einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Mikið stækkað og breytt frá upprunalegri gerð.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1950** # Fálkagata 9

**Fyrsti eigandi** Stefán Árnason
ökumaður

**Hönnun** Sigmundur Halldórsson
arkitekt

**Upphafleg notkun**
Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | Útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | 1989 | Íbúð í kjallara sþ. | | |
| **Klæðning** | Kvarts | Ris | 2006 | Nýtt þak | Guðni Pálsson | arkitekt |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari | | Kvistir | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Svalir | | Svalir | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Árið 1947 fékk eigandi hússins Fálkagötu 7 (sem þá var nr. 9) leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús á lóðinni og var þá byggt nýtt hús vestan við það eldra, húsið Fálkagata 9 (þá 9a). Húsið var fyrst virt í nóvember 1950 og var þá fullbyggt. Þetta er tvílyft hús með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu, kvartshúðað að utan og með járnþaki. Á hvorri hæð hússins hafa frá upphafi verið tvær íbúðir og ein íbúð í kjallara. Árið 1951 var húsið óbreytt samkvæmt samræmismati og virðist ekki hafa verið breytt síðan. Árið 1965 var ákveðið að breyta tölusetningu lóðarinnar úr Fálkagötu 9 í Fálkagötu 7-9 og fékk þetta hús þá númerið Fálkagata 9. Árið 1977 var lóðinni skipt í tvær lóðir nr. 7 og nr. 9. Árið 1989 var samþykkt áður gerð íbúð í kjallara hússins nr. 9. Árið 2006 var samþykkt leyfi til að endurnýja þak hússins og koma fyrir fjórum kvistum á því, tveimur á hvorri hlið, sem og tvennum svölum á suðurhlið.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjötta áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt, utan þess að settir hafa verið kvistir á það.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1927** # Fálkagata 10

**Fyrsti eigandi** Frímann Einarsson

**Hönnun** Pjetur Ingimundarson byggingarmeistari

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | |
| **Klæðning** | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | | |

**Útlit**

Einlyft
Ris

| **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|
| 1943 | Viðbygging | Pjetur Ingimundarson | bygg.m |
| 1946 | Bílskúr | Þorlákur Ófeigsson | bygg.m |
| 1948 | Viðbygging við bílskúr | Þorlákur Ófeigsson | bygg.m |
| 1952 | Viðbygging, þvottahús | Þorlákur Ófeigsson | bygg.m |
| 1963 | Hækkun | Bjarni Óskarsson | tæknifr. |
| 2002 | Reyndarteikn. sþ. | | |

## Saga

Árið 1926 var lóðinni skipt í framlóð nr. 10 og baklóð nr. 10a og um leið fékkst leyfi fyrir íbúðarhúsi úr steinsteypu á framlóðinni. Pjetur Ingimundarson gerði teikningar að húsinu og samkvæmt þeim var ætlunin að það yrði tvílyft. Í janúar 1927 var húsið fyrst virt og var þá fullbyggt, en einungis var byggð ein steinsteypt hæð með risi. Húsið virðist einnig hafa verið styttra í upphafi en teikningarnar gerðu ráð fyrir. Í því voru þrjú íbúðarherbergi og eldhús. Í október 1943 var búið að gera viðbyggingu við húsið og virðist það þá hafa verið lengt meðfram götu, á þann hátt sem teikningar Pjeturs Ingimundarsonar höfðu gert ráð fyrir. Viðbyggingin var einlyft með risi, byggð úr steinsteypu og með járnþaki. Í henni var séríbúð. Árið 1946 var byggður steinsteyptur bílskúr aftast á lóðinni, við mörk lóðarinnar nr. 10a. Árið 1948 fékkst leyfi til að stækka bílskúrinn með lítilli viðbyggingu við suðurhlið, en við samræmismat 1951 var stærð bílskúrsins óbreytt. Þessi viðbygging virðist þó hafa verið reist og stendur enn á lóðinni. Árið 1952 var byggt þvottahús við norðurhlið íbúðarhússins. Að norðanverðu var það sambyggt viðbyggingunni við bílskúrinn. Það stendur einnig enn á lóðinni. Árið 1959 fékkst leyfi til að stækka húsið. Þegar það var næst virt, í febrúar 1963, var búið að hækka það um eina hæð úr steinsteypu, svo að það var orðið tvílyft. Sett var á það bráðabirgðaþak klætt járni. Með nýju hæðinni bættust við tvær litlar íbúðir. Einnig hefur verið byggt ofan á bílskúrinn á lóðinni, en ekki er ljóst hvenær það var gert. Árið 2002 voru samþykktar reyndarteikningar af húsinu. Árið 2003 var samþykkt að fella niður niðurrifskvöð á lóðinni.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Talsvert breytt frá upprunalegri gerð, hækkað og stækkað með viðbyggingum.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1926** # Fálkagata 10a

**Fyrsti eigandi** Frímann Einarsson

**Hönnun** Pjetur Ingimundarson byggingarmeistari

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús




**Upphafleg gerð**

| | | Útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1960 | Viðbygging | |
| **Klæðning** | | | 1992 | Viðbygging sþ. | |
| **Þakgerð** | Skáþak (skúrþak) | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Hús þetta var fyrst virt í byrjun júlí 1926 og var þá fullgert. Ekki var þó sótt um leyfi fyrir byggingu þess fyrr en í ágúst sama ár. Þá var samþykkt að skipta lóðinni í framlóð nr. 10 og baklóð nr. 10a. Bygging hússins nr. 10a var svo samþykkt í byrjun september sama ár. Þetta er einlyft hús með skáþaki, byggt úr steinsteypu og með járnþaki. Í því var frá upphafi lítil íbúð og er það enn notað til íbúðar. Árið 1960 var byggð viðbygging austan við og framan við húsið en ekki er að finna leyfi fyrir henni. Hún var samþykkt árið 1992 með því skilyrði að hún yrði rifin borgarsjóði að kostnaðarlausu þegar krafist yrði.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Nokkuð breytt frá upprunalegri gerð, stækkað með viðbyggingu.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** 1984

# Fálkagata 11

**Fyrsti eigandi** Kristinn Bjarnason

**Hönnun** Sigurður Björgúlfsson og Hróbjartur Hróbjartsson

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | Útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | 1985 | Einni íb. breytt | Hróbjartur Hróbjartsson | arkitekt |
| **Klæðning** | | Ris | | í tvær á rishæð | Sigurður Björgúlfsson | arkitket |
| **Þakgerð** | | Kjallari | | | | |
| **Þakklæðning** | | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Áður stóð á lóðinni einlyft steinhús sem byggt var árið 1919. Árið 1983 var samþykkt leyfi til að rífa það hús og byggja nýtt íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni. Sigurður Björgúlfsson og Hróbjartur Hróbjartsson hjá Vinnustofu arkitekta hf. teiknuðu húsið. Byggingu hússins mun hafa verið lokið árið 1984. Þetta er tvílyft hús með kjallara og risi. Í nóvember 1985 fékkst leyfi til að breyta innréttingu á rishæð hússins og gera þar tvær íbúðir í stað einnar. Sigurður Björgúlfsson og Hróbjartur Hróbjartsson teiknuðu breytingarnar.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá níunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1922** # Fálkagata 12

**Fyrsti eigandi** Önundur Jósefsson **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | Útlit |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft |
| **Klæðning** | | Ris |
| **Þakgerð** | Mænisþak | |
| **Þakklæðning** | Pappi | |
| **Undirstöður** | | |

**Helstu breytingar** / **Hönnuðir breytinga**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1951 | Viðbygging | Guttormur Andrésson | arkitekt |
| 1963 | Viðbygging | Kjartan Sigurðsson | arkitekt |
| | Hækkun | | |

## Saga

Leyfi fékkst fyrir einlyftu íbúðarhúsi á lóðinni í desember 1921. Húsið var fyrst virt í febrúar 1922 og var þá ekki fullgert. Þetta var upphaflega mun minna hús en nú, einungis ein hæð með risi, byggð úr steinsteypu og með pappaþaki. Í húsinu voru tvö íbúðarherbergi, eldhús og geymsla. Húsið virðist hafa staðið óbreytt næstu áratugina. Árið 1948 fékkst síðan leyfi til að gera viðbyggingu við það. Þegar húsið var næst virt, í ágúst 1951, var búið að lengja það til vesturs með steinsteypri viðbyggingu. Viðbyggingin var byggð lengra inn á lóðina en húsið sjálft og með hærra þaki, en teikningar að henni gerðu ráð fyrir að húsið yrði seinna einnig stækkað til austurs og norður og hækkað um eina hæð. Árið 1960 fékkst svo leyfi til að stækka og hækka húsið. Þegar það var næst virt, í desember 1963, var búið að stækka það, svo að það var orðið rúmlega helmingi lengra og um helmingi breiðara en það var upphaflega, og byggja ofan á það tvær hæðir og nýtt ris úr steinsteypu. Útliti elsta hlutans hafði verið breytt til samræmis við efri hæðirnar og fyrirkomulagi breytt á neðstu hæðinni. Húsið var allt slétthúðað og málað að utan. Á það var sett bárujárnsþak og svalir á efri hæðirnar. Ein íbúð er samkvæmt virðingunni á neðstu hæðinni en tvær á hvorri af efri hæðunum.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjöunda áratug 20. aldar, en var upphaflega einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Mikið breytt frá upphaflegri gerð, hækkað og stækkað með viðbyggingum.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1928** **Fálkagata 13-13a**

**Fyrsti eigandi** Sigurður Sigmundsson **Hönnun** Pjetur Ingimundarson byggingarmeistari **Upphafleg notkun** Íbúðarhús og verslunarhús






| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1932 | Íbúð í risi | | |
| **Klæðning** | | Ris | 1993 | Svalir | Gunnar H. Pálsson | bygg.ve |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari | 1991 | Viðbygging | Ásbjörn Þorvarðsson | bygg.fr. |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | 2004 | Íbúð á 1. hæð sþ. | | |
| **Undirstöður** | | | 2006 | Íbúð í risi sþ. | | |

## Saga

Leyfi fékkst fyrir húsinu í janúar 1927. Samkvæmt teikningum Pjeturs Ingimundarsonar var gert ráð fyrir að það yrði tvílyft með háum kjallara og risi. Húsið var fyrst virt í mars 1928 og var þá fullbyggt en einungis var byggð ein hæð á háum kjallara og ris. Þetta er steinsteypt hús með járnþaki, byggt í vinkil á horni Fálkagötu og Tómasarhaga. Í kjallaranum voru innréttaðar tvær verslanir „með venjulegum búðargögnum“, íbúð á hæðinni og þurrkloft í risinu. Húsið var virt að nýju árið 1932 og var þá óbreytt, utan þess að í risinu var búið að innrétta íbúð. Árið 1988 fékkst leyfi til að byggja steinsteypta viðbyggingu við húsið. Þá var byggt tvílyft hús með kjallara og risi austan við eldra húsið, meðfram Fálkagötu, og mun byggingu þess hafa verið lokið 1991. Þetta hús er skráð sem hluti af eldra húsinu en er stundum talið sem Fálkagata 13a. Árið 1993 var samþykkt að setja svalir við bakhlið á aðalhæð hússins og árið 2004 var samþykkt áður gerð íbúð á sömu hæð. Árið 2006 var samþykkt áður gerð íbúð á rishæð hússins.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einföld steinsteypuklassík. Viðbygging er hefðbundin húsagerð frá níunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:** Byggt skv. hugmyndum um randbyggð frá þriðja áratug 20. aldar og sem hornhús með verslunum á götuhæð.

**Umhverfisgildi:** Hornhús.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt. Eldra hús og viðbygging eru tvö aðskilin hús.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1969** 

# Fálkagata 14-16

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Geirharður Þorsteinsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | Útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Þrílyft | 1999 | Hækkun | Geirharður Þorsteinsson |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Ris | | Útlitsbreyting | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Á lóðinni Fálkagötu 14 sem nú er hluti af lóðinni nr. 14-16 við Fálkagötu stóð áður timburhús byggt árið 1923. Á lóðinni Fálkagötu 16 stóð holsteinshús byggt árið 1924. Í júní 1966 var ákveðið að sameina lóðirnar í eina lóð nr. 14-16 og þá fékkst einnig leyfi til að byggja nýtt íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni. Það hús var virt í mars 1969 og var þá fullbyggt. Ekki er ljóst hvenær fyrir þann tíma eldri húsin voru rifin. Núverandi bygging á lóðinni var virt undir einu brunavirðinganúmeri en sem tvö hús, eins byggð og skipulögð. Þetta eru þrílyft íbúðarhús með risi, byggð úr steinsteypu, slétthúðuð og máluð að utan og með bárujárnsþaki. Á 1. hæð hvors húss er ein íbúð en tvær á hvorri af efri hæðunum. Árið 1999 var samþykkt að hækka þak og breyta þakkanti húsanna.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjöunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

Byggingarár **1987** 

# Fálkagata 15

**Fyrsti eigandi** Haukur Bjarnason

**Hönnun** Ingimundur Sveinsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | Útlit | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | | |
| **Klæðning** | | Ris | | |
| **Þakgerð** | | Kjallari | | |
| **Þakklæðning** | | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Áður stóð á lóðinni timburhús byggt árið 1919. Árið 1982 var samþykkt að stækka lóðina og í október 1985 fékkst leyfi til að byggja nýtt íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni. Í janúar árið eftir var samþykkt leyfi til að rífa eldra húsið. Byggingu hússins mun hafa verið lokið árið 1987. Þetta er tvílyft hús með kjallara og lágu risi, byggt á horni Fálkagötu og Tómasarhaga og hornsneitt á norðausturhorni.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá níunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:** Hornhús.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1964** **Fálkagata 17**

**Fyrsti eigandi** Helgi M. Jónsson o.fl.

**Hönnun** Kjartan Sveinsson tæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





| Upphafleg gerð | | Útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Þrílyft | 2001 | Reyndarteikn. sþ. | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Kjallari | | Fyrirkomul.breyt. | |
| **Þakgerð** | Skáþak (skúrþak) | | | kjallara | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Áður stóð á lóðinni timburhús byggt árið 1919. Í maí 1963 fékkst leyfi til að byggja nýtt íbúðarhús á lóðinni. Það hús var virt í desember 1964 og var þá fullbyggt. Ekki er ljóst hvenær fyrir þann tíma eldra húsið var rifið. Núverandi hús á lóðinni er þrílyft með kjallara og inndreginni efstu hæð, byggt úr steinsteypu, slétthúðað og málað að utan og með járnþaki. Á hverri hæð þess eru þrjár íbúðir og tvær í kjallara. Það var hannað af Kjartani Sveinssyni tæknifræðingi sem hluti af samfelldri fjölbýlishúsaröð við Fálkagötu 17-21. Árið 2001 voru samþykktar reyndarteikningar af húsinu. Þar kemur fram að í kjallara hefur þremur geymslum verið skipt upp í fjórar. Í húsaröðinni við Fálkagötu 17-19 munu margir listamenn hafa átt íbúðir, t.d. Halldór Laxness og Gunnar Eyjólfsson leikari, og var hún af þeim sökum kölluð "Hollywoodblokkin".

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjöunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1944** # Fálkagata 18

**Fyrsti eigandi** Pöntunarfélag

**Hönnun** Pjetur Ingimundarson byggingarmeistari

**Upphafleg notkun** Atvinnuhúsnæði og pakkhús



| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | <1944 | Rifið hús frá 1926 | | |
| **Klæðning** | Skeljasandur | Ris | 1954 | Útlitsbreyting | Sigvaldi Thordarson | arkitekt |
| **Þakgerð** | | Kjallari | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Á lóðinni stóð áður einlyft verslunarhús sem virt var í janúar 1926. Húsið var úr steinsteypu á tvo vegu en hinir tveir veggirnir úr bindingi og járnklætt bæði þak og veggir.  Ekki er að finna heimildir fyrir því hvenær húsið var rifið.
Árið 1926 var lóðinni skipt þannig að vesturhluti hennar varð nr. 18a og en hornhluti hennar nr. 18. Vestari lóðin, 18a, hefur gönguréttt yfir nr. 18 að Smyrilsvegi.

Árið 1943 var samþykkt byggingarleyfi fyrir núverandi húsi á lóðinni. Húsið var virt í febrúar 1944 og var þá fullbyggt. Það var tvílyft íbúðar- og verslunarhús úr steinsteypu með risi og litlum kjallara, múrhúðað utan með skeljasandi. Í húsinu voru tvær sölubúðir á neðri hæðinni en á efri hæðinni voru átta íbúðar- og skrifstofuherbergi. Í kjallarnum var miðstöðvar-herbergi og kolaklefi utan við kjallaravegginn.

Árið 1954 var samþykkt að flytja innganginn á horni hússins að þeirri hlið er snýr að Fálkagötu og var það gert sama ár.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hornhús. Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Inngangur á neðri hæð hefur verið fluttur til.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** 1926 **Fálkagata 18a**

**Fyrsti eigandi** Karl Á. Torfason (og fl.) **Hönnun** Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari **Upphafleg notkun** Íbúðarhús






| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1982 | Hækkun | Einar Þ. Ásgeirsson | arkitekt |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Ris | 1984 | Viðbygging | Einar Þ. Ásgeirsson | arkitekt |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Árið 1921 sótti Magnús Guðnason um byggingarleyfi fyrir íbúðarskúr á lóðinni og var hann samþykktur. Til er óundirrituð teikning af skúrnum frá árinu 1921. Þennan skúr er ekki að sjá á öðrum teikningum af lóðinni og ekki að finna neina virðingu af honum. Árið 1923 sótti Guðmundur Erlendsson um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni en það var aldrei byggt. Til er óundirrituð teikning af því húsi. Aftur á móti var virtur timburskúr á br.nr. 1485 árið 1920 á lóðinni Baldursgata 8 og á nafni Guðmundar.
Árið 1925 fékkst leyfi fyrir núverandi húsi á lóðinni. Húsið var virt í janúar 1926. Það er einlyft steinsteypuhús með risi og járnþaki. Í því eru þrjú íbúðarherbergi, eldhús, salerni og gangur. Á þaklyfti er geymsla. Árið 1926 var lóðinni skipt þannig að vesturhluti hennar varð nr. 18a en hornhluti hennar nr. 18. Vestari lóðin, 18a, hefur gönguréttt yfir nr. 18 að Smyrilsvegi. Húsið er virt á ný árið 1965 og eru stærðir þess óbreyttar frá 1926. Þá er búið að setja nýtt baðherbergi í húsið og endurnýja rafmagns- og hitalagnir í húsinu. Árið 1981 er veitt leyfi til að hækka húsið um eina hæð úr steinsteypu og er þeirri framkvæmd lokið ári síðar. Árið 1983 var sótt um leyfi til að byggja keramik-vinnustofu á lóðinni en beiðninni var hafnað. Ári síðar, 1984, var sótt um leyfi til að stækka húsið með því að byggja einlyfta viðbyggingu við bakhlið hússins og er það samþykkt. Árið 1991 var samþykkt breyting á inngangi hússins sem féll síðar úr gildi og var því aldrei gerð.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið hefur verið hækkað og byggt við á bakhlið þess.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1964** 

# Fálkagata 19

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Kjartan Sveinsson tæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | **Útlit** |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Þrílyft |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Kjallari |
| **Þakgerð** | Skáþak (skúrþak) | Svalir |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | | |

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Á lóðinni Fálkagötu 19 sem nú er hluti af lóðinni nr. 19-21 við Fálkagötu stóð áður timburhús byggt árið 1921. Árið 1961 var samþykkt að sameina lóðirnar nr. 19 og 21 í eina lóð og sama ár fékkst leyfi fyrir nýju íbúðarhúsi á lóðinni. Það var virt sem tvö hús, nr. 19 og 21. Húsið nr. 19 var virt í ágúst 1964 og var þá fullbyggt. Ekki er ljóst hvenær fyrir þann tíma eldra húsið nr. 19 var rifið. Núverandi hús er þrílyft með kjallara og inndreginni efstu hæð, byggt úr steinsteypu, múrhúðað að utan og þakið járnklætt. Á hverri hæð hússins eru tvær íbúðir og ein í kjallara. Það var hannað af Kjartani Sveinssyni tæknifræðingi sem hluti af samfelldri fjölbýlishúsaröð við Fálkagötu 17-21. Í húsaröðinni munu margir listamenn hafa átt íbúðir, t.d. Halldór Laxness og Gunnar Eyjólfsson leikari, og var hún af þeim sökum kölluð "Hollywoodblokkin".

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjöunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1922** **Fálkagata 20**

**Fyrsti eigandi** Árni Pálsson **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús



**Upphafleg gerð**

| | | Útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1922 | Rifið hús frá 1921 | | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Kjallari | 1929 | Viðbygging F. 20a | Pjetur Ingimundarson | bygg.m |
| **Þakgerð** | | Ris | 1938 | Skúr á lóð F. 20b | Pjetur Ingimundarson | bygg.m |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | 2000 | Reyndarteikn. | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Fyrst var veitt byggingarleyfi á lóðinni árið 1920 og þá fyrir íbúðarskúr úr timbri. Árið 1921 var aftur gefið út byggingarleyfi og þá fyrir íbúðarskúr á lóðinni og er hann virtur sama ár. Skúrinn var úr timbri og klæddur utan með pappa bæði þak og veggir. Hann var rifinn árið 1922 og núverandi hús byggt í staðinn en byggingarleyfi fyrir því var veitt sama ár. Sú kvöð fylgdi leyfinu að tveir gluggar yrðu að snúa út að Fálkagötu. Húsið var fyrst virt í september 1922. Það er einlyft steinsteypuhús með risi, kjallara og járnþaki. Á aðalhæð hússins eru þrjú íbúðarherbergi, eldhús, fastur skápur og tveir gangar. Á þaklyfti eru þrjú íbúðarherbergi, eldhús og gangur og í kjallaranum er eitt íbúðarbergi og geymsla. Húsið er virt á ný árið 1926. Þá hefur það verið endurbætt á ýmsan hátt. Meðal annars hafði þakið allt verið járnklætt. Herbergjaskipan og innri frágangur var óbreyttur sem og stærðir hússins. Árið 1929 var veitt leyfi til að gera viðbyggingu við húsið sem er í dag (2008) nr. 20a við Fálkagötu. Hún var virt árið 1926 þannig að ljóst er að leyfið kom eftir á. Árið 1932 var samþykkt að setja nýjan glugga á framhlið hússins en ekki gert. Árið 1938 var veitt byggingarleyfi fyrir vinnustofu á lóðinni sem í dag (2008) er nr. 20b við Fálkagötu. Árið 1996 var samþykktur skúr sem staðsettur er norðaustan við hús nr. 20a og áfastur húsum nr. 20a og 20b. Árið 2000 voru samþykktar reyndarteikningar af húsinu.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1926** 

# Fálkagata 20a

**Fyrsti eigandi** Stefán J. Björnsson

**Hönnun** Pjetur Ingimundarson byggingarmeistari

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr holsteini | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
| | | Einlyft | 1990 | Hækkun | Sigurður Guðmundsson |
| **Klæðning** | | Ris | | | Sig. P. Kristjánsson |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | 2000 | Reyndarteikn. | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Húsið er byggt sem viðbygging við Fálkagötu 20 árið 1926. Leyfi fékkst fyrir húsinu árið 1929, tveimur árum eftir að það var reist. Húsið var fyrst virt í maí 1926. Það er einlyft með risi, byggt úr steyptum holsteini með járnþaki. Í því eru tvö íbúðarherbergi, eldhús, geymsluklefi og gangur.

Árið 1990 er húsið hækkað um eina hæð. Árið 1996 er samþykktur skúr sem staðsettur er norðaustan við hús nr. 20a og áfastur húsum nr. 20a og 20b. Árið 2000 eru samþykktar reyndarteikningar af húsinu.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið hefur verið hækkað um eina hæð.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1940** 

# Fálkagata 20b

**Fyrsti eigandi** Sigurjón Sigurðsson

**Hönnun** Pjetur Ingimundarson byggingarmeistari

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús m/ trésmíðaverkstæði






| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | ? | Sólskáli | |
| **Klæðning** | | | 1999 | Útlitsbreyting | |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Leyfi fékkst fyrir vinnustofu á baklóð Fálkagötu 20 árið 1938. Það hús er í dag (2008) skráð sem Fálkagata 20b. Húsið var fyrst virt í desember 1940. Það er einlyft íbúðar- og trésmíðaskúr úr steinsteypu með járnþaki. Í honum er eitt íbúðarherbergi, eldhús, trésmíðaherbergi, salerni og anddyri. Húsið er óbreytt samkvæmt virðingu frá 1951.

Árið 1999 er samþykkt að byggja vinnustofuna úr forsteyptum einingum en ekki steinsteypu. Einnig að breyta útliti suðurhliðar með að setja stóran glugga á hliðina og breyta sólskála í eldhús og salerni með sturtu. Ekki er að finna heimildir um byggingarleyfi fyrir sólskálanum.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Skúrbygging.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Útliti hússins breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1963** **Fálkagata 21**

**Fyrsti eigandi** Sigurður Sigfússon

**Hönnun** Kjartan Sveinsson tæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús



**Upphafleg gerð**

**Útlit**

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

| | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Þrílyft |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Kjallari |
| **Þakgerð** | Skáþak (skúrþak) | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | | |

## Saga

Á lóðinni Fálkagötu 21 sem nú er hluti af lóðinni nr. 19-21 við Fálkagötu stóð áður timburhús byggt árið 1920. Árið 1961 var samþykkt að sameina lóðirnar nr. 19 og 21 í eina lóð og sama ár fékkst leyfi fyrir nýju íbúðarhúsi á lóðinni. Það var virt sem tvö hús, nr. 19 og 21. Byggingu hússins nr. 21 var lokið fyrr og var það virt í október 1963. Ekki er ljóst hvenær fyrir þann tíma eldra húsið nr. 21 var rifið. Núverandi hús er þrílyft með kjallara og inndreginni efstu hæð, byggt úr steinsteypu, slétthúðað að utan og málað og þakið járnklætt. Á hverri hæð hússins eru tvær íbúðir og ein í kjallara. Það var hannað af Kjartani Sveinssyni tæknifræðingi sem hluti af samfelldri fjölbýlishúsaröð við Fálkagötu 17-21. Í húsaröðinni munu margir listamenn hafa átt íbúðir, t.d. Halldór Laxness og Gunnar Eyjólfsson leikari, og var hún af þeim sökum kölluð "Hollywoodblokkin".

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjöunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1923** # Fálkagata 22

**Fyrsti eigandi** Magnús Magnússon **Hönnun** F.G. **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1932 | Viðbygging | Pjetur Ingimundarson | bygg.m |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Kjallari | 1937 | Kj. breytt í íbúð | | |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | Inng.skúr | 1950 | Hækkun | Þorlákur Ófeigsson | bygg.m |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | 1950 | Ný klæðning | | |
| **Undirstöður** | | | 1984 | Ný klæðning | | |

## Saga

Leyfi fékkst fyrir húsinu árið 1923 og var það virt í ágúst sama ár. Það er einlyft með kjallara og inngönguskúr, byggt úr steinsteypu og með járnþaki. Í því eru þrjú íbúðarherbergi, eldhús, búr og tveir fastir skápar. Í kjallaranum eru geymslur, salerni, þvottaherbergi og gangur. Árið 1930 var veitt leyfi til að stækka húsið um 6,7 fermetra.Til er teikning af breytingum á húsinu frá 1930 eftir Pjetur Ingimundarson byggingarmeistara en hún var síðar felld úr gildi. Árið 1932 er veitt byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við húsið og er hún virt sama ár. Viðbyggingin (litra c) er úr steinsteypu með járnþaki (skáþaki) og múrsléttuð að utan. Kjallari er undir viðbyggingunni. Árið 1937 er búið að breyta þessum kjallara úr geymslum í íbúð. Árið 1947 er veitt leyfi til að byggja ofan á og við húsið. Árið síðar er samþykkt að hækka rishæð hússins. Þessar breytingar eru virtar árið 1950. Húsið hefur þá tekið þeirri breytingu að byggt hefur verið ofan á það ein hæð og ris og einnig nýr inngönguskúr. Hækkunin er byggð úr steinsteypu og er húsið húðað utan með marmarasalla á götuhlið en með skeljasandi á bakhlið og gafli. Þakið er járnklætt. Á annarri hæðinni eru innréttaðar tvær íbúðir en þakhæðin er óinnréttuð. Árið 1959 var sótt um leyfi til að breyta rishæð hússins en því var synjað af byggingarnefnd. Húsið var virt á ný árið 1962 og höfðu þá verið gerðar á því lítilsháttar breytingar. Á 2. hæð var búið að breyta tveimur íbúðum í eina. Árið 1984 var eigendum Fálkagötu 22 og 24 veitt leyfi til að klæða húsin með varanlegri klæðningu með því skilyrði af hálfu bygginganefndar að klæðning yrði úr báruðu stáli. Árið 1992 var samþykkt að fella grenitré í garði hússins.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er mikið breytt, það hækkað og byggt við það.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1926** # Fálkagata 23

**Fyrsti eigandi** Jóhannes Jónsson

**Hönnun** Björn Rögnvaldsson forsmiður

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | |
| **Klæðning** | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | | |

**Útlit**

Einlyft
Ris
Kjallari

| **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|
| 1953 | Skúr á lóð | Guðmundur H. Þorláksson | bygg.m |
| 1992 | Rifinn skúr á lóð | | |
| 1993 | Hækkun | Arnfríður Sigurðardóttir | arkitekt |
| | Nýtt þak | | |
| | Kvistir | | |
| 1997 | Geymsla á lóð | Arnfríður Sigurðardóttir | arkitekt |

## Saga

Lóðirnar nr. 23 og 23a við Fálkagötu voru áður ein lóð, en í maí 1926 var samþykkt að skipta lóðinni þannig að austurhlutinn yrði talinn nr. 23 og vesturhlutinn, þar sem fyrir stóð hús byggt 1919, yrði talinn nr. 23a. Í sama mánuði fékkst leyfi til að byggja íbúðarhús á lóðinni nr. 23. Húsið var virt í júní 1926 og var þá fullbyggt. Þetta er einlyft hús með kjallara og risi, byggt úr steinsteypu og með járnþaki. Við austurgafl þess eru steinsteyputröppur og undir þeim inngangur í kjallara og geymsluklefi. Í kjallaranum var frá upphafi séríbúð og önnur íbúð á aðalhæð hússins, en þurrkloft í risi. Árið 1953 var byggt þvotta- og geymsluhús úr steini við lóðamörk suðaustan við húsið. Timburskúr sem áður stóð á sama stað var þá rifinn. Lóðarhluti að baki lóðinni Fálkagötu 23 virðist áður hafa tilheyrt lóðinni nr. 23a, en árið 1971 var þessi hluti gerður að sérstakri lóð nr. 23b. Árið 1976 var svo samþykkt að sameina hann lóðinni nr. 23. Árið 1990 fékkst leyfi til að byggja á húsið nýtt þak með kvistum og rífa niður reykháf, en það byggingarleyfi var ekki nýtt. Árið 1992 fékkst leyfi til að rífa skúrinn á lóðinni, sem þá var orðinn mjög illa farinn. Árið 1993 var loks byggt nýtt þak með kvistum á húsið, eftir endurnýjun byggingarleyfisins frá 1990, og þá virðist það einnig hafa verið hækkað með porti. Einnig virðist klæðningu hússins eða múrhúð hafa verið breytt. Árið 1997 var samþykkt að byggja mætti gróðurhús og geymslu á lóðinni í stað skúrsins sem var rifinn 1992, auk þess sem leyft var að reisa timburvegg á lóðamörkum.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Nokkuð breytt í útliti, hefur verið hækkað, þaki breytt og settir á það kvistir.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** 1972

# Fálkagata 23a

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Kjartan Sveinsson tæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús



**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Tvílyft
Kjallari
Ris
Svalir

| **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|
| 2004 | Reyndarteikn. sþ. Sþ. fyrirkomulags-breyt. í kjallara | Albína Thordarson | arkitekt |

## Saga

Áður stóð á lóðinni timburhús byggt árið 1919. Árið 1971 fékkst leyfi til að byggja nýtt íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni. Það hús var virt í desember 1972 og var þá fullbyggt. Ekki er ljóst hvenær fyrir þann tíma eldra húsið var rifið. Núverandi hús er tvílyft með kjallara og mjög lágu risi, byggt úr steinsteypu, slétthúðað og málað að utan og með járnþaki. Á hvorri hæð hússins eru tvær íbúðir og ein í kjallara. Lóðarhluti að baki lóðinni Fálkagötu 23 virðist áður hafa tilheyrt lóðinni nr. 23a, en árið 1971 var þessi hluti gerður að sérstakri lóð nr. 23b og svo sameinaður lóðinni nr. 23 árið 1976. Árið 2004 var samþykkt reyndarteikning af húsinu og þáverandi fyrirkomulag í kjallara, þar sem íbúð hafði verið breytt.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá áttunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1951** # Fálkagata 24

**Fyrsti eigandi** Karl Þórhallsson og fleiri **Hönnun** Ágúst Pálsson arkitekt **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | 1964 | Kvistur | Ágúst Pálsson | arkitekt |
| **Klæðning** | Marmarasalli | Ris | 1964 | Svalir | Ágúst Pálsson | arkitekt |
| **Þakgerð** | | Kjallari | 1984 | Ný klæðning | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | 1991 | Íbúð í risi sþ. | Benjamín Magnússon | |
| **Undirstöður** | | | 1994 | Ný klæðning | Sigurður Gústafsson | |

## Saga

Húsið er reist sem viðbygging við Fálkagötu 24 (2008,  nr. 24a) árið 1951. Leyfi fékkst árið 1949. Húsið var fyrst virt í desember 1951. Það er tvílyft með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu, húðað utan með marmarasalla og járnklæddu þaki. Íbúð er á hvorri hæð en á þakhæð er geymsla og í kjallara er íbúð og þvottahús.

Árið 1963 er samþykkt að setja kvist á norðurhlið hússins. Hann er virtur árið 1964 ásamt svölum á þakhæð hússins. Stærðir hússins óbreytt. Árið 1984 er eigendum Fálkagötu 24 og 22 veitt leyfi til að klæða húsin með varanlegri klæðningu með því skilyrði að hálfu bygginganefndar af klæðning yrði úr báruðu stáli. Árið 1986 er synjað leyfi fyrir áður gerðri íbúð í kjallara hússins. Árið 1991 er samþykkt áður gerð íbúð í risi hússins. Árið 1994 er samþykkt að klæða húsð með stálklæðingu.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús. Viðbygging.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Á götuhlið hússins hafa verið settar svalir og kvistur á rishæð hússins. Ný klæðning.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** 1922 **Fálkagata 24a**

**Fyrsti eigandi** Kristján Sveinsson **Hönnun** Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1926 | Kj. breytt í íbúð | | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Kjallari | 1926 | Geymsla á lóð | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Ris | 1951 | Viðbygging F. 24a | Ágúst Pálsson | arkitekt |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Inng.skúr | 1982 | Íbúð í geymslu sþ. | Kristinn Sveinbjörnsson | |
| **Undirstöður** | | | 1986 | Hækkun/portbyggt | Ingimar H. Ingimarsson | |
| | | | 1986 | Kvistur | Ingimar H. Ingimarsson | |
| | | | 1986 | Svalir | Ingimar H. Ingimarsson | |

## Saga

Leyfi fékkst fyrir húsinu árið 1922. Húsið var fyrst virt í júní 1922. Það er einlyft með kjallara og inngönguskúr, byggt úr steinsteypu með járnþaki. Á aðalhæð hússins er eitt íbúðarherbergi, eldhús, búr og fastur skápur. Í kjallara er eitt herbergi og eldhús en helmingur af kjallaranum er óinnréttaður. Húsið var virt á ný ári síðar og var þá fullgert að smíði og múrverki. Stærðir hússins eru óbreyttar. Árið 1926 er húsið virt á ný og er þá búið að breyta kjallaranum í íbúð. Þá er einnig virtur geymsluskúr úr steinsteypu með járnþaki á lóðinni. Ekki er að finna leyfi fyrir þessum skúr. Árið 1949 er sótt um að byggja tveggja hæða viðbyggingu við íbúðarhúsið. Leyfið er veitt með þeim skilyrðum að allar ólöglegar byggingar á lóðinni verði teknar burt. Árið síðar óska eigendur eftir því að þessari kvöð verði aflétt. Viðbyggingin er virt árið 1951 en hún er í dag nr. 24 við Fálkagötu. Það sama ár eru líka virtar breytingar á eldra húsinu. Þá hafa verið innréttuð íbúðarherbergi í inngönguskúrnum. Einnig hefur við byggt við húsið úr steinsteypu og sett kerlaugarbað með v.s. í húsið. Stærðir hússins eru óbreyttar. Árið 1982 er samþykkt áður gerð íbúð í geymslunni frá 1926. Árið 1986 er samþykkt að hækka húsið þannig að nú er það portbyggt og jafnframt rífa hluta af bakbyggingu á lóðinni. Ári síðar er synjað ósk um að fjölga íbúðum í húsinu.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Byggt hefur verið við húsið, það portbyggt og settir á það kvistir og svalir.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

Byggingarár **1920** **Fálkagata 25**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fyrsti eigandi** | Alwin Móritz og Sigfús Sveinbjarnarson | **Hönnun** | Einar Erlendsson arkitekt | **Upphafleg notkun** | Íbúðarhús |





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1921 | Viðbygging v-gafl | Finnur Thorlacius | arkitekt |
| **Klæðning** | Pappi | Ris | 1921 | Viðbygging a-gafl | Arinbjörn Þorkelsson | h.sm.m |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Port | 1922 | Atv.húsn. innr. | | |
| **Þakklæðning** | Asbest | | 1945 | Þaki lyft | Arinbjörn Þorkelsson | h.sm.m |
| **Undirstöður** | | | | Múrhúðun | | |
| | | | | Breytt í íbúð, viðb. | | |
| | | | 1946 | Skúr á lóð | Arinbjörn Þorkelsson | h.sm.m |
| | | | ? | Rifinn skúr á lóð | | |
| | | | 2003 | Sþ. þáv. fyrirkomul. | | |
| | | | ? | Ný klæðning | | |

## Saga

Leyfi fékkst fyrir húsinu í ágúst 1920 og það var fyrst virt í október sama ár og var þá fullbyggt. Þetta var upphaflega einlyft hús með porti og risi, byggt úr bindingi og upphaflega klætt utan með borðum, pappa og listum á veggjum, en asbestplötum á þaki. Við vesturgafl var inngönguskúr. Í húsinu voru frá upphafi tvær íbúðir, ein á aðalhæð og önnur í risi. Í lok nóvember 1921 var búið að byggja tvær nýjar viðbyggingar við húsið. Annars vegar steinsteypt geymsluhús við vesturenda hússins, í staðinn fyrir inngönguskúrinn sem þar var áður. Hins vegar steinsteypta geymsluskúrbyggingu við austurgafl hússins. Í júlí 1922 var vestari viðbyggingin virt sem verslunar- og geymsluhús. Árið 1942 var komið járn á þak vestari viðbyggingarinnar, sem var áður pappaklætt. Í maí 1944 fékkst leyfi fyrir útlits- og fyrirkomulagsbreytingum á húsinu og var þaki þess þá lyft að fullu báðum megin, þannig að húsið varð tvílyft með lágu risi. Líklega hefur austari viðbyggingin þá einnig verið hækkuð til samræmis. Árið 1945 var búið að múrhúða efri íbúðina og innrétta íbúð í stað verslunar í vestari viðbyggingunni. Árið 1946 var búið að byggja þvottaskúr við austurmörk lóðarinnar, hlaðinn úr steyptum steini, með þvottaherbergi í öðrum enda en geymslu í hinum. Hann virðist nú hafa verið fjarlægður. Sama ár vottaði Magnús Pétursson héraðslæknir að ein íbúðin í húsinu, sem Halldór Sigurðsson fisksali bjó í ásamt fjölskyldu sinni, væri heilsuspillandi, einkum vegna raka og ýmiss konar óþrifnaðar. Árið 2003 var samþykkt þáverandi fyrirkomulag í húsinu. Í því voru þá tvær íbúðir, ein á hvorri hæð. Ekki er ljóst hvenær húsið fékk núverandi klæðningu.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt timburhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Mikið breytt frá upphaflegri gerð, hækkað og stækkað með viðbyggingum.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1921** # Fálkagata 26

**Fyrsti eigandi** Halldór Steinþórsson, **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús






| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1921 | Inngönguskúr | | |
| **Klæðning** | Pappi | Ris | 1926 | Viðbygging | Pjetur Ingimundarson | bygg.m |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari | 1926 | Ný klæðning | | |
| **Þakklæðning** | Pappi | | 1936 | Viðb.v. inng.skúr | | |
| **Undirstöður** | | | 1936 | Íbúð í kjallara viðb. | | |
| | | | 1980 | Íbúð í kjallara sþ. | Geirharður Þorsteinsson | arkitekt |
| | | | 1998 | Íbúð í kjallara sþ. | | |

## Saga

Til er óundirrituð teikning af húsinu frá 1921. Árið 1921 fékkst leyfi fyrir einlyftu timburhúsi á ofanjarðarkjallara. Húsið var virt í júní 1921 en var þá ekki fullgjört. Það er einlyft timburhús með kjallara og klætt utan bæði þak og veggir með pappa. Í því eru þrjú íbúðarherbergi. Samkvæmt virðingunni frá því í október 1921 er komin inngönguskúr með kjallara úr timbri við norðurhlið hússins. Árið 1926 er veitt byggingarleyfi fyrir viðbyggingu úr steinsteypu við húsið. Viðbyggingin er gerð við vesturgafl eldra hússins og er hún steinsteypt með járnþaki (skáþaki). Kjallari er undir henni allri. Þá er komið járn á þak og veggi eldra hússins. Það er inngönguskúrinn sagður vera við vesturhlið hússins. Árið 1936 er húseignin virt á ný. Þá er búið að breikka inngönguskúrinn og eitt íbúðarherbergi stækkað sem breikkuninni svarar. Þá er búið að útbúa íbúðarherbergi í kjallara viðbyggingarinnar. Þá er virt nýtt geymslu- og fuglahús úr bindingi klætt utan með pappa og með járnþaki. Einnig er virtur geymslu- og þvottaskúr úr bindingi klæddur pappa á veggjum og með járnþaki (skáþaki). Lóðin er girt af með girðingu úr tré og vírneti, l. 25,7 m. og hæð 1 m. Árið 1947 er virt nýtt geymsluhús á lóðinni. Það er úr steinsteypu með járnþaki. Ekki er að finna leyfi fyrir neinum af þessum útihúsum. Samkvæmt virðingu frá 1981 eru geymslan og þvottaskúrinn frá 1936 og geymslan frá 1947 fallin úr virðingu. Í dag [2008] eru engin útihús á lóðinni. Árið 1980 er samþykkt leyfi fyrir áður gerðri íbúð í kjallara hússins og veggur fjarlægður milli stofu og eldhúss. Árið 1998 er á ný samþykkt áður gerð íbúð í kjallara.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt timburhús. Viðbygging: Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Byggt hefur verið við húsið til vesturs.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1988** 

# Fálkagata 27-27a

**Fyrsti eigandi** Helgi Birgir Magnússon

**Hönnun** Guðmundur Gunnarsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

**Útlit**

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

**Tegund** Steinsteypt Tvílyft

**Klæðning**

**Þakgerð**

**Þakklæðning**

**Undirstöður**

## Saga

Áður stóð á lóðinni timburhús byggt árið 1920 en það eyðilagðist í bruna 1985 og var rifið í upphafi árs 1986. Í janúar 1987 fékkst leyfi til að byggja tvílyft parhús úr steinsteypu á lóðinni. Byggingu þess mun hafa verið lokið árið 1988. Hjá Fasteignamati ríkisins er húsið skráð sem eitt hús nr. 27, með tveimur íbúðum. Annars staðar er það skráð undir tveimur húsnúmerum, sem Fálkagata 27 og 27a. Í apríl 1988 var samþykkt að lóðin Fálkagata 27 yrði skráð sem Fálkagata 27 og 27a og að austurhlutinn yrði nr. 27 en vesturendinn nr. 27a. Lóðin yrði þó óskipt eftir sem áður.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá níunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** 1922 **Fálkagata 28**

**Fyrsti eigandi** Friðgeir Björnsson **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús






**Upphafleg gerð**

| | | Útlit |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft |
| **Klæðning** | | Ris |
| **Þakgerð** | Mænisþak | |
| **Þakklæðning** | Pappi | |
| **Undirstöður** | | |

| Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|
| 1926 | Ný klæðning á þaki | Björn Rögnvaldsson | forsmið |
| 1926 | Inngönguskúr | Björn Rögnvaldsson | forsmið |
| 1926 | Bakhús | Björn Rögnvaldsson | forsmið |
| 1956- | Hækkun | Halldór Halldórsson | |
| 1965 | Viðbygging | Halldór Halldórsson | |
| 1979 | Viðbygging bakhús | Ásmundur Ólason | tæknifr |
| 1984 | Ný klæðning | | |

## Saga

Leyfi fékkst fyrir einlyftu íbúðarhúsi úr steini eða steinsteypu árið 1921. Húsið var virt í maí 1922 en var þá talið að ýmsu leyti ófullgert. Það er einlyft með risi, byggt úr steinsteypu með pappaþaki. Í því eru þrjú íbúðarherbergi, eldhús og gangur.

Árið 1926 er veitt byggingarleyfi fyrir íbúðarskúr á baklóðinni. Einnig er gefið leyfi fyrir viðbyggingu við íbúðarhúsið. Húsið er virt sama ár og segir þá að það sé fullgert að öllum frágangi. Búið er að setja járn á þak hússins. Þá er virt ný viðbygging úr steinsteypu og með járnþaki við vesturhlið hússins sem er inngöngu- og geymsluskúr. Þá er einnig virt íbúðarhús á sömu lóð úr holsteini með járnþaki. Það hús er í dag (2008) nr. 28b við Fálkagötu.

Húsið er óbreytt samkvæmt virðingu frá 1951. Árið 1956 er samþykkt að hækka húsið um tvær hæðir. Húsið er virt næst árið 1965 og er þá búið að hækka húsið um tvær hæðir og byggja við það úr steinsteypu. Árið 1984 er samþykkt að klæða austurgafl hússins að utan með ljósgráu stáli.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjötta áratug 20. aldar en var í upphafi einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er mikið breytt, það hækkað og byggt við það.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1926** **Fálkagata 28b**

**Fyrsti eigandi** Friðgeir Björnsson

**Hönnun** Björn Rögnvaldsson forsmiður

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús



| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr holsteini | Einlyft | 1979 | Viðbygging bakhús | Ásmundur Ólason tæknifr |
| **Klæðning** | | | 2008 | Ný klæðning | Hómeira Gharavi |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | 2008 | Endurbætur | Hómeira Gharavi |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Árið 1926 var veitt byggingarleyfi fyrir íbúðarskúr á baklóð Fálkagötu 28 sem er í dag [2008] nr. 28b. Húsið var virt í september 1926. Það er einlyft, hlaðið úr holsteini og með járnþaki. Þar er eitt íbúðarherbergi og eldhús.

Rétt eftir 1940 breyttu eigendur skúrnum, styrktu og byggðu í hann reykháf. Skúrinn var þá notaður sem þvottahús. Árið 1947 var skúrnum breytt í íbúð. Húsið er óbreytt að stærðum samkvæmt virðingu frá 1951. Árið 1979 er samþykkt áður gerð stækkun á bakhúsinu frá 1926. Stækkun er 25,6 fermetrar. Teikning af stækkuninni er frá 1979.

Í desember 2007 er samþykkt að útveggir vestur- og suðurhliðar verði klæddar með vatnsklæðningu úr timbri í samræmi við klæðningar á húsi nr. 26 við Fálkagötu og gafl húss nr. 24 við Fálkagötu. Einnig er búið að endurgera glugga.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Skúrbygging.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið hefur verið stækkað og endurbætt á ýmsan hátt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** 1988

# Fálkagata 29

**Fyrsti eigandi** Sigurður E. Ólafsson

**Hönnun** Helgi Hjálmarsson og Vilhjálmur Hjálmarsson

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

**Tegund** Steinsteypt

**Klæðning**

**Þakgerð**

**Þakklæðning**

**Undirstöður**

**Útlit** Tvílyft

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Í maí 1984 fékkst leyfi fyrir tvílyftu íbúðarhúsi úr steinsteypu á lóðinni. Húsið var teiknað og byggt sem ein heild með húsinu Arnargötu 14, á horni Fálkagötu og Dunhaga. Helgi Hjálmarsson og Vilhjálmur Hjálmarsson, arkitektar, teiknuðu húsin. Í júlí 1986, á meðan húsið var enn í byggingu, fékkst leyfi til að byggja á það turnkvist. Byggingu hússins mun hafa verið lokið árið 1988.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá níunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:** Hornhús.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** 1922 **Fálkagata 30**

**Fyrsti eigandi** Sigurgeir Magnússon **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús



| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1937 | Ný klæðning | | |
| **Klæðning** | Pappi | Kjallari | 1937 | Viðbygging | Pjetur Ingimundarson | bygg.m |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | Inng.skúr | 1954 | Viðbygging | Hafliði Jóhannsson | bygg.m |
| **Þakklæðning** | Pappi | | 1954 | Hækkun | Hafliði Jóhannsson | bygg.m |
| **Undirstöður** | | | 1954 | Kvistir | Hafliði Jóhannsson | bygg.m |
| | | | 1954 | Múrhúðun | | |

## Saga

Árið 1921 var samþykkt byggingarleyfi fyrir einlyftu timburhúsi á lóðinni. Til er óundirrituð teikning af húsinu. Húsið var virt í desember 1922. Það er einlyft með inngönguskúr, kjallara og skáþaki, byggt úr bindingi og klætt utan með pappa bæði þak og veggir. Í því eru tvö íbúðarherbergi og eldhús. Í kjallara eru þrjú geymsluherbergi.
Árið 1934 er samþykkt að stækka inngönguskúrinn við húsið. Húsið er virt næst árið 1937 og er þá búið að setja járn á þak og veggi hússins. Einnig hefur inngönguskúrinn verið stækkaður. Árið 1953 er samþykkt að stækka og hækka húsið, sameina kvisti og breyta gluggum. Samkvæmt dagbók byggingarfulltrúa eru þessar breytingar framkvæmdar 1953-1954. Húsið er virt tvívegis árið 1956. Samkvæmt virðingu frá því í maí 1956 hefur húsið þá verið stækkað, hækkað og umbætt. Viðbyggingin er úr steinsteypu, múrhúðuð utan og með járnþaki. Húsið ásamt viðbyggingu er með þremur gluggakvistum á götuhlið. Einnig er búið að múrhúða eldra húsið að utan. Húsið er virt á ný í ágúst 1956 en er þá óbreytt en endurmats óskað vegna þess að stærðir voru rangfærðar í matinu frá því í maí 1956. Árið 2002 er samþykkt áður gerð séreign (afmörkun séreignar) í kjallara hússins.
Árið 1956 er veitt byggingarleyfi fyrir bílskúr á lóðinni sem er virtur árið 1965. Hann telst í dag [2008] nr. 30b við Fálkagötu.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt timburhús. Viðbygging: Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Byggt hefur verið við húsið, það hækkað, settir á það kvistir og múrhúðað að utan.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1956** 

# Fálkagata 30b

**Fyrsti eigandi** Lárus Sigurgeirsson **Hönnun** Halldór Halldórsson **Upphafleg notkun** Bílskúr





**Upphafleg gerð** **Útlit** **Helstu breytingar** **Hönnuðir breytinga**

| | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr holsteini | Einlyft |
| **Klæðning** | Múrsléttað og | |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | | |

## Saga

Árið 1942 er virt íbúðarhús á lóðinni úr timbri, klætt pappa á veggjum og með járnþaki. Gólf og grunnur hússins er úr steinsteypu. Ekki er að finna byggingarleyfi fyrir þessu húsi né teikningar. Árið 1956 er þetta ekki talin sérstök lóð og húsið sagt standa á baklóð Hjarðarhaga 21. Ekki er að finna heimildir um hvenær húsið var rifið.

Árið 1956 var veitt leyfi fyrir bílskúr á lóðinni Fálkagötu 30 og var hann virtur í mars 1964. Samkvæmt dagbók byggingarfulltrúa var hann reistur árið 1956. Hann er einlyftur, hlaðinn úr holsteini, slétthúðaður og málaður að utan og með járnþaki. Bílskúrinn er upphitaður með afrennslisvatni frá húsinu.

Í dag [2008] er þessi bílskúr nr. 30b við Fálkagötu. Árið 1983 var leyfi til að innrétta íbúð í bílskúrnum synjað. Í dag [2008] er rekið fyrirtækið *Íslensk list* í húsinu en það er vinnustofur tveggja listamanna.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Skúrbygging.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

Byggingarár **1922** # Fálkagata 32

**Fyrsti eigandi** Ásmundur Ólafsson **Hönnun** Sigmundur Halldórsson arkitekt **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1921 | Nýbygging | Guðmundur H. Þorláksson | bygg.m |
| **Klæðning** | | Ris | 1923 | Inngönguskúr | ókunnur | |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | | 1923 | Geymsla á lóð | ókunnur | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | 1934 | Hækkun | Sigmundur Halldórsson | arkitekt |
| **Undirstöður** | | | 1964 | Hækkun | Guðmundur H. Þorláksson | bygg.m |
| | | | 1964 | Svalir | Guðmundur H. Þorláksson | bygg.m |
| | | | 1964 | Bílskúr | Benedikt B. Sigurðsson og Ól. Guttormsson | |

## Saga

Árið 1921 var veitt leyfi fyrir húsi á lóðinni. Húsið var fyrst virt í febrúar 1922. Það er einlyft með risi, byggt úr steinsteypu og með járnþaki. Í því eru tvö íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Árið 1923 er veitt leyfi til að byggja geymsluskúr úr steinsteypu við vesturenda íbúðarhússins og sama ár er virtur nýr inngönguskúr og geymsla. Árið 1931 er veitt leyfi til að hækka og stækka húsið. Húsið er virt árið 1931 og segir þá að um nýtt hús sé að ræða á grunni þess gamla sem byggt var 1921. Á teikningu má sjá að byggt er við bakhlið hússins frá 1922 í fyrsta áfanganum. Opinn gangur liggur í gegnum húsið. Samkvæmt virðingunni er húsið ekki fullklárað en þegar er komin upp ein hæð með risi. Árið 1934 er samþykkt að mjókka undirgang hússins og má sjá á teikningu af húsinu að settar eru geymslur í hluta af undirganginum. Húsið er virt á ný árið 1934 og hefur þá verið hækkað um eina gólfhæð þannig að nú er það tvílyft með skáþaki. Hækkunin er úr steinsteypu með járnþaki. Húsið er allt múrhúðað að utan. Húsið er óbreytt að stærðum fyrir utan hæð þess sem nú er 6,3 m.
Árið 1954 er samþykkt breyting á þakhæð hússins og aftur árið 1956. Árið 1962 er samþykkt bygging bílskúrs á lóðinni. Árið 1964 er húsið virt á ný. Þá er búið að hækka húsið og á 1. og 2. hæð hússins er búið að breyta tveimur íbúðum í eina. Þá eru komnar svalir á aðra og þriðju hæð hússins. Þriðja hæð hússins er ný hæð þar sem er íbúð. Þakhæðin er óinnréttuð og þar er óeinangruð geymsla. Bílskúrinn er hlaðinn úr holsteini með bárujárnsklæddu timburþaki. Í bílskúrnum er í dag [2008] rekið fullkomið hljóðver og var hann endurbættur allur með þá notkun í huga.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús m. áhrifum hefðbundinnar húsagerðar frá fjórða og sjöunda áratug 20.aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er mikið breytt. Það hefur verið hækkað um tvær hæðir.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1922** # Fálkagata 34

**Fyrsti eigandi** Skæringur Hróbjartsson **Hönnun** Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari **Upphafleg notkun** Íbúðarhús og pakkhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr holsteini | Einlyft | 1946 | Viðbygging | Ókunnur | |
| **Klæðning** | | Inng.skúr | 1964 | Viðbygging | Bárður Daníelsson | arkitekt |
| **Þakgerð** | | Ris | 1964 | Hækkun | Bárður Daníelsson | arkitekt |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Árið 1922 fékkst leyfi fyrir húsinu. Húsið var fyrst virt í nóvember 1922. Það er einlyft með risi og inngönguskúr, byggt úr steinlímdum holsteini og með járnþaki. Árið 1924 var virt nýtt geymsluhús á lóðinni. Það var úr steinsteypu með járnþaki. Þar var þvottaherbergi og geymsluherbergi. Einnig var virt hænsnahús úr steinsteypu með járnþaki (skáþaki). Ekki er að finna byggingarleyfi fyrir þessum húsum. Þessi hús hafa verið rifin en ekki er vitað hvenær. Samkvæmt virðingu frá árinu 1946 þá hefur íbúðarhúsið verið stækkað með viðbyggingu við austurenda þess gerðri úr steinsteypu á steyptum grunni og með járnþaki. Þá var búið að breyta hænsnahúsinu í þvottahús.
Samkvæmt b-skjali var veitt leyfi fyrir þriggja hæða íbúðarhúsi úr steinsteypu á lóðinni árið 1961 og árið 1963 var samþykkt að gera útlitsbreytingar á húsinu. Samkvæmt virðingu frá árinu 1964 hefur verið byggt við íbúðarhúsið frá 1922 og það hækkað um tvær hæðir. Ekki er svo að sjá samkvæmt virðingunni að um nýtt hús sé að ræða og skýrt tekið fram að byggt er við eldra húsið. Árið 1993 er samþykkt að fjölga póstum í stofugluggum 2. og 3. hæðar.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er mikið breytt, byggt við og það hækkað.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1906** **Grímshagi 2**

**Fyrsti eigandi** Ögmundur Hansson **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús

 

**Upphafleg gerð** **Útlit** **Helstu breytingar** **Hönnuðir breytinga**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1924 | Atv.húsn. innr. kj. | |
| **Klæðning** | Bárujárn | Ris | 1924 | Útihús | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari | | Bílskúr | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Inng.skúr | 1927 | Skúr á lóð | |
| **Undirstöður** | Hlaðnar úr grjóti | | ? | Ný klæðning | |
| | | | ? | Útihús rifin | |
| | | | ? | Bílskúr rifinn | |

## Saga

Hólabrekka var eitt af þeim grasbýlum sem byggð voru á Grímsstaðaholti á síðari hluta 19. aldar. Á lóðinni stóð fyrst torfbær sem nefndur var Hólabrekka og er ljóst að hann hefur verið byggður fyrir 1886 því að það ár er getið um það í skjölum bygginganefndar að mæld hafi verið út lóð fyrir bæinn Litlubrekku austan við lóð Hólabrekku. Árið 1890 var eiganda Hólabrekku, Þórði Markússyni, veitt erfðafestuland fyrir sunnan bæinn. Í maí 1906 fékk Ögmundur Hansson Stephensen leyfi til að byggja þar íbúðarhús og tvo skúra. Bróðir hans, Stefán Stephensen smiður, mun hafa byggt húsið. Húsið var fyrst virt í september 1906 og var þá fullbyggt. Þetta er einlyft hús með risi og kjallara, byggt af bindingi og upphaflega klætt utan með járni á veggjum og þaki. Á aðalhæð voru þrjú íbúðarherbergi og eldhús og í risi voru tvö íbúðarherbergi og þar var einnig eldavél. Við austurgafl hefur frá upphafi verið inngönguskúr og annar við norðurgafl. Í Hólabrekku rak Ögmundur Stephensen búskap og munu tún hans hafa náð niður undir þar sem Lynghagi er nú. Húsið var virt að nýju árið 1924 og var þá óbreytt utan þess að komin var sölubúð í kjallarann. Þá voru einnig á lóðinni heyhlaða byggð úr bindingi og klædd utan járni og við austurhlið hennar fjós byggt úr steinsteypu. Einnig var þá virtur bifreiðaskúr úr steinsteypu á lóðinni. Árið 1927 var virtur að auki þurrkhjallur á lóðinni, byggður úr bindingi og klæddur utan ýmist með borðum eða rimlum. Húsinu virðist ekki hafa verið breytt að ráði síðan það var byggt, utan þess að það hefur verið múrhúðað, en ekki er ljóst hvenær það var gert. Útihús og bílskúr á lóðinni hafa verið fjarlægð en ekki er ljóst hvenær.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt bárujárnshús.

**Menningarsögulegt gildi:** Hefur mikið gildi sem vitnisburður um upphaf byggðar í Grímsstaðaholti.

**Umhverfisgildi:** Hluti af elstu byggð, gróin lóð með miklum gróðri.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt, utan þess að það hefur verið múrhúðað.

**Varðveislugildi:** **Húsið nýtur verndar í appelsínugulum flokki, þ.e. allar breytingar eru háðar lögum um húsafriðun nr. 104/2001, vegna aldurs. Lagt er til að húsið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem hluti af elstu byggð á Grímsstaðaholti.**

**Byggingarár** 1967

# Hjarðarhagi 11

**Fyrsti eigandi** Herdís Sigurðardóttir

**Hönnun** Þorvaldur S. Þorvaldsson og Jörundur Pálsson arkitektar

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús




**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Þrílyft
Kjallari
Svalir

**Helstu breytingar**

1982 Útlitsbreyting

**Hönnuðir breytinga**

| | |
|---|---|
| Þorvaldur S. Þorvaldsson | arkitekt |
| Jörundur Pálsson | arkitekt |

## Saga

Á þessar lóð, sem þá hét Smyrilsvegur 26, stóð áður einlyft timburhús reist árið 1930 eftir teikningu Þorleifs Eyjólfssonar húsameistara. Það var flutt suður á Álftanes árið 1964.

Leyfi fékkst fyrir núverandi húsi á lóðinni árið 1964. Árið 1965 voru samþykktar smá útlits- og fyrirkomulagsbreytinar á húsinu á meðan það var í byggingu. Húsð var virt í janúar 1967 og var þá fullbyggt. Það er þrílyft með kjallara, svölum, byggt úr steinsteypu, slétthúðað og málað utan og með járnklæddu þaki. Ein íbúð er á hverri hæð en í kjallara hússins er þvottaherbergi og geymslur.

Árið 1982 er samþykkt að loka opnum bílskýlum á 1. hæð hússins og útbúa þannig bílskúra.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjöunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítð breytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga um sérstök verndunarákvæði.**

**Byggingarár** **1961** **Hjarðarhagi 13**

**Fyrsti eigandi** Sigurður Ólafsson o.fl.

**Hönnun** Hörður Björnsson tæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | Útlit |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Ris |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Kjallari |
| **Þakgerð** | | Svalir |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Þrílyft |
| **Undirstöður** | | |

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Leyfi fékkst fyrir húsinu ásamt bílskúr á lóðinni árið 1958. Húsð var virt í janúar 1961 og var þá fullbyggt. Það er þrílyft með kjallara, risi og svölum, byggt úr steinsteypu, slétthúðað og málað utan og með járnklæddu þaki. Ein íbúð er á hverri hæð og í kjallara er íbúð, þvottahús og geymslur.

Árið 1961 er samþykkt endurnýjun á byggingarleyfi fyrir bílskúr á lóðinni. Það er þó ekki fyrr en árið 1981 að tveir bílskúrar úr steinsteypu eru virtir á lóðinni. Samkvæmt dagbók byggingarfulltrúa var bílskúrinn reistur árið 1961. Árið 1998 er samþykkt að fella tré á lóðinni.

Í vettvagnsferð í mars 2008 mátti sjá að byggt hefur verið yfir svalir á fyrstu hæð. Ekki er að finna leyfi fyrir þessari breytingu.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjöunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga um sérstök verndunarákvæði.**

**Byggingarár** **1960** # Hjarðarhagi 15

**Fyrsti eigandi** Oddur Jónsson o.fl. **Hönnun** Hörður Björnsson tæknifræðingur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð** **Útlit** **Helstu breytingar** **Hönnuðir breytinga**

| | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Þrílyft |
| **Klæðning** | Óhúðað | Kjallari |
| **Þakgerð** | | Svalir |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | | |

## Saga

Leyfi fékkst fyrir húsinu ásamt bílskúr á lóðinni árið 1958. Húsð var virt í janúar 1961 og var þá fullbyggt. Það er þrílyft með kjallara, risi og svölum, byggt úr steinsteypu, slétthúðað og málað utan og með járnklæddu þaki. Ein íbúð er á hverri hæð og í kjallara er íbúð, þvottahús og geymslur.

Árið 1961 er samþykkt endurnýjun á byggingarleyfi fyrir bílskúrinn og er það veitt. Árið 1963 er virtur nýr bílskúr á lóðinni úr steinsteypu, slétthúðaður að utan og með járnþaki.

Árið 2005 er samþykkt að fjarlægja burðarvegg á milli eldhúss og stofu á 1. hæð hússins og er það samþykkt.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjöunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga um sérstök verndunarákvæði.**

**Byggingarár** **1958** **Hjarðarhagi 17**

**Fyrsti eigandi** Gunnar Pétursson o.fl. **Hönnun** Sigvaldi Thordarson arkitekt **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Þrílyft | 1962 | Viðbygging | Sigvaldi Thordarson | arkitekt |
| **Klæðning** | Óhúðað | Kjallari | 1984 | Útlitsbreyting | Sigvaldi Thordarson | arkitekt |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | Svalir | | | | |
| **Þakklæðning** | Steypt | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Leyfi fékkst fyrir húsinu árið 1956. Á meðan húsið var í byggingu var samþykkt að stækka kjallara hússins og glugga- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu. Húsið var virt í mars 1958 og var þá fullbyggt. Það er þrílyft með kjallara, risi og svölum, byggt úr steinsteypu, óhúðað að utan og steinsteyptu skáþaki. Ein íbúð er á hverri hæð og í kjallara er þvottahús og geymslur.

Árið 1962 er virt ný geymsla sem fékkst með stækkun á kjallara. Stækkunin er byggð úr steinsteypu, slétthúðuð utan og með steyptu þaki. Árið 1963 er samþykkt að breyta innréttingum í kjallara hússins samkvæmt teikningum Sigvalda Thordarsonar. Árið 1984 er samþykkt að stækka og breyta svölum á húsinu. Árið 1993 er samþykkt að byggja glervegg fyrir svalir 1. hæðar og setja téstiga og trévegg. Ári síðar er þetta leyfi fellt úr gildi.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjötta áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Svölum á bakhlið hússins hefur verið breytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga um sérstök verndunarákvæði.**

**Byggingarár** 1957 **Hjarðarhagi 19**

**Fyrsti eigandi** Ólafur Guðnason o.fl.

**Hönnun** Sigvaldi Thordarson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús og bílskúr





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Óhúðað |
| **Þakgerð** | Flatt þak |
| **Þakklæðning** | Steypt |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Þrílyft
Kjallari
Svalir
Ris

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Leyfi fékkst fyrir húsinu árið 1956. Á meðan húsið er í byggingu er samþykkt að stækka kjallara þess. Húsið var virt í október 1957 og var þá fullbyggt. Það er þrílyft með kjallara, risi og svölum, byggt úr steinsteypu, óhúðað að utan og með steinsteyptu flötu þaki. Ein íbúð er á hverri hæð og í kjallara er þvottahús og geymslur. Þá eru tveir bílskúrar byggðir undir húsið.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjötta áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga um sérstök verndunarákvæði.**

**Byggingarár** **1960** # Hjarðarhagi 21

**Fyrsti eigandi** Rögnvaldur og Gunnar Bjarnasynir

**Hönnun** Gunnlaugur Pálsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrhúðað |
| **Þakgerð** | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Tvílyft
Ris
Kjallari
Kvistir
Svalir

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Leyfi fékkst fyrir húsinu árið 1955. Á meðan húsð var í byggingu var samþykkt að breyta kjallara hússins sem og rishæð þess. Húsið var virt í janúar 1960 og var þá fullbyggt. Það er tvílyft með risi, kjallara undir hálfu húsinu og gluggakvisti, byggt úr steinsteypu, múrhúðað að utan og með járnklæddu þaki. Ein íbúð er á hvorri hæð sem og á þakhæðinni. Í kjallara hússins er íbúð auk þvottahúss og þriggja geymslnna.

Árið 1984 er samþykkt að stækka og nýta þakrými hússins betur samkvæmt teikningum Guðna Pálssonar en ekki varð úr framkvæmdum.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjöunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga um sérstök verndunarákvæði.**

**Byggingarár** **1962** 

# Hjarðarhagi 23

**Fyrsti eigandi** Rögnvaldur og Gunnar Bjarnasynir

**Hönnun** Gunnlaugur Pálsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | | |
| **Klæðning** | Múrhúðað | Ris | | |
| **Þakgerð** | | Kjallari | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Svalir | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Leyfi fékkst fyrir húsinu árið 1955. Á meðan húsð var í byggingu var samþykkt að breyta  rishæð þess. Húsið var virt í janúar 1962 og var þá fullbyggt. Það er tvílyft með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu, múrhúðað að utan og með járnklæddu þaki. Ein íbúð er á hvorri hæð sem og á þakhæðinni. Í kjallara hússins er baðherberbergi,  þvottahús og geymslur.

Ári 1984 var samþykkt breyting til að nýta þakrými húsins betur samkvæmt teikningum Guðna Pálssonar en ekki varð úr framkvæmdum. Árið 1998 er samþykkt afmörkun eigna í húsinu vegna eignaskipta.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjöunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga um sérstök verndunarákvæði.**

**Byggingarár** **1930** **Smyrilsvegur 28**

**Fyrsti eigandi** Eyjólfur Brynjólfsson

**Hönnun** Pjetur Ingimundarson byggingarmeistari

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús



**Upphafleg gerð**

| | | Útlit | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1989> Ný klæðning | |
| **Klæðning** | Bárujárn | Port | 1989> | |
| **Þakgerð** | | Ris | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Kjallari | | |
| **Undirstöður** | | Inng.skúr | | |
| | | Útitröppur | | |

## Saga

Leyfi fékkst fyrir húsinu árið 1929. Húsið var virt í maí 1930 og þá fullbyggt. Það er einlyft með porti, risi og kjallara, byggt úr bindingi og klætt utan með járni bæði þak og veggir. Inngönguskúr úr sama efni er við norðurgafl hússins. Árið 1979 var veitt leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á lóðinni en hann var aldrei byggður.
Samkvæmt núverandi íbúa hússins [2008] þá er húsið byggt úr timbri annars húss, Túngötu 15, sem rifið var árið 1930. Húsið að Túngötu 15 var reist árið 1884. Í grein í Morgunblaðinu þann 20. maí 2003 segir frá húsinu. Þar segir að Eyjólfur Brynjólfsson hafi keypt húsið að Túngötu 15 sem þá var fyrir skipulagi. Húsið var tekið niður næstum því fjöl fyrir fjöl og flutt á handvagni frá Túngötunni og vestur á Grímsstaðaholt. Þar var það byggt upp nákvæmlega eins og það var á Túngötunni. Eyjólfur byggði undir húsið steinsteyptan kjallara en í þessum kjallara var eina þvottahúsið á þessu svæði lengi vel og fengu nágrannakonurnar að þvo þvotta sína þar. Eyjólfur byggði gripahús á lóðinni bak við húsið og áður en yfir lauk hýsti það þrjár mjólkandi kýr. Um tíma voru nokkrar kindur hafðar í kjallara hússins og einnig hænsni. Ekki er að finna nein leyfi fyrir þessu húsi né virðingu.
Núverandi eigendur hússins keyptu það árið 1989. Þau létu setja nýtt járn á húsið og sexrúðuglugga alls staðar nema í kjallaranum og á kvistunum. Þau hafa einnig gert ýmsar fyrirkomulagsbreytingar innanhúss. Þau byggðu skjólvegg úti í garði og breyttu gaflglugganum í stofunni í dyr og smíðuðu pall þar fyrir framan.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt bárujárnshús með sveitser-gluggum.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt og vel við haldið.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1990** **Smyrilsvegur 29**

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Guðmundur Gunnlaugsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Svalir
Ris
Tvílyft

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Á þessari lóð stóðu áður svokölluð bráðabirgðaskýli með allt að 12 eins og tveggja herbergja íbúðum sem fátækranefnd bæjarins lagði til að yrðu byggð árið 1926. Húsin voru einlyft með lágu risi, klædd borðum að utan og með járnþaki á borðasúð. Grunnurinn var úr steinlímdum holsteini. Húsin voru nefnd Grímsbýr 1-2 og 3-4.Húsin voru rifin árið 1986.

Árið 1989 er samþykkt að lóðin nr. 29 við Smyrilsveg yrði skráð nr. 29-31 við Smyrilsveg.

Byggingarleyfi fyrir núverandi húsum á þeirri lóð var veitt árið 1989. Samkvæmt dagbók byggingarfulltrúa var húsið reist á árunum 1989-1990. Húsið er tvílyft með risi og svölum byggt úr steinsteypu með járnklæddu þaki. Ein íbúð er á hvorri hæð.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá tíunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar byggðamynsturs í ljósgulum flokki sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem hluti af heildstæðri byggð lítilla húsa sem ber með sér að vera reist eftir skipulagi. Upphaflegt byggðamynstur hefur varðveist og endurnýjun á síðustu áratugum hefur tekið mið af eldri byggð hvað varðar stærð og form húsa.**

**Byggingarár** **1990** **Smyrilsvegur 31**

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Guðmundur Gunnlaugsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Ris | | |
| **Þakgerð** | | Svalir | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Á þessari lóð stóðu áður svokölluð bráðabirgðaskýli með allt að 12 eins og tveggja herbergja íbúðum sem fátækranefnd bæjarins lagði til að yrðu byggð árið 1926. Húsin voru einlyft með lágu risi, klædd borðum að utan og með járnþaki á borðasúð. Grunnurinn var úr steinlímdum holsteini. Húsin voru nefnd Grímsbýr 1-2 og 3-4. Húsin voru rifin árið 1986.

Árið 1989 er samþykkt að lóðin nr. 29 við Smyrilsveg yrði skráð nr. 29-31 við Smyrilsveg.

Byggingarleyfi fyrir núverandi húsum á þeirri lóð var veitt árið 1989. Samkvæmt dagbók byggingarfulltrúa var húsið reist á árunum 1989-1990. Húsið er tvílyft með risi og svölum byggt úr steinsteypu með járnklæddu þaki. Ein íbúð er á hvorri hæð.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá tíunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar byggðamynsturs í ljósgulum flokki sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem hluti af heildstæðri byggð lítilla húsa sem ber með sér að vera reist eftir skipulagi. Upphaflegt byggðamynstur hefur varðveist og endurnýjun á síðustu áratugum hefur tekið mið af eldri byggð hvað varðar stærð og form húsa.**

**Byggingarár** **1926** **Suðurgata 100**

**Fyrsti eigandi** Steindór Guðmundsson **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús



| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1928 | Ný klæðning | |
| **Klæðning** | Bárujárn | Kjallari | 1928 | Nýr kjallari | |
| **Þakgerð** | | Ris | 1947 | Viðbygging | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | 1950 | Nýr kjallari | |
| **Undirstöður** | | | 1972 | Gluggabreyting | |
| | | | 1984 | Viðbygging | |
| | | | 1993 | Sólpallur | |

## Saga

Húsið stendur sunnarlega á Grímsstaðaholtinu. Samkvæmt fyrstu virðingu af húsinu í nóvember 1926 er það enn ófullgert að ýmsu leyti. Þá er það klætt utan með pappa bæði þak og veggir. Húsið er virt á ný í mars 1928 og er þá búið að klæða þak og veggi með járni. Þá er virtur geymslukjallari undir húsinu. Árið 1947 er virt ný viðbygging við húsið. Hún er úr bindingi með járnþaki. Þá er sagt frá því að húsið sé hitað frá miðstöð. Árið 1950 er samþykkt að stækka, endurbyggja og byggja kjallara úr steini undir húsið. Húsið er virt að nýju árið 1972 og er þá búið að setja nýja glugga í það. Einnig er búið að bæta við baðherbergi með kerlaug, vaski og klósetti. Þá var þakhæð innréttuð, einangruð og máluð. Í kjallara var innréttað íbúðarherbergi og sett klósett, handlaug og sturta. Húsið er virt á ný árið 1981 og hafa þá verið gerðar á því miklar breytingar. Sett hefur verið nýtt rafmagn í húsið, kjallari steyptur, allt málað og fleira. Stærðir eru óbreyttar frá mati árið 1972. Árið 1984 er samþykkt stækkun á húsinu og bílskúr. Árið 1995 er samþykkt leyfi fyrir áður gerðum sólpalli sem reistur var 1993. Sama ár var einnig samþykkt að tölusetja húsið nr. 100 við Suðurgötu. Húsið er í dag [2008] klætt utan með láréttum borðum og einnig búið að setja nýtt þak á það.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt timburhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er talsvert breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1982** 

# Tómasarhagi 7

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Hilmar Þór Björnsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

**Tegund** Steinsteypt

**Klæðning**

**Þakgerð** Mænisþak

**Þakklæðning**

**Undirstöður**

**Útlit**

Einlyft
Ris

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Þessi lóð var áður hluti af erfðafestulóðinni Garðaholtsbletti IV, sem einnig var talin til Fálkagötu (Fálkagata 13b) og síðar til Garðavegs (sem áður lá frá Fálkagötu þaðan sem Tómasarhagi liggur nú). Þá stóð á þessari lóð timburhúsið Engihlíð, sem byggt var árið 1921. Á sömu lóð (líklega á lóðarparti sem nú tilheyrir lóðinni nr. 8 við Grímshaga) var einnig byggt trésmíðahús árið 1944. Árið 1953 afsalaði þáverandi eigandi Engihlíðar húsinu til bæjarsjóðs, ásamt þeim hluta erfðafestulandsins sem því fylgdi. Ekki er ljóst hvenær þessi hús voru fjarlægð, en af kortum að dæma hefur Engihlíð enn staðið árið 1957 en verið horfin árið 1978. Árið 1980 fékkst leyfi til að byggja nýtt íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni, sem þá var skráð sem Tómasarhagi 7. Byggingu hússins mun hafa verið lokið árið 1982. Þetta er einlyft hús með risi.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá níunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1933** **Tómasarhagi 12**

| **Fyrsti eigandi** | **Hönnun** | **Upphafleg notkun** |
|---|---|---|
| Þórður Halldórsson múrarameistari | Guðmundur Eiríksson | Íbúðarhús |





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1989 | Íbúð í kjallara sþ. | | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Ris | 1989 | Viðbygging | Sigurður Harðarson | arkitekt |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari | 1993 | Kvistir | Hilmar Þ. Björnsson | arkitekt |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Inng.skúr | | Svalir | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Leyfi fékkst fyrir húsinu í mars 1932. Það var fyrst virt í apríl sama ár og var þá fullbyggt. Húsið var byggt í landi Litlabæjar (Tómasarhaga 16b) af feðgunum Halldóri Jónssyni, sem byggði Litlabæ, og Þórði Halldórssyni, sem varð eigandi nýja hússins. Það var í fyrstu talið til Garðavegs (Garðavegur 4) en var síðar skráð sem Tómasarhagi 12. Þetta er einlyft hús, með kjallara, risi og inngönguskúr við bakhlið, byggt úr steinsteypu, múrsléttað að utan og með járnþaki. Í því var upphaflega ein íbúð. Húsið stóð óbreytt næstu áratugina. Í apríl 1989 var veitt leyfi fyrir áður gerðri íbúð í kjallara hússins. Í júlí sama ár var samþykkt leyfi til að byggja bílskúr og viðbyggingu úr steinsteypu við húsið. Þá var byggð einlyft viðbygging með tengigangi við suðvesturgafl hússins, en bílskúrinn, sem átti að rísa í vesturhorni lóðarinnar, hefur ekki verið byggður. Árið 1993 var samþykkt leyfi til að setja kvisti og svalir úr timbri á húsið. Kvistur og þakgluggar voru settir á suðurhlið og annar kvistur, ásamt svölum, á norðurhlið.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einföld steinsteypuklassík.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Hefur verið stækkað með viðbyggingu en án þess að eldra húsið hafi breytt um svip.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Byggðin hefur þróast á fjölbreyttan hátt frá um 1920 og æskilegt er að gatan fái að halda einkennum sínum svo byggðin beri áfram sýnileg einkenni um það hvernig hún hefur orðið til.**

**Byggingarár** **1961** **Tómasarhagi 14**

**Fyrsti eigandi** Sighvatur Einarsson o.fl. **Hönnun** Tómas Vigfússon húsasmiður **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | 1993 | Ný klæðning að hluta | Baldvin Einarsson | bygg.fr. |
| **Klæðning** | Marmarahúð | Ris | | | | |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | Kjallari | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Kvistir | | | | |
| **Undirstöður** | | Svalir | | | | |

## Saga

Leyfi fékkst fyrir húsinu, ásamt bílskúr, í maí 1956. Það var byggt á árunum 1956-1959 en var ekki virt fyrr í maí 1961. Þá er það sagt vera nýtt íbúðarhús, tvílyft, með kjallara, risi og tveimur kvistum, byggt úr steinsteypu, húðað marmara utan og með járnklæddu þaki. Í húsinu hafa frá upphafi verið fjórar íbúðir, ein á hverri hæð. Með húsinu var virtur nýr bílskúr, byggður úr steinsteypu, múrhúðaður og með steyptu þaki. Hann stendur í norð-austurhorni lóðarinnar. Árið 1993 fékkst leyfi til að klæða hluta hússins með steniklæðningu.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjöunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga um sérstök verndunarákvæði.**

**Byggingarár** **1957** **Tómasarhagi 16**

**Fyrsti eigandi** Þórður Halldórsson múrarameistari

**Hönnun** Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | Útlit | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | 1997 Íbúð í kjallara sþ. | |
| **Klæðning** | Marmarahúð | Ris | | |
| **Þakgerð** | | Kjallari | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Leyfi fékkst fyrir húsinu í desember 1953. Á meðan það var í byggingu fékkst leyfi til að breyta útliti þess og hækka og breyta risi. Húsið byggði Þórður Halldórsson múrarameistari, sonur Halldórs Jónsonar í Litlabæ, Tómasarhaga 16b. Húsið var virt í september 1957 sem nýtt íbúðarhús, tvílyft með kjallara og risi, byggt úr steinsteypu, húðað utan með marmara og með járnklæddu þaki. Íbúð er á hvorri hæð hússins og í kjallara, en geymsla á þakhæð. Árið 1997 var samþykkt áður gerð íbúð í kjallara hússins, sem búið hafði verið í frá 1955.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjötta áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga um sérstök verndunarákvæði.**

**Byggingarár** **1896** **Tómasarhagi 16b**

**Fyrsti eigandi** Halldór Jónsson **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinbær | Einlyft | 1909 | Útihús | | |
| **Klæðning** | Bárujárn | Útskot | 1920 | Viðbygging | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | 1928 | Inngönguskúr | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | 1962 | Endurbætur | | |
| **Undirstöður** | Hlaðnar úr tilhöggnu grjóti | | | Útihúsi breytt í bílskúr og geymslur | | |
| | | | 1965 | Endurbætur | | |
| | | | 1987 | Viðbygging | Stefán Örn Stefánsson | arkitekt |
| | | | 2002 | Viðbygging | Grétar Markússon | arkitekt |
| | | | | Rifinn skúr | Stefán Örn Stefánsson | arkitekt |

## Saga

Árið 1878 var Jónasi Benediktssyni útmæld lóð í holtinu landnorður af Grímsstöðum og leyft að byggja þar bæ. Þessi bær fékk nafnið Litlibær. Árið 1893 var Einari Gamalíelssyni leyft að byggja á lóðinni hús með langhliðum úr tilhöggnu grágrýti. Hann hugðist þá rífa gamla torfbæinn. Árið 1896 seldi hann Halldóri Jónssyni Litlabæ með tilheyrandi lóð. Halldór lauk við byggingu steinbæjarins þá um haustið. Samkvæmt virðingu var þetta bær byggður með steinveggjum og járnklæddum timburstöfnum. Kjallari var undir öllum bænum. Reykhús mun Halldór hafa byggt úr torfi rétt neðan við bæinn. Árið 1909 byggði Halldór einlyft timburhús á lóðinni og var það notað sem fjós og heyhlaða. Samkvæmt virðingu frá 1920 var Halldór þá búinn að rífa niður bæinn að mestu leyti og byggja upp nýtt hús, úr bindingi á þrjá vegu og steini á einn veg, klætt með járni bæði á veggjum og þaki. Einnig var þá virt útbygging við húsið úr steini og með járnþaki og virðist þar vera um gamla steinbæinn að ræða, en hann hafði þá verið styttur um 5 álnir. Nýja húsið var byggt aftan við steinbæinn og var austurveggur þess byggður úr steini en aðrir veggir úr bindingi. Árið 1928 var Halldór búinn að byggja inngönguskúr við bakhlið hússins. Árið 1956 varð lóðin eign bæjarsjóðs og 1960 mun hafa verið fyrirhugað að bæjarsjóður keypti bæinn til niðurrifs vegna leikvallargerðar. Ekki varð hins vegar af því. Árið 1962 var búið að gera endurbætur á húsinu og breyta fjósi og hlöðu í bílskúr og geymslur. Árið 1965 var búið að gera frekari endurbætur á húsinu og m.a. innrétta í því nýja snyrtingu. Á árunum 1986-1987 var húsið stækkað mikið þegar gerð var einlyft timbur- og glerviðbygging við norðurhlið þess. Árið 2002 fékkst leyfi til að flytja hlöðuna á lóðinni til og rífa skúr við vesturhlið hennar. Þá var viðbyggingin við norðurhlið hússins einnig stækkuð til austurs.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Steinbær með timburviðbyggingum. Steinbærinn er sérreykvísk húsagerð.

**Menningarsögulegt gildi:** Hefur mikið gildi sem vitnisburður um húskost tómthúsmanna á 19. öld og upphaf byggðar í Grímsstaðaholti.

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Byggt hefur verið við húsið en hluti steinbæjarins stendur í upprunalegri mynd.

**Varðveislugildi:** **Vegna aldurs eru allar breytingar á húsinu háðar lögum um húsafriðun nr. 104/2001. Lagt er til að húsið njóti verndar í rauðum flokki skv. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Einnig er lagt til að Arnargata og umhverfi, þar með Tómasarhagi 16b, njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem elsti hluti byggðarinnar á holtinu.**

**Byggingarár** **1998** 

# Tómasarhagi 18

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Rúnar Gunnarsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Steinað |
| **Þakgerð** | Skáþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn/steypt |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Þrílyft
Svalir

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Í nóvember 1997 fékkst leyfi til að byggja á lóðinni fjölbýlishús úr steinsteypu með þremur íbúðum og áfastri bílageymslu. Árið 1998 fékkst leyfi til að breyta fyrirkomulagi við suðursvalir á 2. og 3. hæð hússins. Byggingu hússins mun hafa verið lokið árið 1998.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá tíunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga um sérstök verndunarákvæði.**

**Byggingarár** **1956** # Tómasarhagi 20

**Fyrsti eigandi** Jón Sigtryggsson o.fl.

**Hönnun** Guðmundur Kr. Kristinsson og Hörður Björnsson

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | Skáþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Tvílyft
Ris
Kjallari
Svalir

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Leyfi fékkst fyrir húsinu ásamt bílskúr á lóðinni í maí 1954. Húsið var virt í febrúar 1956 og var þá fullbyggt. Það er tvílyft, með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu, slétthúðað utan og með járnklæddu þaki. Á húsinu er útskot með kjallara og skáþaki. Ein íbúð er á hvorri hæð hússins og í kjallara. Þakhæðin er óinnréttuð samkvæmt fyrstu virðingu. Bílskúrinn virðist ekki hafa verið reistur.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjötta áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga um sérstök verndunarákvæði.**

**Byggingarár** **1965** 

# Tómasarhagi 22

**Fyrsti eigandi** Gunnar Jónsson

**Hönnun** Ásmundur Ólason tæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | Útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | <1981 | Bílskúr | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Ris | | Bílskúr | |
| **Þakgerð** | Skáþak | Kjallari | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Svalir | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Leyfi fékkst fyrir tvílyftu íbúðarhúsi á lóðinni í mars 1960. Í september 1963 var aftur samþykkt leyfi fyrir íbúðarhúsi á lóðinni, ásamt bílskúr, og áður samþykktur uppdráttur þá felldur úr gildi. Húsið var fyrst virt í júní 1965 og var þá fullbyggt. Það er tvílyft, með kjallara og risi, byggt úr steinsteypu, slétthúðað og málað að utan og með járnklæddu þaki. Ein íbúð er á hvorri hæð þess og í kjallara. Húsið byggði Gunnar Jónsson, sonur Magneu Tómasdóttur sem árið 1959 var eigandi að húsinu Eyvík, Arnargötu 8. Árið 1981 voru virtir tveir steinsteyptir bílskúrar sem reistir höfðu verið á lóðinni frá því að húsið var fyrst virt.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjöunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga um sérstök verndunarákvæði.**

**Byggingarár** 1962 **Tómasarhagi 24**

**Fyrsti eigandi** Sigríður Finnbogadóttir **Hönnun** Ásmundur Ólason tæknifræðingur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

**Tegund** Steinsteypt
**Klæðning** Múrsléttað
**Þakgerð** Skáþak
**Þakklæðning** Bárujárn
**Undirstöður**

**Útlit**

Tvílyft
Ris
Kjallari
Svalir

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Leyfi fékkst fyrir íbúðarhúsi og bílskúr á lóðinni árið 1959. Húsið var fyrst virt í september 1962 og var þá virt sem nýtt íbúðarhús. Það er tvílyft með risi, kjallara og svölum, byggt úr steinsteypu, slétthúðað og málað utan og með járnklæddu þaki. Ein íbúð er á hvorri hæð hússins sem og í kjallara þess. Í kjallaranum er einnig þvottahús, kyndiklefi og geymslur. Samkvæmt fyrstu virðingu af húsinu er ris þess ónothæft. Bílskúrinn virðist ekki hafa verið reistur.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá sjöunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga um sérstök verndunarákvæði.**

**Byggingarár** **1973** **Tómasarhagi 26**

**Fyrsti eigandi** Sveinn Kristjánsson

**Hönnun** Þórir Baldvinsson og Sigurður Geirsson

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | Útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | 1976 | Útlitsbreyting | Þórir Baldvinsson | arkitekt |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Kjallari | | | Sigurður Geirsson | |
| **Þakgerð** | Skáþak | Svalir | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Leyfi fékkst fyrir íbúðarhúsi á lóðinni árið 1967. Á meðan húsið var í byggingu var samþykkt að setja svalir á austurhlið þess. Húsið var í byggingu árið 1971 en þó ekki brunavirt fyrr en í apríl 1973 og var þá virt sem nýtt íbúðarhús. Það er tvílyft með kjallara og svölum, byggt úr steinsteypu, slétthúðað og málað að utan og með járnklæddu þaki. Ein íbúð er á hvorri hæð hússins, en þvottahús og geymslur í kjallara. Árið 1976 var samþykkt leyfi til að breyta kjallara hússins með því að setja glugga á hlið bílskýlis og loka framhlið þess með hurðum.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá áttunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt, utan þess að bílskýli á jarðhæð hefur verið lokað.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga um sérstök verndunarákvæði.**

**Byggingarár** **1973** **Tómasarhagi 28**

**Fyrsti eigandi** Sveinn Kristjánsson

**Hönnun** Þórir Baldvinsson og Sigurður Geirsson

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | | |
| **Klæðning** | Múrhúðað | Kjallari | | |
| **Þakgerð** | Skáþak | Svalir | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Leyfi fékkst fyrir íbúðarhúsi á lóðinni í maí 1967. Húsið var í byggingu á árunum 1967 til 1971 en var þó ekki brunavirt fyrr en í desember 1973 og var þá virt sem nýtt íbúðarhús. Það er tvílyft með kjallara að hluta, byggt úr steinsteypu, múrhúðað og málað að utan og með járnklæddu þaki. Ein íbúð er á hvorri hæð hússins, en þvottahús og geymslur í kjallara. Einnig er opið bílastæði við húsið.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Hefðbundin húsagerð frá áttunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga um sérstök verndunarákvæði.**

Byggingarár **1984** 

# Þrastargata 3

**Fyrsti eigandi** Magnús Pétursson

**Hönnun** Guðmundur Kr. Guðmundsson
Ólafur Sigurðsson arkitektar

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús



**Upphafleg gerð**

| | | Útlit |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft |
| **Klæðning** | | Ris |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Inng.skúr |
| **Þakklæðning** | | Kvistir |
| **Undirstöður** | | Port |

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Á þessari lóð var fyrst byggt árið 1929 einlyft íbúðarhúsi úr timbri með risi. Eldur kom upp í húsinu í þann 11. ágúst 1983 og stórskemmdist húsið. Í október 1983 var samþykkt að fjarlægja brunarústirnar og í maí 1984 er samþykkt núverandi hús á lóðinni.

Það er einlyft með risi, porti, kvisti og inngönguskúr, byggt úr steinsteypu með mænisþaki.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús frá níunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt frá byggingu þess.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem hluti af heildstæðri byggð lítilla húsa sem bera með sér að vera reist eftir skipulagi. Upphaflegt byggðamynstur hefur varðveist og endurnýjun á síðustu áratugum hefur tekið mið af eldri byggð hvað varðar stærð og form húsa.**

**Byggingarár** **1926** 

# Þrastargata 3b

**Fyrsti eigandi** Arnkell Ingimundarson verkamaður

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús







| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1928 | Ný klæðning | |
| **Klæðning** | Timbur | Kjallari | 1928 | Inngönguskúr | |
| **Þakgerð** | | | 1928 | Nýr kjallari | |
| **Þakklæðning** | Pappi | | 1980 | Viðbygging | Samúel Ó. Steinbjörnsson tækni.fr |
| **Undirstöður** | | | ? | Ný klæðning | |

## Saga

Húsið er hluti af bráðabirgðaskúrbyggingum einstaklinga sem reistar voru við Þrastargötu á árunum 1926-1929. Upphaflega fylgdu engin lóðarréttindi þessum húsum. Árið 1978 var lóðunum skipt upp og fengu þau þá ný b-númer. Fram að þeim tíma voru þau öll undir sama númeri, b-1961.

Húsið var fyrst virt fyrst í júlí 1926. Það er einlyft timburhús með pappaklæddu þaki. Í því eru tvö íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Húsið var tekið til virðingar á ný í nóvember 1928 og er þá fullgert. Þá er búið að klæða bæði þak og veggi hússins með bárujárni. Þá er virtur inngönguskúr við húsið. Í þaklyfti er búið að útbúa íbúðarherbergi og framloft. Einnig er kominn geymslukjallari undir húsinu.  Samkvæmt virðingu frá árinu 1942 er virtur á lóðinni geymsluskúr úr bindingi og eru járnklædd bæði þak og veggir. Ekki er að finna byggingarleyfi fyrir skúrnum. Næst er húsið virt árið 1946 og hefur þá fengið rækilegar umbætur, allt veggfóðrað, málað og dúklagt. Á árunum 1952-1953 óskaði eigandi hússins eftir lóðarréttindum fyrir húsið en var synjað í tvígang. Húsið er óbreytt að stærðum árð 1971. Samkvæmt mati frá árinu 1980 er búið að stækka húsið en leyfi fyrir stækkuninni fékkst árið 1978. Stækkunin er byggð úr timbri, klætt með panel og er bárujárn á þaki. Stækkunin nemur einni stofu og eldhúsi. Í dag [2008] er húsið klætt láréttri timburklæðningu. Ekki er vitað hvenær hún var sett á húsið.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt timburhús frá þriðja áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Byggt hefur verið við húsið og settur undir það kjallari.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem hluti af heildstæðri byggð lítilla húsa sem bera með sér að vera reist eftir skipulagi. Upphaflegt byggðamynstur hefur varðveist og endurnýjun á síðustu áratugum hefur tekið mið af eldri byggð hvað varðar stærð og form húsa.**

**Byggingarár** **1926** **Þrastargata 4**

**Fyrsti eigandi** Óskar Pálsson verkamaður

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús



**Upphafleg gerð**

| | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | |
| **Klæðning** | Timbur | |
| **Þakgerð** | | |
| **Þakklæðning** | Timbur | |
| **Undirstöður** | | |

**Útlit**

Einlyft
Ris

| **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|
| 1933 | Ný klæðning | ókunnur |
| 1933 | Inngönguskúr | ókunnur |
| 1947 | Viðbygging | ókunnur |
| 1947 | Hækkun | ókunnur |
| 1947 | Skelhúðað | ókunnur |
| 1997 | Þakbreyting | |
| 1997 | Útlitsbreyting | |

## Saga

Húsið er hluti af bráðabirgðaskúrbyggingum einstaklinga sem reistar voru við Þrastargötu á árunum 1926-1929. Upphaflega fylgdu engin lóðarréttindi þessum húsum. Árið 1978 var lóðunum skipt upp og fengu þau þá ný b-númer. Fram að þeim tíma voru þau öll undir sama númeri, b-1961.

Húsið var fyrst virt í maí 1926. Það er einlyft timburhús með risi klætt utan með borðum bæði þak og veggir en þó er pappi yfir borðasúðinni á þakinu. Í húsinu eru þrjú íbúðarherbergi og eldhús. Húsið er virt á ný árið 1933 og hefur þá verið endurbætt á ýmsan hátt og meðal annars allt klætt bárujárni að utan. Þá er virtur nýr inngönguskúr við húsið úr timbri og járnvarinn. Þá er líka virtur geymsluskúr úr timbri á lóðinni. Árin 1933 og 1937 er sótt um lóðarréttindi en synjað í bæði skiptin. Engar breytingar eru virtar árið 1943. Árið 1947 er búið að rífa inngönguskúrinn og húsið lengt og ris þess hækkað úr samskonar efni og með sama frágangi og áður var, nema skelhúðað á veggjum. Einnig er búið að rífa geymsluskúrinn frá 1933. Húsið er óbreytt samkvæmt virðingum frá 1971 og 1978. Árið 1994 er samþykkt að breyta og stækka þakhæð hússins. Þetta leyfi er endurnýjað tveimur árum síðar. Árið 1997 er samþykkt að hækka upp og framlengja þakið og er stækkunin úr timbri.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt timburhús frá þriðja áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Byggt hefur verið við húsið og það portbyggt og þaki breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem hluti af heildstæðri byggð lítilla húsa sem bera með sér að vera reist eftir skipulagi. Upphaflegt byggðamynstur hefur varðveist og endurnýjun á síðustu áratugum hefur tekið mið af eldri byggð hvað varðar stærð og form húsa.**

**Byggingarár** **1929** 

# Þrastargata 5

**Fyrsti eigandi** Ólafur Guðnason verkamaður

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1945 | Ný klæðning | ókunnur | |
| **Klæðning** | Pappi | | 1945 | Viðbygging | ókunnur | |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | | 1984 | Hækkun | Geirharður Þorsteinsson | arkitekt |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Húsið er hluti af bráðabirgðaskúrbyggingum einstaklinga sem reistar voru við Þrastargötu á árunum 1926-1929. Upphaflega fylgdu engin lóðarréttindi þessum húsum. Árið 1978 var lóðunum skipt upp og fengu þau þá ný b-númer. Fram að þeim tíma voru þau öll undir sama númeri, b-1961.
Húsið var fyrst virt í apríl 1929. Það er einlyftur íbúðarskúr úr timbri og klæddur utan með pappa og járnþaki. Í því eru tvö íbúðarherbergi, eldhús, geymsluklefi og gangur. Samkvæmt b-blaði er byggt þvottahús á lóðinni árið 1940 en það er ekki virt fyrr en 1945. Þvottahúsið er úr timbri og klætt pappa á veggjum og þaki. Samkvæmt virðingu frá 1945 er íbúðarhúsið allt klætt járni. Þá er lengd þess 6,2 m. en var 5,1 m skv. fyrstu virðingu. Þá er líka virt viðbygging við húsið sem er þó ófullgerð að innri frágangi. Ekki höfðu verið gerðar neinar breytingar á húsinu skv. virðingu frá 1971. Árið 1984 er veitt leyfi til að hækka ris hússins þannig að húsið telst þá portbyggt.
Við húsið er einkennileg viðbygging, ekki áföst. Hún er frá tíma uppfinningamanns er þar bjó. Hann átti patent á hjallfiski, sérstakri verkun á harðfiski. Mikil leynd hvíldi yfir verkuninni. Ýmsar aðrar uppfinningar fékkst þessi maður við, smíðaði m.a. merkilegt hljóðfæri, „fiðlu með slaghörpulagi“. (Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín*. Viðtal við Eðvard Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið. IV. spóla, útv. 15.08.1971.)

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt timburhús frá þriðja áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Byggt hefur verið við húsið og það gert portbyggt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem hluti af heildstæðri byggð lítilla húsa sem bera með sér að vera reist eftir skipulagi. Upphaflegt byggðamynstur hefur varðveist og endurnýjun á síðustu áratugum hefur tekið mið af eldri byggð hvað varðar stærð og form húsa.**

**Byggingarár** **1925** **Þrastargata 7**

**Fyrsti eigandi** Matthías Eyjólfsson verkamaður

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð** | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1927 | Hækkun | |
| **Klæðning** | Pappi | Inng.skúr | 1927 | Ný klæðning á þaki | |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | | | | |
| **Þakklæðning** | Pappi | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Húsið er hluti af bráðabirgðaskúrbyggingum einstaklinga sem reistar voru við Þrastargötu á árunum 1926-1929. Upphaflega fylgdu engin lóðarréttindi þessum húsum. Árið 1978 var lóðunum skipt upp og fengu þau þá ný b-númer. Fram að þeim tíma voru þau öll undir sama númeri, b-1961.
Húsið var fyrst virt í nóvember 1925. Það er einlyftur íbúðarskúr úr timbri og pappaklædd bæði þak og veggir. Inngönguskúrinn úr timbri er við norðurhlið hússins. Húsið er virt á ný ári síðar, eða 1926, og hefur húsið þá verið stækkað á þann hátt að port og ris hefur verið sett ofan á það. Hæð hússins er þá 3 m. Þá er þakið járnklætt. Húsið er næst tekið til virðingar árið 1942 og er þá óbreytt. Stærðir inngönguskúrsins eru þó breyttar. Þá er líka virt þvotta- og geymsluhús úr timbri, pappaklætt að utan, á lóðinni. Húsið er óbreytt að stærðum samkvæmt virðingum frá 1956, 1965 og 1971. Árið 1965 var sett ný innrétting í eldhús, stofa lagfærð og ný útidyrahurð sett. Þá er búið að breyta geymslunni í þvottahús með rennandi vatni.
Árið 1995 er óskað eftir því að rífa húsið og byggja nýtt hús á lóðinni. Árbæjarsafn lagðist ekki gegn því í umsögn sinni um erindið. Þó var lögð mikil áhersla á að nýtt hús félli vel inni í umhverfið, bæði hvað varðar stíl og stærð. Húsið fékk að standa.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt timburhús frá þriðja áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Ris hússins hefur verið hækkað.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem hluti af heildstæðri byggð lítilla húsa sem bera með sér að vera reist eftir skipulagi. Upphaflegt byggðamynstur hefur varðveist og endurnýjun á síðustu áratugum hefur tekið mið af eldri byggð hvað varðar stærð og form húsa.**

**Byggingarár** **1926** **Þrastargata 7b**

**Fyrsti eigandi** Stefán Sveinsson

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús



**Upphafleg gerð**

| | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1933 | Inngönguskúr | Ókunnur |
| **Klæðning** | Bárujárn | Ris | | | |
| **Þakgerð** | | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Húsið er hluti af bráðabirgðaskúrbyggingum einstaklinga sem reistar voru við Þrastargötu á árunum 1926-1929. Upphaflega fylgdu engin lóðarréttindi þessum húsum. Árið 1978 var lóðunum skipt upp og fengu þau þá ný b-númer. Fram að þeim tíma voru þau öll undir sama númeri, b-1961.

Húsið var fyrst virt í maí 1926. Það er einlyft timburhús með risi og járnklætt bæði þak og veggir. Á aðalhæð eru tvö íbúðarherbergi, eldhús og gangur en á þaklyfti er eitt íbúðarherbergi og framloft. Húsið er óbreytt samkvæmt virðingu frá 1933. Þá er virtur nýr inngönguskúr við húsið úr bindingi og eru járnklædd bæði þak og veggir. Árið 1941 er húsið óbreytt en virtur er nýr geymsluskúr á lóðinni. Hann er úr bindingi og klæddur pappa og listum bæði þak og veggir. Ný virðing er gerð árið 1945 og er þá virtur nýr bílskúr sem er áfastur við vesturenda hússins og geymsluna sem fyrir var. Hann er úr timbri en vesturhlið hans er eldvarnarveggur. Húsin eru óbreytt skv. virðingum frá 1950 og 1971

Um tíma bjuggu í húsinu Hans Ögmundsson og Gréta Tómasdóttir. Húsið var þá kallað *Hans og Grétu húsið.*

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt timburhús frá þriðja áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Byggt hefur verið við húsið inngönguskúr og geymsluskúr.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem hluti af heildstæðri byggð lítilla húsa sem bera með sér að vera reist eftir skipulagi. Upphaflegt byggðamynstur hefur varðveist og endurnýjun á síðustu áratugum hefur tekið mið af eldri byggð hvað varðar stærð og form húsa.**

**Byggingarár** **1925** # Þrastargata 8

**Fyrsti eigandi** Helgi Halldórsson **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð** **Útlit** **Helstu breytingar** **Hönnuðir breytinga**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1927 | Ný klæðning | | |
| **Klæðning** | Timbur | Ris | 1977 | Viðbygging | Þórhallur Aðalsteinsson | bygg.fr |
| **Þakgerð** | | | 1982 | Inngönguskúr | Þórhallur Aðalsteinsson | bygg.fr |
| **Þakklæðning** | Pappi | | 1982 | Hækka ris | Þórhallur Aðalsteinsson | bygg.fr |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | | 1988 | Kvistur | Þórhallur Aðalsteinsson | bygg.fr |

## Saga

Húsið er hluti af bráðabirgðaskúrbyggingum einstaklinga sem reistar voru við Þrastargötu á árunum 1926-1929. Upphaflega fylgdu engin lóðarréttindi þessum húsum. Árið 1978 var lóðunum skipt upp og fengu þau þá ný b-númer. Fram að þeim tíma voru þau öll undir sama númeri, b-1961.

Húsið var fyrst virt í desember 1925. Það er einlyft timburhús með risi og klætt með timburborðum á veggum og pappa á þaki. Í því eru þrjú íbúðarherbergi, eldhús, geymsluklefi og gangur. Húsið er virt á ný árið 1927 og hefur þá allt verið klætt járni og fullgert að innan. Húsið er óbreytt árið 1943 en þá er virtur á lóðinni geymslu- og þvottaskúr úr bindingi, pappa-klædd bæði þak og veggir. Eldvarnarveggur er á einni hlið. Árið 1957 er komið trésmíðaverkstæði í hluta geymslu-skúrsins. Húsið og skúrinn eru óbreytt að stærðum skv. virðingum árin 1971 og 1977. Í virðingunni frá 1977 er fyrst minnst á bílskúr og þá sagt að hann sé múraður að innan. Á b-blaði segir að árið 1925 hafi verið byggður bílskúr á lóðinni en það er ekki fyrr en 1943 sem virt er önnur bygging á lóðinni og geymslu- og þvottaskúr. Árið 1977 er samþykkt að stækka húsið úr steini og timbri. Árið 1982 er samþykkt að byggja inngönguskúr úr timbri og hækka ris hússins. Árið 1988 er samþykkt að setja kvist á þak hússins. Húsið var um tíma kallað *Sólvangur*.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt timburhús frá þriðja áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Byggt hefur verið við húsið, ris þess hækkað og settir á það kvistir.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem hluti af heildstæðri byggð lítilla húsa sem bera með sér að vera reist eftir skipulagi. Upphaflegt byggðamynstur hefur varðveist og endurnýjun á síðustu áratugum hefur tekið mið af eldri byggð hvað varðar stærð og form húsa.**

**Byggingarár** **1925** 

# Þrastargata 9

**Fyrsti eigandi** Jón F. Friðriksson sjómaður

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús




**Upphafleg gerð**

| | | **Útlit** |
|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft |
| **Klæðning** | Timbur | Ris |
| **Þakgerð** | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | | |

**Helstu breytingar** / **Hönnuðir breytinga**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1942 | Inngönguskúr | Ókunnur | |
| 1942 | Þvottaskúr | Ókunnur | |
| 1989 | Viðbygging | Ókunnur | |
| 1989 | Kvistur | Ókunnur | |
| 1994 | Útlitsbreyting | Pétur Örn Björnsson | arkitekt |
| 1994 | Kvistur | Pétur Örn Björnsson | arkitekt |
| 1994 | Gluggabreyting | Pétur Örn Björnsson | arkitekt |

## Saga

Húsið er hluti af bráðabirgðaskúrbyggingum einstaklinga sem reistar voru við Þrastargötu á árunum 1926-1929. Upphaflega fylgdu engin lóðarréttindi þessum húsum. Árið 1978 var lóðunum skipt upp og fengu þau þá ný b-númer. Fram að þeim tíma voru þau öll undir sama númeri, b-1961.

Húsið var fyrst virt í febrúar 1926. Það er einlyft timburhús með risi, klætt utan timburborðum á veggjum og járni á þaki. Í því eru tvö íbúðarherbergi og eldhús. Í virðingunni er búið að strika yfir Seltjarnarnesshrepp sem fyrsta eiganda hússins og nafn Jóns komið í staðinn. Húsið er næst virt árið 1942. Þá er virtur inngöngu- og geymsluskúr við húsið úr bindingi. Einnig er virtur þvottaskúr úr járni á langböndum með steingólfi. Húsið er virt á ný árið 1960 og hefur þá þvottaskúrinn verið sameinaður íbúðarhúsinu. Húsið er tekið til virðingar á ný árið 1971 og er þá óbreytt að stærðum. Árið 1989 er veitt leyfi fyrir áður byggðu húsi á lóðinni og sama ár er veitt leyfi til að stækka fyrstu hæð og setja kvist á þak hússins. Árið 1994 er samþykkt að færa útihurð hússins, breyta gluggum og byggja kvist.
Í þessu húsi bjuggu Jósefína Eyjólfsdóttir frá Nauthól og Halldór Sigurðsson fisksali. Jósefína var þekkt fyrir að spá í spil og bolla. Hún var líka fyrirmyndin að Karólínu í bók Einars Kárasonar *Þar sem djöflaeyjan rís.*

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt timburhús frá þriðja áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið hefur verið stækkað, settur á það kvistur og gluggum breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem hluti af heildstæðri byggð lítilla húsa sem bera með sér að vera reist eftir skipulagi. Upphaflegt byggðamynstur hefur varðveist og endurnýjun á síðustu áratugum hefur tekið mið af eldri byggð hvað varðar stærð og form húsa.**

Byggingarár **1990** 

# Þrastargata 10

**Fyrsti eigandi** Haraldur Sumarliðason

**Hönnun** Guðmundur Gunnlaugsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Einlyft
Ris
Svalir
Inng.skúr
Kvistir

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Á þessari lóð stóð áður timburhúsið Grímsbýr nr. 5-6 og salerni frá árinu 1925. Það var rifið árið 1986.

Byggingarleyfi fyrir núverandi húsi á lóðinni var veitt árið 1989. Samkvæmt dagbók byggingarfulltrúa þá var húsið reist á árunum 1989-1990. Húsið er einlyft með risi, inngönguskúr, svölum og kvisti, byggt úr steinsteypu með járnklæddu þaki.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús frá tíunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem hluti af heildstæðri byggð lítilla húsa sem bera með sér að vera reist eftir skipulagi. Upphaflegt byggðamynstur hefur varðveist og endurnýjun á síðustu áratugum hefur tekið mið af eldri byggð hvað varðar stærð og form húsa.**

**Byggingarár** **1990** 

# Þrastargata 11

**Fyrsti eigandi** Haraldur Sumarliðason

**Hönnun** Guðmundur Gunnlaugsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús



**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Einlyft
Ris
Kvistir
Inng.skúr

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Á þessari lóð stóð áður timburhúsið Grímsbýr nr. 5-6 og salerni frá árinu 1925. Það var rifið árið 1986.

Árið 1989 var lagt til að þessi lóð yrði skráð Þrastargata 11 en var áður Þrastargata 9a. Sama ár var veitt byggingarleyfi fyrir núverandi húsi á lóðinni.

Samkvæmt dagbók byggingarfulltrúa var húsið reist á árunum 1989-1990. Húsið er einlyft með risi, inngönguskúr og kvisti, byggt úr steinsteypu með járnklæddu þaki.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús frá tíunda áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið njóti verndar í ljósgulum flokki: verndun byggðamynsturs, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem hluti af heildstæðri byggð lítilla húsa sem bera með sér að vera reist eftir skipulagi. Upphaflegt byggðamynstur hefur varðveist og endurnýjun á síðustu áratugum hefur tekið mið af eldri byggð hvað varðar stærð og form húsa.**

# Húsaskrá – Horfin hús

**Byggingarár** **1882** # Arnargata 15

**Fyrsti eigandi** Þórður Halldórsson **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús



| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1924 | Inngönguskúr | |
| **Klæðning** | | | 1924 | Ný klæðning | |
| **Þakgerð** | | | 1924 | Skúr á lóð | |
| **Þakklæðning** | | | 1943 | Skúr á lóð rifinn | |
| **Undirstöður** | | | <1952 | Viðbygging | |
| | | | | Viðbygging | |
| | | | 1970 | Rifið | |

## Saga

Húsið var fyrst virt árið 1882 og þá segir að það sé byggt úr bindingi múruðum með múrsteini og holtagrjóti. Húsið var tekið til virðingar á ný árið 1924 og var þá óbreytt að stærðum. Húsið var þá allt járnklætt. Þá var einnig virtur inngönguskúr úr timbri við húsið. Ennfremur var virtur á lóðinni geymsluskúr byggður úr bindingi og járnklæddur á þaki og veggjum.
Árið 1942 var sótt um leyfi til að byggja bráðabirgða íbúðar-og geymsluhús úr steinsteypu við húsið og var það samþykkt. Ári síðar var sótt um leyfi til að byggja bakhús á lóðinni. Húsið var virt að nýju árið 1943 og var íbúðarhúsið þá óbreytt. Geymsluskúrinn frá 1924 var þá ekki lengur nefndur en aftur á móti var virt hesthús og heyhús á lóðinni. Þau voru bæði byggð úr bindingi og klædd með timbri á veggjum en pappa á þaki. Samkvæmt kortum og heimildum frá 1952-1960 hefur þá verið búið að gera langa viðbyggingu eða tvær viðbyggingar út frá austurhlið hússins, eins og teikningin frá 1942 gerði ráð fyrir. Austasti hlutinn, sem stóð hér um bil þar sem nú er bílskúr hússins Arnargötu 14, var þá skráður sem Arnargata 15.
Á korti frá 1919 má sjá Björnshús, en svo var húsið kallað, og stendur það á milli Klapparholts og Jónshúss en bæði þessi hús hafa verið rifinn. Björnshús og útihús þess voru rifin um 1970 þar sem þau stóðu í vegi fyrir gatnaframkvæmdum þegar Dunhagi var lagður.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið var rifið um 1970.**

**Fyrsti eigandi** Sveinn Eiríksson

**Hönnun**

**Upphafleg notkun**
Íbúðarhús

| | Upphafleg gerð | Útlit | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Torfbær | Einlyft | ? Rifið | |
| **Klæðning** | | | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | |
| **Þakklæðning** | | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Sveinn Eiríksson fékk í júní 1883 leyfi til að byggja bæ austanvert við hús Þórðar Halldórssonar á Grímsstaðaholti. Bær þessi var með hlöðnum torfveggjum og torfþaki og var nefndur Klapparholt. Hann mun hafa staðið á þeim stað þar sem nú [2008] er steypt plan og bílskúr vestan við lóðina Arnargötu 4. Árið 1891 var lóð Klapparholts, ásamt kálgarði, mæld upp og var þá eignarlóð. Sveinn Eiríksson hafði keypt erfðafestulandstykki, dagsláttu, fyrir vestan lóð Einars Gamalíussonar (Litlabæ, nú Tómasarhaga 16b). Í október 1902 seldi bæjarfógeti, sem skiptaráðandi í dánarbúi Sveins Eiríkssonar, D. Thomsen versunarmanni bæinn, ásamt erfðafestulóðinni. Í febrúar 1903 seldi D. Thomsen Jóni Jónssyni eignina. Jón þessi fékk í júní sama ár leyfi til að reisa hús og skúr á lóðinni. Það hús var fullbyggt í september 1903 og var kallað Eyvík. Það stendur enn og er skráð sem Arnargata 8. Lóðir Eyvíkur og Klapparholts munu síðar hafa verið aðskildar þó að þessar tvær eignir væru oftast í eigu sama aðila. Á landræmu milli þeirra var byggður torfbærinn Nýibær og síðar á sama stað húsið Skaftafell, nú Arnargata 4. Bærinn Klapparholt var virtur með húsinu Eyvík í september 1903 og er þá sagður með torfveggjum og torfþaki á skarsúð. Í honum var eitt herbergi og eldhús. Við austurhlið hans var lítill inngönguskúr úr timbri. Árið 1909 virðist Klapparholt ennþá standa því þá var eignin Eyvík seld ásamt gamla bænum. Í Klapparholti virðist þó hafa verið búið í skamma hríð, ef til vill vegna smæðar.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Torfbær sem hefur verið rifinn, líklega á fyrstu áratugum 20. aldar.**

**Byggingarár** **1929** # Fálkagata 1

**Fyrsti eigandi** Ögmundur Hansson

**Hönnun** Þorleifur Eyjólfsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Verslun



| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1966 Flutningur | |
| **Klæðning** | Bárujárn | Ris | | |
| **Þakgerð** | Valmaþak | Kjallari | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Um er að ræða timburhús sem áður stóð á lóðinni Fálkagötu 1. Leyfi fékkst fyrir byggingu þess í mars 1929 og það var fyrst virt í júní 1929, sem nýtt verslunarhús, og var þá fullbyggt. Húsið byggði Ögmundur Hansson Stephensen, sá sami og byggði húsið Hólabrekku við Grímshaga 2 árið 1906. Þetta var einlyft hús með risi og kjallara, byggt úr bindingi og klætt bárujárni á veggjum og þaki. Á aðalhæðinni var sölubúð með skápum, borðum og skúffum, auk íbúðarherbergis. Þar rak Ögmundur verslun um skeið. Síðar var þarna prentsmiðjan Dögun sem Stefán sonur Ögmundar rak og prentaði m.a. *Straumrof* eftir Halldór Laxness, *Vort daglega brauð* eftir Vilhjálm frá Skálholti, *Sovétvininn* og fleiri rit. Síðast mun hafa búið í þessu húsi Sigurður Guðmundsson ritstjóri Þjóðviljans, ásamt barnmargri fjölskyldu sinni. Í maí 1966 fékkst leyfi til að byggja nýtt íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni og var gamla húsið þá tekið upp og flutt austur að Birtingaholti í Hreppum og gert að sumarbústað. Núverandi hús á lóðinni var fullbyggt í febrúar 1968.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið var flutt af lóðinni árið 1966.**

**Byggingarár** 1923

# Fálkagata 6

**Fyrsti eigandi** Jón Eyjólfsson

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús



**Upphafleg gerð**

| | | Útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1925 | Viðbygging | Pétur Ingimundarson |
| **Klæðning** | | Ris | <1970 | Rifið | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Um er að ræða einlyft steinhús sem áður stóð á lóðinni Fálkagötu 6. Jón Eyjólfsson fékk í júlí 1923 leyfi til að byggja íbúðarhús á lóðinni. Húsið var fyrst virt í október sama ár og var þá fullbyggt. Þetta var einlyft hús með lágu risi, byggt úr steinsteypu og með járnþaki. Á aðalhæð hússins voru þrjú íbúðarherbergi og eldhús. Samkvæmt upphaflegri teikningu var gert ráð fyrir inngönguskúr við norðurhlið hússins, en hann er ekki nefndur í virðingum. Til er teikning að skúr á lóðinni frá sama ári en hann virðist ekki hafa verið byggður. Í maí 1925 fékkst leyfi til að gera viðbótarbyggingu við húsið og var hún virt í júlí sama ár. Þetta var einlyft bygging, byggð við vesturgafl hússins, úr steinsteypu og með járnþaki. Þar var innréttuð séríbúð. Árið 1927 fékkst leyfi til að stækka skúr við húsið. Samkvæmt teikningu var þar um að ræða inngönguskúr við norðurhlið hússins, sem líklega hefur verið þar frá því að húsið var byggt. Hann átti að stækka til norðurs, en ekki er ljóst hvort það var gert. Á árunum 1957-60 var ráðgert að byggja nýtt íbúðarhús á lóðinni en ekki varð af þeim áformum fyrr en árið 1968, þegar leyfi fékkst á ný til að byggja nýtt íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni. Það var virt í maí 1970. Ekki er ljóst hvenær fyrir þann tíma eldra húsið var fjarlægt.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið var rifið fyrir 1970.**

**Byggingarár** **1896**

# Fálkagata 7

**Fyrsti eigandi** Eyjólfur Þorsteinsson hómópati

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús




**Upphafleg gerð**

| | | Útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1898 | Ný klæðning á suðurgafl | |
| **Klæðning** | Timbur | Ris | | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari | 1924 | Inngönguskúr | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | 1924 | Skúr á lóð | |
| **Undirstöður** | | | 1966 | Flutningur | |

## Saga

Um er að ræða timburhús sem áður stóð hér um bil þar sem húsið Fálkagata 5 stendur nú eða þar sem nú eru bílastæði framan við húsið. Hús þetta gekk undir nafninu Kvöldroðinn og var skráð sem Fálkagata 7. Eyjólfur Þorsteinsson „homoepath“ á Hólabrekku (Grímshaga 2) byggði húsið á lóð sem honum var útmæld fyrir norðan Hólabrekku árið 1896. Húsið var fyrst brunavirt í desember 1896 og var þá fullbyggt að mestu. Þetta var einlyft hús, byggt úr bindingi klæddum borðum og með járnþaki. Samkvæmt fyrstu virðingu voru í því tvö herbergi, að mestu leyti fullgjörð, og ein eldavél. Húsið var virt að nýju í júlí 1898 og hafði þá verið endurbætt. Suðurgafl hússins hafði þá verið járnklæddur og í það var nú komið eldhús, auk herbergjanna tveggja. Þá er einnig tekið fram að kjallari sé undir öllu húsinu. Árið 1924 er í fyrsta skipti virtur inngönguskúr úr bindingi við suðurhlið hússins. Þá er einnig virtur þurrkhjallur á lóðinni, byggður úr bindingi og klæddur utan borðum og rimlum. Húsið, ásamt þurrkhjallinum, var síðast virt árið 1943 og var þá óbreytt. Í húsinu bjó um skeið Þorsteinn Gamalíelsson sjómaður, sem gerði út árabát frá Grímsstaðavör, en hann drukknaði við fjórða mann í Skerjafirði árið 1918. Sonur hans Jón, sem einnig var sjómaður, var jafnan nefndur Jón í Kvöldroðanum. Í desember 1965 var ákveðið að lóðin yrði nr. 3-5 við Fálkagötu. Guðmundur Ármannsson o.fl. fengu í mars 1966 leyfi til að byggja nýtt íbúðarhús á lóðinni og það ár var húsið Kvöldroðinn fjarlægt. Það mun þá hafa verið flutt að Neistastöðum í Flóa og gert að sumarbústað. Núverandi hús á lóðinni var fullbyggt í september 1968.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið var flutt af lóðinni árið 1966.**

**Byggingarár** **1919** **Fálkagata 11**

**Fyrsti eigandi** Símon Sveinsson og Þormóður Guðmundsson

**Hönnun** Þ.?

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús og pakkhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr steini | Einlyft | 1943 | Viðbygging | Guðmundur H. Þorláksson | bygg.m |
| **Klæðning** | | | 1983 | Rifið | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Um er að ræða steinhús sem áður stóð á lóðinni Fálkagötu 11. Húsið stóð ekki við götu heldur inni á lóðinni. Það var fyrst virt í nóvember 1919 og var þá enn í smíðum. Þá var einungis búið að fullgera kjallara þess. Hann var byggður úr steini og yfir hann hafði verið sett járnþak með lágu risi. Við austurgafl var skúr úr bindingi, klæddur utan með borðum og asfaltpappa og með járnþaki, hólfaður í tvennt. Í húsinu voru þrjú íbúðarherbergi og eldhús. Samkvæmt upphaflegri teikningu átti þetta að verða einlyft hús með kjallara og risi, en aðalhæðin virðist aldrei hafa verið byggð. Húsið gekk jafnan undir nafninu Skotgryfjurnar og mun nafnið hafa verið þannig til komið að húsið fennti í kaf snjóaveturinn 1919-1920 og þurfti þá að grafa það út (Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 132). Í ágúst 1943 fékkst leyfi til að gera viðbyggingu við húsið. Þegar það var næst virt, í ágúst 1944, var búið að rífa skúrinn við austurgafl og lengja húsið um ca. 3,7 m til austurs. Þá kemur fram að húsið var byggt úr grásteini. Viðbyggingin var byggð úr holsteini á steyptum grunni og með járnþaki. Árið 1983 var samþykkt leyfi til að rífa húsið og byggja nýtt íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni. Byggingu þess húss mun hafa verið lokið árið 1984.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið var rifið árið 1983.**

**Byggingarár** **1944** **Fálkagata 13b**

**Fyrsti eigandi** Tréiðjan

**Hönnun** Bjarni S. Hólm

**Upphafleg notkun** Trésmíðastofa

**Upphafleg gerð** | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr holsteini | Einlyft | ? | Rifið |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Ris | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Port | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | | | |

## Saga

Um er að ræða verkstæði sem áður stóð á lóð hússins Engihlíðar við Fálkagötu 13b (þar sem nú er lóðin Tómasarhagi 7). Bjarni S. Hólm sótti í mars 1944 um leyfi til að setja upp bragga eða „hermannabústað“ á lóðinni (sem einnig var skráð sem Garðaholtsblettur IV og var síðar talin til Garðavegs). Hafði hann til þess leyfi lóðareiganda, Daníels Tómassonar. Bjarni hafði ekki tök á að kaupa holstein til að byggja úr, en var búinn að eignast þennan bragga og ætlaði að notað hann til bráðabirgða sem „verkstæði fyrir rafmagnslampagerð o.þ.h. útskurð“. Til er teikning að vinnustofu úr holsteini, merkt Bjarna S. Hólm sjálfum, en hún sýnir hús staðsett sunnarlega á lóð Engihlíðar, líklega þar sem nú er lóðin Tómasarhagi 9. Leyfinu var synjað, en ráðgert var að veita Bjarna í staðinn fyrirgreiðslu með öðrum hætti. Í desember 1944 var svo virt á lóðinni trésmíðahús undir sérstöku brunavirðinganúmeri, einlyft með porti og risi, byggt úr vikurholsteini á steyptum grunni, múrhúðað og með járnþaki. Í því var ósundurhólfuð vinnustofa með þremur hefilbekkjum og rafmagnsaflvélum og afþiljað herbergi á timburlofti þar yfir. Ekki er fullvíst hvar þetta hús hefur staðið og ekki er heldur ljóst hvenær það hefur verið fjarlægt.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið hefur verið rifið, líklega fyrir 1964.**

**Byggingarár** **1921**

# Fálkagata 13b

**Fyrsti eigandi** Oddur Jónsson

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús




| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1930 | Ný klæðning | |
| **Klæðning** | Pappi | Ris | 1930 | Skúr á lóð | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari | 1944 | Múrhúðun | |
| **Þakklæðning** | Pappi | | ? | Rifið | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Hús þetta, sem kallað var Engihlíð, stóð áður þar sem nú er lóðin Tómasarhagi 7. Lóð hússins, sem var erfðafestulóð, var þá skráð sem Garðaholtsblettur IV, en taldist einnig til Fálkagötu (Fálkagata 13b) og síðar til Garðavegs (sem áður lá frá Fálkagötu þaðan sem Tómasarhagi liggur nú). Leyfi fékkst fyrir húsinu í október 1919. Það var fyrst virt í ágúst 1921 og var þá að mestu fullbyggt. Þetta var einlyft hús, með hálfum kjallara og risi, byggt úr bindingi og upphaflega klætt utan með pappa á veggjum og þaki. Við austurhlið þess var inngöngu- og geymsluskúr, byggður úr bindingi. Í húsinu voru tvo íbúðarherbergi og eldhús og geymsla á þaklyfti. Árið 1930 var búið að klæða bæði veggi og þak hússins með járni og innrétta íbúðarherbergi á þaklyftinu. Hesthús og geymsluherbergi er þá sagt áfast við inngöngu- og geymsluskúrinn. Í febrúar 1944 var búið var að múrhúða húsið og innrétta tvö íbúðarherbergi í inngönguskúrnum. Þá er skv. virðingu skáþak á húsinu. Í desember 1944 var virt undir sérstöku brunavirðinganúmeri nýtt trésmíðahús á lóðinni, sem Bjarni S. Hólm hafði fengið að reisa þar með leyfi lóðareiganda (sjá sérskráningu yfir þetta hús). Ekki er fullvíst hvar það hefur staðið. Árið 1953 afsalaði þáverandi eigandi Engihlíðar húsinu til bæjarsjóðs, ásamt þeim hluta erfðafestulandsins (Garðaholtsbletts IV) sem því fylgdi. Ekki er ljóst hvenær þessi hús, íbúðarhúsið Engihlíð og trésmíðahúsið, hafa verið fjarlægð, en af kortum að dæma hefur Engihlíð enn staðið árið 1957 en verið horfin árið 1978. Nýtt hús var reist á lóðinni Tómasarhaga 7 árið 1982.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið hefur verið rifið fyrir 1978.**

**Byggingarár** **1923** 

# Fálkagata 14

**Fyrsti eigandi** Gísli Einarsson

**Hönnun** Einar Erlendsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús




**Upphafleg gerð**

| | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1926 | Inngönguskúr | |
| **Klæðning** | Bárujárn | Ris | 1943 | Skúr á lóð | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | <1969 | Rifið | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Þetta hús stóð áður á lóðinni Fálkagötu 14 sem nú er hluti af lóðinni nr. 14-16 við Fálkagötu. Leyfi fékkst í apríl 1923 til að byggja íbúðarhús á lóðinni og í júlí sama ár var það fyrst virt, en var þá enn ófullgert og í smíðum. Þetta var einlyft hús með risi, byggt úr bindingi og klætt með járni á veggjum og þaki. Í því voru þrjú íbúðarherbergi og eldhús. Húsið var næst virt í nóvember 1926 og var þá fullgert að smíði og frágangi. Þá var búið að innrétta tvö íbúðarherbergi í risinu og byggja inngönguskúr úr bindingi við norðurhlið hússins. Húsið var virt að nýju árið 1943 og var þá óbreytt, en þá var fyrst virtur fugla- og geymsluskúr á lóðinni. Hann var byggður úr timbri og klæddur utan borðum og pappa á veggjum og þaki. Í júní 1966 var ákveðið að sameina lóðirnar Fálkagötu 14 og 16 í eina lóð og þá fékkst einnig leyfi til að byggja nýtt íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni. Það hús var virt í mars 1969 og var þá fullbyggt. Ekki er ljóst hvenær fyrir þann tíma eldra húsið var fjarlægt.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið hefur verið rifið fyrir 1969.**

**Byggingarár** **1919**

# Fálkagata 15

**Fyrsti eigandi** Þorsteinn Guðmundsson trésmiður

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús






**Upphafleg gerð**

| | | Útlit |
|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft |
| **Klæðning** | Bárujárn | Ris |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | | |

**Helstu breytingar**

| | |
|---|---|
| 1920 | Íbúð í risi |
| 1921 | Skúr á lóð |
| 1942 | Skúr á lóð |
| 1986 | Rifið |

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Um er að ræða hús sem áður stóð á lóðinni Fálkagötu 15. Þorsteinn Guðmundsson trésmiður sótti um leyfi fyrir húsinu árið 1919 og í desember sama ár var það virt en var þá ekki fullgert. Þetta var einlyft hús með risi og kjallara undir 1/4 hluta, byggt úr bindingi, klætt járni að hálfu leyti og með járnþaki. Í því var í fyrstu eitt íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt enn í smíðum við fyrstu virðingu. Í febrúar 1920 var húsið virt að nýju og var þá fullgert. Þá virðast vera í því tvær íbúðir; í það minnsta er ein eldavél á aðalhæðinni og önnur í risi. Leyfi fékkst fyrir skúr á lóðinni í janúar 1921. Húsið var næst virt árið 1942 og var þá óbreytt, en einnig voru þá virtir tveir geymsluskúrar á lóðinni. Annar var áfastur við húsið, byggður úr timbri og múrhúðaður utan, líklega sá sem leyfður var 1921. Hinn var byggður úr timbri og járnvarinn og hefur samkvæmt kortum staðið við lóðamörk vestan við húsið. Við samræmismat 1951 var húsið, ásamt skúrum, óbreytt. Árið 1982 var samþykkt að stækka lóðina og í október 1985 fékkst leyfi til að byggja nýtt þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni. Í janúar árið eftir var samþykkt leyfi til að rífa eldra húsið.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið var rifið árið 1986.**

Byggingarár **1924** 

# Fálkagata 16

**Fyrsti eigandi** Hallgrímur J. Bachmann og Guðmundur Jónsson

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús




**Upphafleg gerð**

| | | Útlit |
|---|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr holsteini | Einlyft |
| **Klæðning** | | Ris |
| **Þakgerð** | Mænisþak | |
| **Þakklæðning** | Pappi | |
| **Undirstöður** | | |

| Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|
| 1936 | Ný klæðning á þaki<br>Íbúð í risi | |
| <1969 | Rifið | |

## Saga

Þetta hús stóð áður á lóðinni Fálkagötu 16 sem nú er hluti af lóðinni nr. 14-16 við Fálkagötu. Það var fyrst virt í janúar 1924 og var þá ófullgert. Það var byggt úr hlöðnum steinlímdum holsteini og var upphaflega með pappaþaki. Í því voru tvö fullgerð íbúðarherbergi en ófullgerð voru tvö herbergi, eldhús og gangur. Húsið var virt að nýju árið 1936 og var þá allt fullgert. Þá var búið að klæða þakið með járni. Í húsinu voru þá fjögur íbúðarherbergi, tvö eldhús, vatnssalerni og stigagangur. Húsið var kallað Bachmannshús eftir eiganda þess, Hallgrími J. Bachmann rafvirkja, síðar ljósameistara í leikhúsum.

Í júní 1966 var ákveðið að sameina lóðirnar nr. 14 og 16 við Fálkagötu í eina lóð nr. 14-16 og þá fékkst einnig leyfi til að byggja nýtt íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni. Það hús var virt í mars 1969 og var þá fullbyggt. Ekki er ljóst hvenær fyrir þann tíma eldra húsið var fjarlægt.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið hefur verið rifið fyrir 1969.**

**Byggingarár** **1919** # Fálkagata 17

**Fyrsti eigandi** Ólafur Grímsson fisksali

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús




**Upphafleg gerð**

| | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr holsteini | Einlyft | <1964 Rifið | |
| **Klæðning** | | Ris | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Um er að ræða hús sem áður stóð á lóðinni Fálkagötu 17. Það var fyrst virt í september 1919 og var þá fullbyggt. Þetta var einlyft hús með risi, byggt af holsteini og með járnþaki. Í því voru þrjú íbúðarherbergi og eldhús og geymsla á efsta lofti. Húsið var virt að nýju árið 1924 og var þá óbreytt og var enn óbreytt árið 1943. Í maí 1963 fékkst leyfi til að byggja nýtt þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni. Það hús var virt í desember 1964 og var þá fullbyggt. Ekki er ljóst hvenær fyrir þann tíma eldra húsið var fjarlægt.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið hefur verið rifið fyrir 1964.**

**Byggingarár** **1926** 

# Fálkagata 18

**Fyrsti eigandi** Karl Á. Torfason o.fl. **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Atvinnuhúsnæði og pakkhús



| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt og | Einlyft | <1944 Rifið | |
| **Klæðning** | Bárujárn | | | |
| **Þakgerð** | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Um er að ræða hús sem stóð áður á lóðinni Fálkagata 18. Það var fyrst virt í janúar 1926. Ekki er að finna teikningar af húsinu. Húsið var úr steinsteypu á tvo vegu en hinir tveir veggirnir úr bindingi. Ekki er að finna heimildir fyrir því hvenær húsið var rifið. Árið 1943 var veitt byggingarleyfi fyrir núverandi húsi á lóðinni.

Árið 1926 var lóðinni skipt þannig að vesturhluti hennar varð nr. 18a en hornhluti hennar nr. 18. Vestari lóðin, nr.18a, hefur göngurétt yfir nr. 18 að Smyrilsvegi.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið var rifið fyrir 1944.**

**Byggingarár** **1921** # Fálkagata 19

**Fyrsti eigandi** Guðný Þorsteinsdóttir **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús



| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1942 | Viðbygging | Guðmundur H. Þorláksson | bygg.m |
| **Klæðning** | Pappi | Ris | | Hækkun | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | Múrhúðun | | |
| **Þakklæðning** | Pappi | | | Ný klæðning á þaki | | |
| **Undirstöður** | | | <1964 | Rifið | | |

## Saga

Um er að ræða hús sem áður stóð á lóðinni Fálkagötu 19, sem nú er hluti af lóðinni nr. 19-21 við Fálkagötu. Leyfi fékkst fyrir húsinu, ásamt skúr, í ágúst 1920. Það var fyrst virt í ágúst 1921 og var þá fullbyggt. Þetta var einlyft hús með risi, byggt úr bindingi og klætt utan borðum og pappa á veggjum og þaki. Það er sagt vera „í bæjarstíl“ og hefur snúið gafli að götu. Í því voru upphaflega tvö íbúðarherbergi og eldhús. Við austurhlið hússins var inngönguskúr, byggður eins og það. Húsið var kallað Svarti bærinn þar sem það var um tíma tjargað. Í september 1942 fékkst leyfi til að stækka húsið. Þegar það var virt í nóvember það ár hafði það verið stækkað og útliti þess gjörbreytt. Þá var búið að klæða það utan með vírneti og múrhúð og járnklæða þakið. Í því voru þá fjögur íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri og gangur. Það mældist þá lengra, breiðara og hærra en áður. Þá er einnig virt geymslu- og þvottahús, ófullgert, við vesturgafl hússins, byggt eins og það. Inngönguskúr við austurgafl er þá ekki nefndur.

Árið 1961 var samþykkt að sameina lóðirnar nr. 19 og 21 við Fálkagötu í eina lóð. Árið 1964 var virt nýtt íbúðarhús nr. 19 við Fálkagötu, þrílyft og byggt úr steinsteypu. Ekki er ljóst hvenær fyrir þann tíma eldra húsið var fjarlægt.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið hefur verið rifið fyrir 1964.**

**Byggingarár** 1920

# Fálkagata 21

**Fyrsti eigandi** Sveinn A. Ingvarsson

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun**
Íbúðarhús




**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**
Einlyft
Ris
Inng.skúr

**Helstu breytingar**
<1963 Rifið

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Um er að ræða hús sem áður stóð á lóðinni Fálkagötu 21, sem nú er hluti af lóðinni nr. 19-21 við Fálkagötu. Það var fyrst virt í nóvember 1920 og var þá fullbyggt. Þetta var einlyft hús með risi, byggt úr steinsteypu, sementssléttað að utan og með járnþaki. Í því voru tvö íbúðarherbergi, eldhús og geymsluklefi og geymsla á lofti. Við vesturgafl hússins var inngönguskúr, byggður eins og það og við austurgafl var geymsluskúr, byggður úr bindingi og klæddur utan borðum. Húsið, ásamt skúrum, var virt að nýju í október 1922 og var þá óbreytt og í júní 1942 var eignin enn óbreytt. Árið 1945 fékkst leyfi til að byggja kjallara úr steinsteypu undir nýja framtíðarbyggingu á lóðinni bak við þetta hús. Ekki virðist hins vegar hafa orðið af byggingu þess húss. Árið 1961 var samþykkt að sameina lóðirnar nr. 19 og 21 við Fálkagötu í eina lóð og sama ár fékkst leyfi til að byggja nýtt íbúðarhús á lóðinni. Í október 1963 var virt nýtt íbúðarhús nr. 21 við Fálkagötu, þrílyft og byggt úr steinsteypu. Ekki er ljóst hvenær fyrir þann tíma eldra húsið nr. 21 var fjarlægt.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið hefur verið rifið fyrir 1963.**

**Byggingarár** **1919** # Fálkagata 23a

**Fyrsti eigandi** Jón Eyjólfsson
sjómaður

**Hönnun** Einar Erlendsson
arkitekt

**Upphafleg notkun**
Íbúðar- og atvinnuhúsnæði



| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1922 | Viðbygging | Einar Erlendsson | arkitekt |
| **Klæðning** | Bárujárn | Ris | 1927 | Endurbætur | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari | <1972 | Rifið | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Um er að ræða hús sem áður stóð á lóðinni Fálkagötu 23a. Leyfi fékkst fyrir húsinu í ágúst 1919 og í desember sama ár var það fyrst virt og var þá fullbyggt. Lóðirnar nr. 23 og 23a við Fálkagötu voru þá ein lóð og húsið talið nr. 23 við Fálkagötu. Þetta var einlyft hús með kjallara og risi, byggt úr bindingi og klætt utan bárujárni á veggjum og þaki. Það sneri gafli að götu. Við austurhlið var inngönguskúr, byggður eins og húsið. Í kjallara var frá upphafi lítil íbúð og önnur íbúð á aðalhæð. Í september 1922 fékkst leyfi til að byggja viðbyggingu við húsið og var hún virt í desember sama ár. Hún var byggð við vesturhlið hússins, úr steinsteypu á þrjá vegu og bindingi á þeirri hlið sem áföst var við aðalhúsið. Í viðbyggingunni var sölubúð með borði, skúffum og hillum. Í maí 1926 var samþykkt að skipta lóðinni þannig að austurhlutinn yrði talinn nr. 23 og vesturhlutinn, þar sem þetta hús stóð, yrði talinn nr. 23a. Sama ár var byggt nýtt hús á lóðinni nr. 23. Eignin var virt að nýju árið 1927 og hafði þá verið endurbætt. Einu íbúðarherbergi hafði þá verið bætt við í íbúðina í kjallaranum og veggir kjallarans og viðbyggingarinnar eru þá sagðir sementssléttaðir að utan. Árið 1971 fékkst leyfi til að byggja nýtt íbúðarhús á lóðinni úr steinsteypu. Það hús var virt í desember 1972 og var þá fullbyggt. Ekki er ljóst hvenær fyrir þann tíma eldra húsið var fjarlægt. Lóðarhluti að baki lóðinni Fálkagötu 23 virðist áður hafa tilheyrt lóðinni nr. 23a, en árið 1971 var þessi hluti gerður að sérstakri lóð nr. 23b og svo sameinaður lóðinni nr. 23 árið 1976.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið hefur verið rifið fyrir 1972.**

**Byggingarár** **1920** # Fálkagata 27

**Fyrsti eigandi** Símon Sveinsson verkamaður

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1926 | Viðbygging | Sig. P. J. Jakobsson |
| **Klæðning** | Bárujárn | | 1950 | Viðbygging | |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | | | Endurbætur | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | 1976 | Bruni | |
| **Undirstöður** | | | 1985 | Bruni | |
| | | | 1986 | Rifið | |

## Saga

Um er að ræða timburhús sem áður stóð á lóðinni Fálkagötu 27. Leyfi fékkst fyrir húsinu, ásamt skúr, í júlí 1920. Það var fyrst virt í október sama ár og var þá fullbyggt. Þetta var einlyft hús, kjallaralaust á lágum steingrunni, byggt úr bindingi og járnklætt á þremur hliðum og þaki. Í því var ein lítil íbúð. Árið 1926 var gerð viðbygging við austurenda hússins, úr steinsteypu á þrjá vegu, og í henni voru tvö íbúðarherbergi. Húsið var virt að nýju árið 1950 og þá hafði verið byggð við vesturenda þess ný viðbygging, einlyft með skúrþaki, byggð úr timbri á steinsteyptan grunn og klædd járni á veggjum og þaki. Í henni var þvottahús. Aðalhúsið var óbreytt, utan smávægilegra endurbóta, en smíðuð hafði verið í það ný útidyrahurð o.fl. Í þessu húsi bjuggu lengi Jón Ármann Jakobsson og Valgerður Pétursdóttir með sjö börnum sínum, þ.á.m. Áka Jakobssyni, síðar alþingismanni og ráðherra. Haft er eftir Eðvarði Sigurðssyni alþingismanni og verkalýðsforingja að menn hafi nefnt þetta hús „vöggu byltingarinnar á Holtinu“, enda hafi margir heimilismanna hneigst að róttækum stjórnmálaskoðunum (Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 132). Árið 1976 urðu miklar skemmdir á húsinu, bæði timburhúsinu og steinsteyptu viðbyggingunni, vegna bruna. Þann 8. maí 1985 eyðilagðist húsið svo í öðrum bruna, en það hafði þá verið mannlaust og vanhirt frá því að síðast kviknaði í því. Eftir þennan bruna, eða í upphafi árs 1986, var húsið rifið. Í janúar 1987 fékkst leyfi til að byggja parhús úr steinsteypu á lóðinni.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið var rifið árið 1986.**

Byggingarár **1943** # Fálkagata 27a

**Fyrsti eigandi** Sigsteinn Þórðarsson **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús



| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | ? | Rifið | |
| **Klæðning** | Pappi | | | | |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | | | | |
| **Þakklæðning** | Asbest | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Um er að ræða íbúðaskúr sem áður var talinn sem Fálkagata 27a, en er nú horfinn. Hann var virtur í febrúar 1943 og var þá nýbyggður. Skúr þessi var byggður úr timbri, klæddur utan borðum og pappa á veggjum og með asbestþaki. Tekið er fram í virðingunni að tvöfaldur pappi hafi verið í útveggjabindingi. Í skúrnum voru tvö íbúðarherbergi, eldhús og anddyri. Ekki eru til yngri virðingar á þessu húsi. Af kortum má ráða að það hefur staðið suðvestan við timburhúsið Fálkagötu 27, sem byggt var á lóðinni árið 1920 en var rifið 1986. Núverandi hús á lóðinni er parhús byggt 1987-88. Ekki er ljóst hvenær eldra húsið var fjarlægt.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið hefur verið rifið, en ekki er ljóst hvenær.**

**Byggingarár** **1943** 

# Fálkagata 30b

**Fyrsti eigandi** Vilhjálmur Stefánsson

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun**
Íbúðarhús




**Upphafleg gerð**

| | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1956 Rifið | |
| **Klæðning** | Pappi | | | |
| **Þakgerð** | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Árið 1942 var virt íbúðarhús á lóðinni. Gólf og grunnur hússins voru úr steinsteypu. Fyrsti eigandi þessa húss var Vilhjálmur Stefánsson. Ekki er að finna byggingarleyfi fyrir þessu húsi né teikningar.

Árið 1956 var þetta ekki talin sem sérstök lóð og húsið sagt standa á baklóð Hjarðarhaga 21. Ekki er að finna heimildir um hvenær húsið var rifið.

Árið 1956 er veitt leyfi fyrir bílskúr á lóðinni Fálkagata 30 og er hann virtur árið 1964. Hann er í dag [2008] nr. 30b við Fálkagötu.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið var rifið fyrir árið 1956.**

**Byggingarár** **1943** **Fálkagata 32a**

**Fyrsti eigandi** Emil Ottó Bjarnason járnsmiður

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús




**Upphafleg gerð**

| | | Útlit |
|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft |
| **Klæðning** | Bárujárn | Inng.skúr |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | |

**Helstu breytingar**

1959 Rifið

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Á b-blaði fyrir lóðina Fálkagötu 32 er að finna upplýsingar þess efnis að árið 1945 var sótt um lóðarréttindi fyrir byggingu á baklóð sem reist var í óleyfi. Emil Óttó Bjarnason var umsækjandinn. Byggingarnefnd synaði þessari beiðni.

Hér er eflaust átt við íbúðarskúr sem virtur var árið 1943 og taldist til nr. 32a við Fálkagötu. Emil Ottó Bjarnason reisti húsið í óleyfi á braggagrunni árið 1943. Hann var þá búinn að vera leita lengi að húsnæði og sótt um hjá bænum en verið hafnað. Árið 1959 var samþykkt að rífa húsið en málinu var skotið til Hæstaréttar. Fyrir hönd Emils var óskað eftir sátt í málinu og að bærinn keypti húsið og gæfi Emili kost á að kaupa 3 herbergja íbúð í einhverju þeirra fjölbýlishúsa sem bæjarsjóður hafði þá í smíðum. Ekki er að finna niðurstöðu í þessu máli en húsið er farið í dag [2008].

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið var rifið 1959.**

**Byggingarár** **1925** **Fálkagata 36**

**Fyrsti eigandi** Magnús H. Jónsson

**Hönnun** Guðmundur H. Þorláksson byggingameistari

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús




**Upphafleg gerð**

| | | Útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1943 | Inngönguskúr | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | | ? | Rifið | |
| **Þakgerð** | | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Ekki er að finna nein b-skjöl á MsR. eða BsS. um þetta hús.

Húsið var fyrst virt í desember 1925. Það var einlyft íbúðarhús úr steinsteypu með járnþaki. Árið 1943 var húsið óbreytt að stærðum en komin á það inngönguskúr.

Ekki er að finna heimildir fyrir því hvenær húsið var rifið en í dag [2008] stendur á lóðinni hús nr. 23 við Dunhaga sem reist var árið 1961.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið var rifið.**

**Byggingarár** **1926** **Grímsbýr 1-2**

**Fyrsti eigandi** Bæjarsjóður Reykjavíkur **Hönnun** Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari **Upphafleg notkun** Íbúðarhús







**Upphafleg gerð** **Útlit** **Helstu breytingar** **Hönnuðir breytinga**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1937 | Viðbygging | Guðmundur H. Þorláksson bygg.m |
| **Klæðning** | Timbur | | ´52-78 | Rifið | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | |
| **Undirstöður** | Steinlímdur holsteinn | | | | |

## Saga

Á þessari lóð stóð áður svokölluð bráðabirgðaskýli með allt að 12 eins og tveggja herbergja íbúðum sem fátækranefnd bæjarins lagði til að yrðu byggð árið 1926. Frá því að tillaga fátækranefndar kom fram til þess tíma að húsin risu liðu ekki nema fjórir mánuðir, þannig að varla hefur verið mikið vandað til bygginganna. Húsin voru einlyft með lágu risi, klædd borðum að utan og með járnþaki á borðasúð. Grunnurinn var úr steinlímdum holsteini. Húsin voru nefnd Grímsbýr 1-2, 3-4 og 5-6 í brunabótavirðingum. Húsin nr. 1-2 voru talin til Smyrilsvegar 29 en hin til Þrastargötu og voru þau ætíð í eigu borgarinnar. Árið 1937 var virt steinsteypt þvottahús við hús nr. 1-2. Samkvæmt virðingur frá 1940 þá hafði húsið verið endurbætt en þó ekki sagt á hvaða hátt. Húsið nr. 1-2 var rifið einhvern tímann á tímabilinu 1952-1978. Þá fluttist húsnúmer þess, Smyrilsvegur 29, yfir á húsin Grímsbýr 3-4 og 5-6.
Eins og áður segir í tillögum fátækranefndar var um bráðabirgðaskýli að ræða neyðarlausn á húsnæðisvandamálum bæjar í örum vexti. Húsunum var aldrei ætlað að standa til frambúðar. Hins vegar má svo sem hafa í huga, að sennilega er hér um að ræða síðasta „fátækrahverfi“ borgarinnar.
Árið 1989 er samþykkt að lóðin nr. 29 við Smyrilsveg yrði skráð nr. 29-31 við Smyrilsveg. Byggingarleyfi fyrir núverandi húsum á þeirri lóð var veitt árið 1989.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið var rifið á árunum 1952-1978.**

**Byggingarár** **1926** **Grímsbýr 3-4**

**Fyrsti eigandi** Bæjarsjóður Reykjavíkur **Hönnun** Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari **Upphafleg notkun** Íbúðarhús






| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1940 | Breytt í skólahús | Eiríkur Einarsson | arkitekt |
| **Klæðning** | Timbur | | 1940 | Ný klæðning | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | 1942 | Viðbygging | Einar Sveinsson | arkitekt |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | 1986 | Rifið | | |
| **Undirstöður** | Steinlímdur holsteinn | | | | | |

## Saga

Á þessari lóð stóð áður svokölluð bráðabirgðaskýli með allt að 12 eins og tveggja herbergja íbúðum sem fátækranefnd bæjarins lagði til að yrðu byggð árið 1926. Frá því að tillaga fátækranefndar kom fram til þess tíma að húsin risu liðu ekki nema fjórir mánuðir, þannig að varla hefur verið mikið vandað til bygginganna. Húsin voru einlyft með lágu risi, klædd borðum að utan og með járnþaki á borðasúð. Grunnurinn var úr steinlímdum holsteini. Húsin voru nefnd Grímsbýr 1-2, 3-4 og 5-6 í brunabótavirðingum. Húsin nr. 1-2 voru talin til Smyrilsvegar 29 en hin til Þrastargötu og voru þau ætíð í eigu borgarinnar. Samkvæmt virðingu af húsinu frá 1940 var búið að breyta því í skólahús. Þá var í húsinu tvær skólastofur, íbúðarherbergi, eldhús, fataklefi, snyrting og kennslustofa. Þá voru komnar nýjar steinsteyputröppur við húsið og tvenns konar útidyr. Húsið var þá allt járnklætt. Árið 1943 voru húsin Grímbýr 3-4 og 5-6 sameinuð og götunafninu breytt í Þrastargata 29 a og c. Samkvæmt virðingu frá desember 1942 þá er í búið að sameina þessi tvö hús með millibyggingu og er allt húsið notað sem skólahús. Húsið var næst virt árið 1947 og var þá búið að breyta því öllu í íbúðir á ný.
Eins og áður segir í tillögum fátækranefndar var um bráðabirgðaskýli að ræða - neyðarlausn á húsnæðisvandamálum bæjar í örum vexti. Húsunum var aldrei ætlað að standa til frambúðar. Hins vegar má svo sem hafa í huga, að sennilega er hér um að ræða síðasta „fátækrahverfi“ borgarinnar. Húsin voru rifin árið 1986. Árið 1989 er samþykkt að lóðin nr. 29 við Smyrilsveg verði skráð nr. 29-31 við Smyrilsveg. Byggingarleyfi fyrir núverandi húsum á þeirri lóð var veitt árið 1989.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið var rifið 1986.**

**Byggingarár** **1926** **Grímsbýr 5-6**

**Fyrsti eigandi** Bæjarsjóður Reykjavíkur **Hönnun** Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari **Upphafleg notkun** Íbúðarhús







| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1925 | Viðbygging | Guðmundur H. Þorláksson | bygg,m |
| **Klæðning** | Timbur | | 1942 | Viðbygging | Einar Sveinsson | arkitekt |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | 1986 | Rifið | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | | |
| **Undirstöður** | Steinlímdur holsteinn | | | | | |

## Saga

Á þessari lóð stóð áður svokölluð bráðabirgðaskýli með allt að 12 eins og tveggja herbergja íbúðum sem fátækranefnd bæjarins lagði til að yrðu byggð árið 1926. Frá því að tillaga fátækranefndar kom fram til þess tíma að húsin risu liðu ekki nema fjórir mánuðir, þannig að varla hefur verið mikið vandað til bygginganna. Húsin voru einlyft með lágu risi, klædd borðum að utan og með járnþaki á borðasúð. Grunnurinn var úr steinlímdum holsteini. Húsin voru nefnd Grímsbýr 1-2, 3-4 og 5-6 í brunabótavirðingum. Húsin nr. 1-2 voru talin til Smyrilsvegar 29 en hin til Þrastargötu og voru þau ætíð í eigu borgarinnar. Samkvæmt fyrstu virðingu af Grímsbý 5-6 var geymsluskúr byggður við suðurhlið hússins úr samskonar efni. Í því voru 12 geymsluklefar og 6 salerni með einföldum timburskilveggjum. Við suðurhlið viðbyggingarinnar eru steinsteyputröppur og grunnur úr holsteini undir því. Húsið var virt á ný árið 1940 og var þá óbreyyt að stærðum og herbergjaskipan en hafði þó verið endurbætt á ýmsan hátt. Árið 1943 voru húsin Grímbýr 3-4 og 5-6 sameinuð og götunafninu breytt í Þrastargata 29 a og c. Samkvæmt virðingu frá desember 1942 þá er í búið að sameina þessi tvö hús með millibyggingu og er allt húsið notað sem skólahús. Húsið var næst virt árið 1947 og var þá búið að breyta því öllu í íbúðir á ný. Eins og áður segir í tillögum fátækranefndar var um bráðabirgðaskýli að ræða - neyðarlausn á húsnæðisvandamálum bæjar í örum vexti. Húsunum var aldrei ætlað að standa til frambúðar. Hins vegar má svo sem hafa í huga, að sennilega er hér um að ræða síðasta „fátækrahverfi“ borgarinnar. Húsin voru rifin árið 1986. Árið 1989 er samþykkt að lóðin nr. 29 við Smyrilsveg verði skráð nr. 29-31 við Smyrilsveg. Byggingarleyfi fyrir núverandi húsum á þeirri lóð var veitt árið 1989.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið var rifið 1986.**

**Byggingarár** **1930** **Smyrilsvegur 26**

**Fyrsti eigandi** Eyjólfur Guðbrandsson **Hönnun** Þorleifur Eyjólfsson húsameisari **Upphafleg notkun** Íbúðarhús



| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1964 | Flutningur | |
| **Klæðning** | Bárujárn | Ris | | | |
| **Þakgerð** | | Inng.skúr | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Leyfi fékkst fyrir húsinu árið 1930. Húsið var virt í desember 1930 og var þá fullbyggt. Það var einlyft timburhús með inngönguskúr og járnklætt bæði þak og veggir. Árið 1931 var samþykkt stækkun við húsið en ekki vitað hvort hún hvar samþykkt. Húsið var flutt suður á Álftanes til að rýma fyrir nýju húsi á lóðinni árið 1964. Árið 1967 heitir lóðin nr. 11 við Hjarðarhaga.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið var flutt suður á Álftanes árið 1964.**

**Byggingarár** 1925

# Þrastargata 1

**Fyrsti eigandi** Jón Þorsteinsson sjómaður

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús




| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | ? | Rifið | |
| **Klæðning** | Pappi | | | | |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | | | | |
| **Þakklæðning** | Pappi | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Húsið var hluti af bráðabirgðaskúrbyggingum einstaklinga sem reistar voru við Þrastargötu á árunum 1926-1929. Upphaflega fylgdu engin lóðarréttindi þessum húsum. Árið 1978 var lóðunum skipt upp og fengu þau þá ný b-númer. Fram að þeim tíma voru þau öll undir sama númeri b-1961.

Húsið var fyrst virt í október 1925. Það var einlyftur íbúðarskúr úr timbri klæddur utan með pappa bæði þak og veggir. Í því var eitt íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Jón Þorsteinsson og kona hans Þorgerður bjuggu þarna lengst. Þau voru kölluð *Jón og Gerða í skúrunum*. Ekki er að finna heimildir fyrir því hvenær húsið var rifið. Það má enn sjá það á korti árið 1952 en árið 1978 er það horfið.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið var rifið fyrir 1978.**

**Byggingarár** **1929** **Þrastargata 3**

**Fyrsti eigandi** Eyjólfur Ísaksson verkamaður

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Íbúðarhús




| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1929 | Viðbygging | |
| **Klæðning** | Bárujárn | Port | 1929 | Inngönguskúr | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Ris | 1940 | Útlitsbreyting | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Inng.skúr | 1983 | Bruni | |
| **Undirstöður** | | | 1983 | Rifið | |

## Saga

Húsið var hluti af bráðabirgðaskúrbyggingum einstaklinga sem reistar voru við Þrastargötu á árunum 1926-1929. Upphaflega fylgdu engin lóðarréttindi þessum húsum. Árið 1978 var lóðunum skipt upp og fengu þau þá ný b-númer. Fram að þeim tíma voru þau öll undir sama númeri b-1961.

Húsið var fyrst virt í febrúar árið 1929. Það var einlyft timburhús með porti og risi og járnklætt bæði þak og veggir. Þá var virt viðbótarbygging við austurgafl hússins úr steinsteypu á þrjá vegu og með járnþaki. Einnig var inngönguskúr við norðurhlið hússins úr bindingi. Árið 1940 var Barnaskólinn með húsð á leigu og voru þá leyfðar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu. Húsið var óbreytt samkvæmt virðingum frá 1955 og 1971. Árið 1960 var samþykkt að byggja bráðabirgða geymsluskúr úr timbri á lóðinni.

Eldur kom upp í húsinu þann 11. ágúst 1983 og stórskemmtist það. Í október 1983 var samþykkt að fjarlægja brunarústirnar og í maí 1984 er samþykkt að byggja núverandi hús á lóðinni.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið stórskemmdist í bruna og var rifið árið 1983.**

**Byggingarár** **1959** # Þrastargata

**Fyrsti eigandi** Reykjavíkurborg

**Hönnun** Þórður Jasonarsson

**Upphafleg notkun** Biðskýli og söluskýli







| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | ? Rifið | |
| **Klæðning** | Timbur/múrsléttað | | | |
| **Þakgerð** | Flatt þak | | | |
| **Þakklæðning** | | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Árið 1959 var sett á lóðina Þrastargata 1 biðskýli og söluskáli. Tilgangurinn var að veita þjónustu við íbúana. Seinna seldi borgin húsið og reksturinn. Verslunin *Simmasjoppa* var rekin lengi í húsinu en þá rak hana Símon Guðjónsson. Um hana orti Þórarinn Eldjárn meðal annars:

*Frekjulega gín hún þessi gloppa*
*á Grímsstaðaholti, eins og vanti tönn.*
*Ég minnist þess að hér stóð Simmasjoppa*
*sælureitur mitt í dagsins önn.*

Sjoppan var líka kölluð *Huggasjoppa* af íbúum hverfisins þar sem eigandinn þótti svo huggulegur.

Húsið var rifið eftir 1986.

## Varðveislumat:

**Byggingarstíll:**

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:**

**Upprunaleg gerð:**

**Varðveislugildi:** **Húsið var rifið eftir 1986.**

# Heimildaskrá

**Óprentaðar heimildir:**

Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn (MsR – Ábs.):
Byggðar lóðir í Reykjavík.
Húsaskrá Reykjavíkur.
Kortasafn.

Borgarskjalasafn Reykjavíkur (BsR):
Aðf. 723–724. Brunatrygging húsa 1874–1895.
Aðf. 734–748. Brunabótavirðingar.
Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943.
Aðf. 3374. Götunöfn og húsanúmer 1914–1960.
Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Arnargötu, Dunhaga, Fálkagötu, Grímshaga, Grímsstaðaholt, Hjarðarhaga,Tómasarhaga, Smyrilsveg, Suðurgötu og Þrastargötu.

Byggingarfulltrúi Reykjavíkur (Byggf. Rvk.):
Innlagðar teikningar.

**Prentaðar heimildir:**


Andrés Erlingsson: „Í steinsins form er sagan greypt. Steinbæir og hlaðin steinhús í Reykjavík 1850–1912“. BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands. Reykjavík 1997.

Árni Óla: „Nafngiftir gatna í Reykjavík“. *Reykjavík fyrri tíma. Sögukaflar.* Annað bindi. Reykjavík 1985, bls. 270-281.

Árni Óla: „Mótaka og mómýrar“, *Morgunblaðið*, 24. okóber 1965, bls. 8-9.

*Borgarhluti verður til. Byggingarlist og skipulag í Reykjavík eftirstríðsáranna.* Sýningarskrá samnefndrar sýningar. Listasafn Reykjavíkur – byggingarlistardeild, Árbæjarsafn, Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Sýningarstjórn, rannsóknir og textagerð: Pétur H. Ármannsson. Reykjavík 1999.

Byggingarreglugerðir og lög 1839, 1844, 1894, 1903, 1904, 1915, 1924, 1964.

Dennis Jóhannesson og Málfríður Kristjánsdóttir: „Ágrip íslenskrar byggingarsögu“. *Leiðsögn um íslenska byggingarlist.* Ritstjórn: Dennis Jóhannesson, Albína Thordarson, Málfríður Kristjánsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir. Höfundar: Dennis Jóhannesson, Hjörleifur Stefánsson, Málfríður Kristjánsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Sigríður Ólafsdóttir. Reykjavík 2000.

Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990.* Fyrri hluti. Reykjavík 1998.

Freyja Jónsdóttir: „Arnargata 8 (Eyvík, Klapparholt)“. Greinaflokkurinn Húsin í bænum. *Tíminn*, 1. mars 1996, bls. 6.

Freyja Jónsdóttir: „Bjarg við Suðurgötu (Suðurgata 100)“. Greinaflokkurinn Húsin í bænum. *Dagur–Tíminn*, 21. september 1996, bls. II.

Freyja Jónsdóttir: „Garðarnir við Ægisíðu“. Greinaflokkurinn Húsin í bænum. *Tíminn*, 27. október 1995, bls. 7.

Freyja Jónsdóttir: „Tómasarhagi 16B (Litlibær)“. Greinaflokkurinn Húsin í bænum. *Tíminn,* 23. febrúar 1996, bls. 6.

Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870–1940.* Fyrri og síðari hluti. Reykjavík 1991 og 1994.

Guðlaugur R. Guðmundsson: „Lýsing Skildinanesjarðar“. *Landnám Ingólfs. Nýtt safn til sögu þess* 1. Reykjavík 1983, bls. 41–65.

Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi M. Sigurðsson og Hrefna Róbertsdóttir: *Borgarhluti 2. Fyrsta greinagerð frá Árbæjarsafni.* Reykjavík 1990.

Helgi Máni Sigurðsson: „150 ára byggð í Grímsstaðaholti“. *Söguspegill. Afmælisrit Árbæjarsafns*. Reykjavík 1992, bls. 280–292.

Hrefna Róbertsdóttir: *Gamli austurbærinn. Timburhúsabyggð í norðanverðu Skólavörðuholti frá byrjun 20. aldar.* Ritröð Árbæjarsafns 2. Reykjavík 1989.

*Húsvernd í Reykjavík. Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar. Þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016*. Ritstjóri: Nikulás Úlfar Másson. Reykjavík 1998.

Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940*. Reykjavík 1998.

Margrét Hallgrímsdóttir og Hrefna Róbertsdóttir: *Steinbæir og lítil steinhús í Reykjavík. Könnun á ástandi þeirra 1991.* Skýrslur Árbæjarsafns VI. Reykjavík 1991.

*Melaskóli 60 ára.* Ritstjórar: Ívar Gissurarson og Steingrímur Steinþórsson. Reykjavík 2006.

*Morgunblaðið,* 24. október 1965, bls. 8-9.

*Morgunblaðið,* 20. maí 2003.

Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund.* A–G, H–P, R–Ö. Reykjavík 1988.

Pétur H. Ármannsson: „Borgarhluti verður til. Byggðin við Sund 1940–1970“. *Borgarhluti verður til. Byggingarlist og skipulag í Reykjavík eftirstríðsáranna.* Sýningarskrá samnefndrar sýningar. Listasafn Reykjavíkur – byggingarlistardeild, Árbæjarsafn, Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Sýningarstjórn, rannsóknir og textagerð: Pétur H. Ármannsson. Reykjavík 1999.

*Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna. Lög, reglugerðir og samþykktir. Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu 1750-1970.* Ritröð Húsafriðunarnefndar ríkisins: Viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa. Reykjavík 2000.

Útvarpsþættir Jökuls Jakobssonar: *Gatan mín. Viðtal við Eðvarð Sigurðsson, um Grímsstaðaholtið*. Gönguferð um holtið, fjórir þættir frá 1971. Segulband nr DB 1306-1. Útvarpað þann 18.07, 25.07, 08.08. og 15.08. 1971. Ríkisútvarpið.

# Myndaskrá

Þær myndir sem ekki er getið um tóku Drífa Kristín Þrastardóttir og Helga Maureen Gylfadóttir á vettvangi í mars og apríl 2008.

Forsíða. Bæjaröðin ofan við *Grímsstaði*. Teikning eftir Petrínu Jakobsdóttur. Hér tekið eftir: Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 172.

Bls. 5. Kort af svæðinu úr Borgarvefsjá. Tekið eftir: http://borgarvefsja.is/bvs.html (27.03.2007).

Bls. 7. Húsin Fálkagata 7 og Tómasarhagi 22. Ljósmyndir teknar af Drífu Kristínu Þrastardóttur í mars 2008.

Bls. 9. Hluti af korti Sveins Sveinssonar af Reykjavík 1887. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.

Bls. 10. Hluti af korti Egils Hallgrímssonar af Reykjavík 1919–1920. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.

Bls. 10. Kortinu frá 1919–1920 varpað yfir kort af svæðinu í dag. Kort úr LUKR, Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar – Hluti af korti Egils Hallgrímssonar af Reykjavík 1919–1920. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.

Bls. 12. *Bjarnastaðir* á ljósmynd frá um 1940–1950. Ljósm. Matthildur Jónsdóttir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS S95-27-11.

Bls. 13. *Litlibær* og umhverfi hans í maí 1957. Ljósm. Páll Sigurðsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS S95-6-13.

Bls. 14. *Guðjónshús* (*Bjarg*) t.v. og *Jónshús* t.h., á ljósmyndum frá um 1940–1950. Ljósm. Matthildur Jónsdóttir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS S95-27-14 og ÁBS S95-27-15.

Bls. 14. *Bjarg, Jónshús* og *Björnshús* á ljósmynd frá um 1940–1950. Ljósm. Matthildur Jónsdóttir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS S95-27-12.

Bls. 15. Bæjaröðin ofan við *Grímsstaði*. Teikning eftir Petrínu Jakobsdóttur. Hér tekið eftir: Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 172.

Bls. 16. *Nýibær* (*Skaftafell*) á ljósmynd frá um 1940–1950. Ljósm. Matthildur Jónsdóttir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS S95-27-6.

Bls. 17. Bræðurnir í *Hólabrekku* fyrir framan húsið. Ljósmynd í eigu Stefáns Pálssonar. Birt með góðfúslegu leyfi hans.

Bls. 18. Loftmynd af svæðinu, séð úr suðri. Hér tekið eftir: Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 152.

Bls. 19. *Nýibær* (*Skaftafell*) og *Eyvík* á ljósmynd frá um 1940–1950. Ljósm. Matthildur Jónsdóttir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS S95-27-17.

Bls. 20. *Jónshús* árið 1961, nokkrum árum áður en það var rifið. Ljósm. ÞJV. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÞJV Gömul hús niðurrif.

Bls. 21. *Litlibær* og umhverfi hans. Ljósm. Jóhann Vilberg. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, abs. 1-1548.

Bls. 22. Hluti af korti Mælingadeildar Reykjavíkur frá 1952. Hér tekið eftir: Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi M. Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir: *Borgarhluti 2. Fyrsta greinargerð frá Árbæjarsafni*, bls. 38.

Bls . 23. Hluti af korti Mælingadeildar Reykjavíkur frá 1926–1927. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.

Bls. 24. Húsið Fálkagata 11, *Skotgryfjurnar*. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, abs. 1-1630.

Bls. 25. Fálkagata eftir 1951. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, abs. 1-1622.

Bls. 26. *Grímsbýr* við Smyrilsveg. Hér tekið eftir: *Melaskóli 60 ára*, bls. 23.

Bls. 27. Teikning að fyrirhuguðu skólahúsi fyrir Skildinganesskóla á milli Grímshaga og Lynghaga. Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Barnaskóli við Skerjafjörð.

Bls. 28. Horft yfir Grímsstaðaholtið til norðurs, á mynd frá um 1928–1930. Ljósm. Óskar Gíslason. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÓSG GLE 303.

Bls. 29. Fálkagata 1. Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Fálkagata 1.

Bls. 29. Loftfarið *Graf Zeppelin* flýgur yfir Grímsstaðarholti í júlí 1930. Mynd í einkaeigu.

Bls. 30. Séð yfir Grímsstaðaholtið á fimmta áratugnum. Hér tekið eftir: Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 170.

Bls. 31. Skipulagstillaga fyrir Reykjavík 1948–1985. Hér tekið eftir: Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur*, fyrri hluti, bls. 233.

Bls. 32. Skeifumyndun Tómasarhaga á korti frá 1952. Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Tómasarhaga.

Bls. 39. Skráðar fornleifar á skipulagssvæðinu. Kort af svæðinu úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR).

Bls. 40. Rúst 5-201. Ljósmynd tekin af Drífu Kristín Þrastardóttur í mars 2008.

Bls. 40. Hluti af korti Mælingadeildar Reykjavíkur frá 1948. Hér tekið eftir eintaki á Minjasafni Reykjavíkur – Árbæjarsafni.

## Myndir í Húsaskrá

Bls. 44. Arnargata 8. Ljósmynd v.m.: Ljósm. Matthildur Jónsdóttir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS S95-27-17.

Bls. 45. Arnargata 10. Ljósmynd v.m.: Ljósm. Sveinn Þórðarson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, SÞÓ ÁBS 468.

Bls. 46. Arnargata 12. Ljósmynd v.m.: Ljósm. Sveinn Þórðarson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, SÞÓ ÁBS 469.

Bls. 54. Fálkagata 4. Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Fálkagata 4.

Bls. 58. Fálkagata 8. Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Fálkagata 8.

Bls. 63. Fálkagata 12. Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Fálkagata 12.

Bls. 69. Fálkagata 18a. Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Fálkagata 18a.

Bls. 73. Fálkagata 20b. Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Fálkagata 20b.

Bls. 76. Fálkagata 23. Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Fálkagata 23.

Bls. 80. Fálkagata 25. Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Fálkagata 25.

Bls. 81. Fálkagata 26. Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Fálkagata 26.

Bls. 83. Fálkagata 28. Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Fálkagata 28.

Bls. 90. Grímshagi 2. Ljósmynd v.m.: Í eigu Stefáns Pálssonar. Birt með góðfúslegu leyfi hans.

## Myndir í Húsaskrá – Horfin hús

Bls. 124. Arnargata 15. *Björnshús*. Teikning eftir Petrínu Jakobsdóttur. Hér tekið eftir: Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 25.

Bls. 126. Fálkagata 1. Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Fálkagata 1.

Bls. 127. Fálkagata 6. Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Fálkagata 6.

Bls. 128. Fálkagata 7. Kort frá 1957. Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Grímshagi 2.

Bls. 129. Fálkagata 11. Teikning v.m.: Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Fálkagata 11. Ljósmynd h.m.: Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, abs. 1-1630.

Bls. 131. Fálkagata 13b. Kort frá 1957. Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Grímshagi 2.

Bls. 132. Fálkagata 14. Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Fálkagata 14.

Bls. 133. Fálkagata 15. Kort v.m.: Hluti af korti Mælingadeildar Reykjavíkur frá 1952. Hér tekið eftir: Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi M. Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir: *Borgarhluti 2. Fyrsta greinargerð frá Árbæjarsafni*, bls. 38. Ljósmynd h.m.: Ljósm. Sveinn Þórðarson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, SÞÓ ÁBS 456.

Bls. 134. Fálkagata 16. Hluti af korti Mælingadeildar Reykjavíkur frá 1952. Hér tekið eftir: Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi M. Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir: *Borgarhluti 2. Fyrsta greinargerð frá Árbæjarsafni*, bls. 38.

Bls. 135. Fálkagata 17. Hluti af korti Mælingadeildar Reykjavíkur frá 1952. Hér tekið eftir: Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi M. Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir: *Borgarhluti 2. Fyrsta greinargerð frá Árbæjarsafni*, bls. 38.

Bls. 136. Fálkagata 18. Ljósmynd í einkaeigu.

Bls. 137. Fálkagata 19. Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Fálkagata 19.

Bls. 138. Fálkagata 21. Hluti af korti Mælingadeildar Reykjavíkur frá 1952. Hér tekið eftir: Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi M. Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir: *Borgarhluti 2. Fyrsta greinargerð frá Árbæjarsafni*, bls. 38.

Bls. 139. Fálkagata 23a. Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Fálkagata 23a.

Bls. 140. Fálkagata 27. Teikning v.m.: Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Fálkagata 27. Ljósmynd h.m.: Ljósm. Sveinn Þórðarson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, SÞÓ ÁBS 457.

Bls. 141. Fálkagata 27a. Hluti af korti Mælingadeildar Reykjavíkur frá 1952. Hér tekið eftir: Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi M. Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir: *Borgarhluti 2. Fyrsta greinargerð frá Árbæjarsafni*, bls. 38.

Bls. 142. Fálkagata 30b. Kort: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Tómasarhaga. Samþykkt í bæjarráði þann 24. október 1952. Þór Sandholt Reykjavík, 13. okt. 1952. Borgarskjalasafn Reykjavíkur.

Bls. 143. Fálkagata 32a. Kort: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Tómasarhaga. Samþykkt í bæjarráði þann 24. október 1952. Þór Sandholt Reykjavík, 13. okt. 1952. Borgarskjalasafn Reykjavíkur.

Bls. 144. Fálkagata 36. Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Fálkagata 36.

Bls. 145. Grímsbýr 1-2. Kort og teikning: Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Smyrilsvegur og Þrastargata.

Bls. 146. Grímsbýr 3-4. Kort v.m.: Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Smyrilsvegur og Þrastargata. Ljósmynd h.m.: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Grímsbý (B 1952).

Bls. 147. Grímsbýr 5-6. Kort og teikning: Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Smyrilsvegur og Þrastargata.

Bls. 148. Smyrilsvegur 26. Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Smyrilsvegur 26.

Bls. 149. Þrastargata 1. Kort: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Tómasarhaga. Samþykkt í bæjarráði þann 24. október 1952. Þór Sandholt Reykjavík, 13. okt. 1952. Borgarskjalasafn Reykjavíkur.

Bls. 150. Þrastargata 3. Hluti af korti Mælingadeildar Reykjavíkur frá 1978. Hér tekið eftir eintaki á Minjasafni Reykjavíkur – Árbæjarsafni.

Bls. 151. Þrastargata. Kort og teikning: Byggingarfulltrúi Reykjavíkur: Innlagðar teikningar, Þrastargata biðskýli og söluskáli.

# Dauði Snorra Sturlusonar
eftir Megas

Þeir riðu átján einsog gengur
eftir miðjum Reykholtsdal
með nýja hjálma nýja skildi
nýja skó og troðinn mal

Þeir sungu frekt með fólskuhljóðum
færum Snorra á heljarslóð
og vöktu alla upp á bænum
engum þóttu ljóðin góð

Þeir fóru um allt og undir rúmin
en engan Snorra fundu þó
hann bjó við Fálkagötu og gerði
grín að þessu og skellihló

**Skýrslur Árbæjarsafns**

105 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Snorrabraut, Grettisgata, Rauðarárstígur, Njálsgata* Rvk. 2004.
106 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Ásholt, Brautarholt, Einholt, Háteigsvegur, Laugavegur, Mjölnisholt, Stakkholt, Þverholt.* Rvk. 2004.
107 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Austurstræti, Lækjargata, Skólabrú, Pósthússtræti.* Rvk. 2004.
108 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Mæðragarðurinn og Tjörnin í Reykjavík.* Rvk. 2004.
109 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Framnesvegur, Holtsgata, Seljavegur, Vesturgata.* Rvk. 2004.
110 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Bergstaðastræti, Bjargarstígur, Grundarstígur, Óðinsgata, Spítalastígur.* Rvk. 2004.
111 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Hamarsgerði, Langagerði, Sogavegur, Tunguvegur.* Rvk. 2004.
112 Sólborg Una Pálsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Lambhaga í Reykjavík.* Rvk. 2004.
113 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Snorrabraut, Hverfisgata, Rauðarárstígur, Laugavegur.* Rvk. 2004.
114 Páll V. Bjarnason og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Grandavegur, Eiðsgrandi, Hringbraut, Framnesvegur.* Rvk. 2004.
115 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Gufuness og hjáleigu hennar Knútskots.* Rvk. 2004.
116 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifar í hluta Suðurgötu, Vonarstrætis og Túngötu.* Rvk. 2004.
117 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Páll V. Bjarnason, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun og fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs tónlistar-og ráðstefnuhúss við Reykjavíkurhöfn.* Rvk. 2005.
118 Sólborg Una Pálsdóttir: *Fornleifaskráning Bakka og Bakkakots á Kjalarnesi.* Rvk. 2004.
119 Páll V. Bjarnason og Guðfinna Ósk Erlingsdóttir: *Húsakönnun. Laufásvegur, Hringbraut, Smáragata, Njarðargata.* Rvk. 2004.
120 Páll V. Bjarnason og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Holtsgata, Bræðraborgarstígur, Sólvallagata, Vesturvallagata.* Rvk. 2004.
121 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Þjóðleikhússreitir.* Rvk. 2004.
122 Páll V. Bjarnason og Guðfinna Ósk Erlingsdóttir: *Húsakönnun. Barónsstígur, Bergþórugata, Vitastígur, Njálsgata. Rvík. 2004.*
123 Páll V. Bjarnason og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Verkamannabústaðirnir við Hringbraut.* Rvk. 2005.
124 Helga Maureen Gylfadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Pétur H. Ármansson: *Húsakönnun. Ægisíða 50–98 (sléttar tölur).* Rvk. 2005.
125 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Aðalstræti, Vallarstræti, Thorvaldsensstræti, Kirkjustræti.* Rvk. 2005.
126 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Vonarstræti, Templarasund, Kirkjutorg, Skólabrú, Lækjargata.* Rvk. 2005.
127 Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Pétur H. Ármannsson: *Húsakönnun. Grettisgata, Snorrabraut, Laugavegur, Rauðarárstígur.* Rvk. 2005.
128 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Hverfisgata, Laugavegur, Rauðarárstígur, Skúlagata.* Rvk. 2005.
129 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Frakkastígur, Bergþórugata, Vitastígur.* Rvk. 2006.
130 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning lóðar Háskóla Reykjavíkur. Öskjuhlíð – Nauthóll.* Rvk. 2006.
131 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Frakkastígur, Grettisgata, Vitastígur, Bergþórugata.* Rvk. 2006.
132 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Austurstræti, Pósthússtræti, Hafnarstræti, Lækjargata.* Rvk. 2006.
133 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Kringlan, Listabraut, Kringlumýrarbraut, Miklabraut.* Rvk. 2006.
134 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Lindargata 50 – 62.* Rvk. 2007.
135 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Seljavegur, Ánanaust, Holtsgata, Vesturgata.* Rvk. 2007.
136 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur fyrir Rauðavatn.* Rvk. 2007.
137 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Skólavörðustígur, Kárastígur, Frakkastígur.* Rvk. 2007.
138 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Baldursgata, Þórsgata, Njarðargata, Freyjugata.* Rvk. 2008.
139 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdasvæðinu.* Rvk. 2008.